Íslenskar konur eru ekki með neitt væl

Eskimo markaðssetur hina íslensku konu með merkinu e-label

Börnin hans Friðriks best

Fréttablaðið bað málsmetandi aðila um að tilnefna bestu og verstu kvikmyndir Íslandssögunnar

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. apríl 2008 — 113. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

RÖKSTÓLAR

Illugi Gunnarsson og Jónsi myndu vilja vera í mafíu með Garðari Thór Cortes og Bjarna Ármanns

28

SKYNÖRVANDI MYNSTUR OG LOÐFELDIR HJÁ ÍTÖLSKUM HÖNNUÐUM

LÚXUSHIPPAR

STÍLL 46

Stjórnvöld vilja skýringar á stuðningi við Austurríki

Framkvæmdastjóri SÞ segist vona innilega að Austurríki nái kjöri í öryggisráðið. Austurríki keppir gegn Íslandi og Tyrklandi um laus sæti í ráðinu. Íslensk stjórnvöld munu óska eftir skýringum á ummælum hans.

UTANRÍKISMÁL Íslensk stjórnvöld ætla að óska eftir skýringum á ummælum Bans Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna (SÞ), sem sagði í viðtali við austurrískt vikurit vonast til þess að Austurríki nái kjöri í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

Skilja má ummælin svo að framkvæmdastjórinn sé að taka afstöðu með Austurríki, sem keppir gegn Íslandi og Tyrklandi um tvö laus sæti í öryggisráðinu. Kosningabaráttan er nú að ná hámarki, en kosið verður um sætin í október.

„Persónulega vona ég innilega að Austurríki nái kjöri,“ er meðal annars haft eftir Ban í vikuritinu Profil. Ban er þar í viðtali í tilefni af heimsókn hans til Austurríkis, þar sem hann heimsækir meðal annars skrifstofur SÞ í Vín.

„Ef rétt er haft eftir aðalframkvæmdastjóranum er um að ræða mál sem ekki eingöngu snertir Ísland heldur einnig öll önnur aðildarríki,“ segir Kristín Árnadóttir, kosningastjóri framboðs Íslands til öryggisráðsins.

„Aðildarríkin hljóta að gera þá kröfu til aðalframkvæmdastjórans að hann sýni fyllsta hlutleysi og forðist með nokkru móti að lýsa yfir stuðningi við sum aðildarríki á kostnað annarra,“ segir hún.

Kristín segir að íslensk stjórnvöld muni óska eftir skýringum á orðum Bans. Hafi austurríska blaðið haft ranglega eftir honum, eða hafi eitthvað skolast til í þýðingu á viðtalinu yfir á þýsku, verði það væntanlega leiðrétt.

Hans Winkler, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis Austurríkis, segir Ban hafa persónuleg tengsl við Austurríki, enda hafi hann áður verið sendiherra Suður-Kóreu í landinu.

Winkler segir Ban hafa lýst persónulegri skoðun, en í hlutverki sínu sem aðalframkvæmdastjóri SÞ geri hann auðvitað ekki upp á milli aðildarþjóða. - bj / sjá síðu 6

MÓTMÆLI Ungur tíbetskur drengur var klæddur upp sem Panchen Lama, næstæðsti andlegi leiðtogi Tíbeta, í mótmælum í Nýju-Delí í gær. Í kringum hann eru mótmælendur í gervi kínverskra hermanna, en Panchen Lama var rænt af kínverskum yfirvöldum árið 1995 og hefur ekki sést síðan. Hann hefði orðið nítján ára í gær. NORDICPHOTO/AFP

Talsmaður vörubílstjóra:

Sturla auglýsir fyrir olíufélag

AUGLÝSINGAR „Jú, jú, það má segja að þetta sé sérkennilegt í ljósi þess sem síðar varð. En það var bara hringt niður á Þrótt og beðið um einhvern flottan bíl,“ segir Sturla Jónsson, vörubílstjóri og byltingarforingi.

Sturla og frægur Volvo VN 670 byltingartrukkur hans voru í lykilhlutverki þegar Fíton, í samvinnu við Saga Film, gerðu mikla auglýsingu fyrir olíufyrirtækið N1. Það skýtur skökku við í ljósi þeirra atburða sem síðar urðu – þar sem Sturla leiðir baráttu fyrir lækkun olíuverðs. „Ég er náttúrulega ekkert í stríði við olíufurstana. Ég er í stríði við ríkisstjórnina,“ segir Sturla.

Auglýsingin byrjar þannig að Sturla gengur að trukki sínum ræsir vélarnar, kveikir ljósin og allt hefst. Og undir dúndra tónar frá hljómsveitinni Queen: Don't Stop Me Now. Leikstjórar eru þeir Sammi og Gunni. Sturla er ánægður með auglýsinguna sem slíka þótt verðið á olíu sé honum ekki að skapi. - jbg/sjá síðu 54

VEÐRIÐ Í DAG



Norðanhret Í dag fer lítið fyrir sumarveðri á landinu, sérstaklega norðanlands. Talsverður vindur, snjókoma og frost er spáin fyrir norðurhelming landsins, en sunnanlands verður hlýrra og bjart suðvestantil.

VEÐUR 4

Kaupmáttur launatekna rýrnaði um tæpt prósent á einu ári:

Verðbólgan gleypir launin

EFNAHAGSMÁL „Þetta þýðir að launahækkanir halda ekki í við verðbólguna,“ segir Rannveig Sigurðardóttir, forstöðumaður greiningar og útgáfu í Seðlabankanum.

Kaupmáttur launatekna rýrnaði um 0,9 prósent milli mars í fyrra og mars í ár. Launavísitalan hækkaði um 7,8 prósent milli ára, en verðbólgan jókst hins vegar um 8,7 prósent. Þetta, segir í Hagvísum Seðlabankans, hefur ekki gerst frá því í apríl árið 2000.

Bent er á, þessu til skýringar, að stórir hópar hafi ekki fengið launahækkanir um síðustu áramót, auk þess sem verðbólga sé nú mikil.

Greining Glitnis spáir því að verðbólgan aukist enn og verði í þessum mánuði 10,2 prósent. En þótt kaupmáttur rýrni nú almennt, hefur hann rýrnað hjá stórum hópum launafólks undanfarin ár.

Þannig hefur um helmingur skrifstofufólks upplifað kaupmáttarrýrnun undanfarin þrjú ár.

Hins vegar hafa laun stjórnenda að jafnaði hækkað töluvert umfram verðbólgu undanfarin þrjú ár. - ikh / Sjá síðu 12

MYLLAN
HEIMILIS BRAUÐ
Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð
- brauðið sem allir á heimilinu velja

NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Kletthálsi 11 | www.bilathing.is

OPIÐ til 20 alla daga í öllum verslunum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS



Þorsteinn, er þetta ólöglegt brottkast á eggjum?

„Nei, bara fínn bissness fyrir mig."

Eggjum var kastað að lögreglumönnum í átökunum í Norðlingaholti í vikunni. Þorsteinn Sigmundsson er formaður Félags eggjabænda.

Borgarstjóri segir fimmtán mánaða gamlan kaupsamning hafa verið bindandi:

Sala á Fríkirkjuvegi samþykkt

SVEITARSTJÓRNIR Borgarráð samþykkti í gær að selja félaginu Novator, sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, Fríkirkjuveg 11 fyrir 650 milljónir króna.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir að bindandi kaupsamningur um viðskiptin hafi verið gerður fyrir fimmtán mánuðum. Hann hafi í upphafi verið andvígur hugmyndinni um sölu hússinu enda hafi aðgengi almennings að Hallargaðinum ekki verið tryggt. „Ég lét þá bóka að það væri óheppilegt að samþykkja söluáformin þar sem þau væru ekki nægilega vel undirbúin. Það hafa reynst orð að sönnu, því síðan er liðið eitt og hálft ár án þess að söluferlinu ljúki," segir í bókun borgarstjóra sem almenningi nú hafa verið tryggt óskert aðgengi að Hallargarðinum.

HALLARGARÐURINN Nýr eigandi vill samstarf við alla borgarbúa um uppbyggingu í Hallargarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þorleifur Gunnlaugsson úr Vinstri grænum, sem einn greiddi atkvæði gegn sölunni, segir í bókun að Reykjavíkurborg sé að afsala sér forræðis yfir Hallargarðinum öllum. „Hér tekur steininn úr þegar auðmenn fá slík forréttindi til afnota," segir Þorleifur.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Thors, segir í tilkynningu að nú geti allir velunnarar húsins og Hallargarðsins snúið bökum saman. „Vonast félagið eftir góðu og farsælu samstarfi við borgaryfirvöld og borgarbúa alla við þá uppbyggingu sem laða mun almenning á nýjan leik að þessum fallega stað í miðbæ Reykjavíkur." - gar

Birgir Páll í Færeyjum:

Áfrýjar ekki fangelsisdómi

DÓMSMÁL Birgir Páll Marteinsson hefur ákveðið að áfrýja ekki sjö ára fangelsisdómi sem hann fékk í Færeyjum, fyrir fíkniefnasmygl. Ekki var ljóst hvort saksóknari myndi áfrýja þegar blaðið fór í prentun. Ef af því verður er ljóst að Birgir Páll mun gagnáfrýja, segir Ólavur Jákup Kristoffersen, verjandi hans.

Ólavur segir að Birgir hafi óttast að dómurinn yrði þyngdur ef hann áfrýjaði. Þá þrái hann að komast til Íslands, en ef hann hefði áfrýjað hefði setið í fangelsi í Danmörku eða Færeyjum þangað til málið yrði tekið fyrir. Það gæti tekið hálft til eitt ár. - kóp

Dýrkeypt orð um eggjakast:

Segist hafa misst tiltrú og hættir

FJÖLMIÐLAR „Mín skoðun er sú að blaðamaður er ekkert ef hann hefur ekki trúverðugleika. Þar sem einhverjir voru farnir að efast um hann var ekki um annað að ræða," segir Lára Ómarsdóttir sjónvarpsfréttakona sem í gær sagði upp og hætti störfum á Stöð 2.

LÁRA ÓMARSDÓTTIR

Lára sagði upp í kjölfar umdeildra ummæla sinna um að hún gæti ef til vill fengið mótmælendur á Norðlingaholti á miðvikudag til að haga eggjakasti sínu þannig að það hentaði útsendingu á Stöð 2. Lára segir þetta aðeins hafa verið gráglettið grín. Steingrímur Sævarr Ólafsson, fréttastjóri Stöðvar 2, sagði í gær að ákvörðun Láru væri rétt. - gar

Rof á ljósleiðara í gær:

Hellissandur og Rif án Netsins

VESTURLAND Ljósleiðari milli Ólafsvíkur og Hellissands rofnaði laust fyrir hádegi í gær.

Rofið varð við Hólmgeirsá og hafði þau áhrif að Internet- og GSM-sambandslaust varð á Hellissandi og Rifi mestanpart gærdagsins.

Ráðist var í viðgerð á ljósleiðaranum samstundis og lauk henni laust fyrir klukkan 18. - kg

REYKJAVÍK

Lækka hámarkshrað víðar

Borgarráð hefur falið umhverfis- og samgönguráði að gera tillögur um fjölgun svæða í íbúðarhverfum þar sem hámarkshraði verði 30 kílómetrar á klukkustund. Einnig á að gera áætlun um fjölgun „mislægra göngutengsla".

UMFERÐ STÖÐVUÐ Krakkarnir settust sumir á götuna og stöðvuðu þannig umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

LÍFSGLAÐIR Nokkrir ungir menn hófu það sem þeir kölluðu „spaugileg mótmæli". FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hundrað unglingar lokuðu Miklubraut

Hópur unglinga lokaði umferð vestur Miklubraut við gatnamót Kringlumýrarbrautar í gær í mótmælaskyni. Lögregla ruddi götuna eftir nokkurt þóf.

MÓTMÆLI Fjöldi fólks sat fastur í umferðinni þegar ríflega eitt hundrað unglingar lokuðu allri umferð vestur Miklubraut við gatnamót Kringlumýrarbrautar í ríflega klukkustund. Mótmælin höfðu verið auglýst á Netinu og smáskilaboð gengið á milli. Boðað var til andúðar undir fyrirsögninni „Látum ekki berja niður lýðræðið".

Ungmennin söfnuðust saman um tvöleytið og á sama tíma hafði hópur unglinga ákveðið að gera sér glaðan dag og efna til „spaugilegra mótmæla". Þeir mættu með hárkollur og skrautleg mótmælaspjöld, gáfu súkkulaði og hvöttu alla til að skemmta sér vel.

Brátt fjölgaði í hópnum, krakkar langt undir fermingu flykktust að og ljóst var að stefndi í einhvern hasar.

Ungmennin lokuðu umferð á tveimur akreinum; beygjuakreinum til hægri inn Kringlumýrarbraut. Annarri umferð var leyft að halda áfram fyrsta kastið, en eftir því sem fjölgaði í hópnum var fleiri akreinum lokað uns allt var stopp.

MÓTMÆLT Ýmsu var mótmælt og fólki var misheitt í hamsi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tveir lögreglumenn mættu á svæðið og reyndu að tala um fyrir krökkunum, sem létu sér ekki segjast. Eftir mikið þóf var kallað út aukalið. Á endanum var gatan rudd og umferð komst í samt lag.

Mótmælin voru af ýmsum toga. Sumir töluðu um hátt bíóverð, aðrir að allt væri svo dýrt, einhverjir nefndu bílstjóra og aðrir sögðust mótmæla öllu.

Bílstjórar virtust flestir taka þessu vel þótt einhverjir hefðu á orði að mótmælendur væru svo ungir að árum að hátt bensínverð truflaði þá varla.

kolbeinn@frettabladid.is

SVÍVIRÐILEG GJALDTAKA

„Ég er að mótmæla þessari svívirðilegu gjaldtöku sem ríkisstjórnin stendur fyrir," segir Karl Jóhannsson. „Þegar maður fær útborgað eru lagðir skattar á allt, skattur á bensín, skattur í bíó og allt. Á hverju á maður eiginlega að lifa?"

LÖGREGLA OF HARKALEG

„Ég er hér til að mótmæla háu bensínverði og ekki síst allt of harkalegum aðgerðum lögreglu á miðvikudag," segir Kristrún Pétursdóttir.

„Við sýnum hér að við tökum líka þátt í þessu og segjum okkar skoðun. Þetta er algjört rugl!"

Aðgerðir gegn kreppu vestra:

Bush flýtir skattendurgreiðslum

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti því yfir í gær að byrjað yrði að greiða út áður boðaðan skattaafslátt strax á mánudag, öllu fyrr en áformað hafði verið. Þetta væri gert í því skyni að hjálpa bandarískum almenningi að standa af sér hækkanir á eldsneytis- og matvælaverði og forða bandarísku efnahagslífi frá kreppu.

„Frá og með mánudegi munu áhrif efnahagshvatapakkans byrja að ná til milljóna heimila um land vort þvert og endilangt," sagði Bush í ávarpi í Hvíta húsinu. - aa

VAKT Lögregla hefur vaktað kínverska sendiráðið í ómerktum bíl síðustu daga.

Mótmæli við sendiráð Kína:

Ástandinu í Tíbet mótmælt

MÓTMÆLI Félagsskapurinn Vinir Tíbets mun standa fyrir mótmælum fyrir utan kínverska sendiráðið við Víðimel klukkan 13 í dag.

Í fréttatilkynningu segir að tilgangur mótmælanna sé að minna á að heimurinn fylgist grannt með ástandinu í Tíbet og einnig til að heiðra Panchen Lama, næstæðsta Lama Tíbeta, sem var rænt í æsku af kínverskum yfirvöldum þegar hann var sex ára gamall.

Lögregla hefur að ósk kínverska sendiráðsins vaktað sendiráðið allan sólarhringinn síðustu tvær vikur. Ekki er vitað til þess að hótanir hafi borist sendiráðinu. - kg

Úrskurður úrskurðarnefndar um samninga um Tónlistarhús stendur:

Þurfa að opinbera samninga

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur úrskurðað að samningar um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík verði gerðir opinberir, að undanskildum tilgreindum upplýsingum.

Forsaga málsins er sú að Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. og Klasi hf. buðu í sérleyfi til að byggja og reka húsið, ásamt Portusi hf., sem fékk verkið. Fyrirtækin tvö óskuðu eftir afriti af samningunum, en því var neitað. Úrskurðarnefnd upplýsingamála komst að þeirri niðurstöðu að fyrirtækjunum bæri aðgangur að samningunum. Reykjavíkurborg, Portus og Ríkiskaup kærðu þann úrskurð til héraðsdóms sem sýknaði Klasa og Fasteign og nú hefur Hæstiréttur staðfest þann dóm.

Ríkið og Reykjavíkurborg stofnuðu á sínum tíma með sér einkahlutafélagið Austurhöfn – TR. Samningur þess við Portus var gerður þann 9. mars 2006 og kynntur samdægurs í borgarráði sem trúnaðarmál. Fyrirtækin kröfðust afrits af samningnum með bréfi 22. mars sama ár og nú, rúmum tveimur árum síðar, er kominn botn í málið með úrskurði Hæstaréttar.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skilaði séráliti, en hann telur að ekki þurfi að veita aðgang að samningnum. - kop

SAMNINGAR OPINBERIR Þessir samningar skulu opinberaðir að mestu. Frá undirritun 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Gólfið á veitingastaðnum Silfur er 20 mm þykkt gegnheilt Hörning parket frá P.O.G.
Parketið er úr wenge og eik, límt beint á stein og svo er yfirborðið slípað og lakkað.
P.O.G. býður upp á vaxtalaus lán til eins árs.
Fáðu sýnishorn hjá okkur.

Ármúla 23
108 Reykjavík
sími 568 1888
Njarðarnesi 4
603 Akureyri
sími 464 7878
www.pog.is

P.O.G.
PARKET OG GÓLF

GENGIÐ 25.04.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	73,53	73,89
Sterlingspund	146,07	146,79
Evra	114,69	115,33
Dönsk króna	15,366	15,456
Norsk króna	14,304	14,388
Sænsk króna	12,281	12,353
Japanskt jen	0,7039	0,7081
SDR	119,59	120,31

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 147,9984

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Endanleg úrslit kosninganna í Nepal orðin ljós:

Maóistar fá þriðjung á þingi

NEPAL, AP Maóistar, sem árum saman háðu harða uppreisnarbaráttu gegn konungsstjórninni í Nepal, hafa fengið 220 þingsæti á stjórnlagaþinginu, sem kosið var til 10. apríl síðastliðinn.

Þeir verða því ráðandi afl á þinginu, sem verður skipað 601 þingmanni, og verða líklega í fararbroddi nýrrar ríkisstjórnar. Bandaríkjastjórn telur maóistana í Nepal enn til hryðjuverkasamtaka.

Stjórnlagaþingsins bíður það verkefni að semja nýja stjórnarskrá fyrir Nepal, ásamt því að stjórna landinu þar til ný stjórnskipan hefur verið tekin upp.

TILKYNNTI ÚRSLITIN Bhoj Raj Pokherel, formaður kjörstjórnar, skýrði í gær frá úrslitum þingkosninganna í Nepal. NORDICPHOTOS/AFP

Endanleg úrslit kosninganna lágu fyrir í gær. Næststærsti flokkurinn verður Congress-flokkurinn með 110 þingmenn, en flokkur kommúnista, sem höfðu meirihluta á bráðbirgðaþinginu sem setið hefur í vetur, fær aðeins 103 þingmenn.

Þreifingar maóista við þessa tvo flokka um stjórnarmyndun hafa enn sem komið er lítinn árangur borið. Báðir flokkarnir hafa sakað maóista um að hafa beitt kjósendur ofríki á kosningadag, meðal annars staðið fyrir barsmíðum gegn andstæðingum sínum og komið í veg fyrir að frambjóðendur flokkanna tveggja hafi komist á kjörstað eða getað stundað kosningabaráttu. - gb

Uppgjör Mosaic Fashions hf.:

Tap ársins 2.350 milljónir króna

VIÐSKIPTI Tap Mosaic Fashions hf. á nýafstöðnu rekstrarári nemur 30,2 milljónum punda (4,4 milljörðum króna) fyrir skatta. Eftir skatt nemur tap ársins 16,3 milljónum punda (tæplega 2,4 milljörðum króna). Engu að síður jókst sala um 49 prósent.

Viðsnúningur frá fyrra ári er mikill þegar fyrirtækið skilaði 10,7 milljóna punda hagnaði eftir skatta.

Í tilkynningu kemur fram að tap ársins skýrist af niðurgreiðslum lána upp á 12,8 milljónir punda og afskriftum á viðskiptavild, í kjölfar kaupa félagsins á Rubicon Retail. - óká

Félög innan BSRB saman í viðræður

BSRB-félögin samþykktu í gærmorgun að fara í samflot og var Ögmundi Jónassyni falið að koma á samningafundi. Félög innan BHM hafa ítrekað farið fram á samningafund með samninganefnd ríkisins en ekkert svar fengið.

KJARAMÁL Stéttarfélögin innan BSRB gengu frá því í gærmorgun að félagið fari sameiginlega í samningaviðræður við samninganefnd ríkisins og freisti þess að ná skammtímasamningi. Félag framhaldsskólakennara og stéttarfélög innan BHM ætla þó að halda sínu striki og semja hvert fyrir sig. „Það er fullreynt að við verðum ekki í samfloti allir opinberir starfsmenn," segir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, stéttarfélags í almannaþjónustu.

Á BSRB-fundinum var Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB, falið að koma á fundi með samninganefnd ríkisins í næstu viku. Ögmundur segir að samningafundurinn hafi verið boðaður á föstudaginn kemur. „Þetta verður okkar fyrsti formlegi samningafundur," segir hann. „Við ætlum að láta á það reyna hvort unnt sé að ná skammtímasamningi við ríkið."

Samninganefnd ríkisins lagði í síðustu viku fram tilboð um kjarasamning sem gildir fram á haustið 2011. Samkvæmt því hækkar dagvinnutaxti um 18 þúsund krónur 1. maí, um 13.500 krónur 1. maí 2009 og 6.500 krónur 1. janúar 2010. Orlofsuppbót verður 24.300 krónur á þessu ári, 25.200 krónur 2009, 25.800 krónur 2010 og 26.200 krónur 2011.

Gert er ráð fyrir að desemberuppbót hækki um 44.100 krónur á þessu ári, 45.600 krónur á næsta ári og 46.800 krónur árið 2010. Í byrjun mars á næsta ári verði fjallað um framlengingu samningsins fyrir tímabilið 2009-2011 og þá þurfi kaupmáttur launa að hafa haldist

FUNDUR Í NÆSTU VIKU Félögin innan BSRB hafa ákveðið að fara í samflot í kjaraviðræðunum sem í hönd fara og hafa falið Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB, að koma á fundi með samninganefnd ríkisins. Fundur hefur verið boðaður á föstudaginn í næstu viku. Ekki hefur verið boðaður samningafundur með samninganefndum félaga innan BHM. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Við erum ekki sátt við þessa framgöngu og viljum vinna að því að klára þetta í ljósi þess að samningar eru lausir um mánaðamótin.
>
> **INGA RÚN ÓLAFSDÓTTIR**
> FORMAÐUR SAMNINGANEFNDAR HUGGARÐS OG LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS.

eða aukist. Tólf mánaða verðbólga þarf þá að vera lægri en 5,5 prósent í desember og sex mánaða verðbólga á tímabilinu ágúst 2008 til janúar 2009 lægri en 3,8 prósent.

Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Huggarðs og Ljósmæðrafélags Íslands, óskaði eftir samningafundi 17. apríl til að ræða tilboð ríkisins en hefur ekkert svar fengið. „Við vorum búin að lýsa því yfir við samninganefnd ríkisins að ekkert annað samflot væri í boði af okkar hálfu en það sem er nú þegar með ljósmæðrum hér í Huggarði. Við viljum fá þann samningafund sem við eigum rétt á," segir hún. Og Inga Rún segist enn bíða eftir viðbrögðum Gunnars Björnssonar, formanns samninganefndar ríkisins. „Við erum ekki sátt við þessa framgöngu og viljum vinna að því að klára þetta í ljósi þess að samningar eru lausir um mánaðamótin."

Ekki hefur náðst í Gunnar síðustu daga. ghs@frettabladid.is

LESIÐ Í LAUGINNI Plastaðir bókahlutar og ljóð fljóta um í pottum og laugum Sundlaugar Seltjarnarness í dag.

Ræktun líkama og sálar:

Lesið í lauginni á Seltjarnarnesi

FÓLK Lesið í lauginni, bókmenntadagskrá í tilefni af alþjóðlegri viku bókarinnar verður í Sundlaug Seltjarnarness í dag.

Höfundar koma og lesa upp úr verkum sínum ásamt leikurum og bæjarbúum. Gestum verður boðið upp á hressingu auk þess sem ókeypis aðgangur verður að sundlauginni og að líkamsræktarstöð World Class allan daginn. Dagskráin hefst klukkan 10.30 og stendur til klukkan 19.30. - ovd

Tilkynning á uppsögn:

Biðin ekki að ósk Þórhildar

STJÓRNSÝSLA Sú ákvörðun að bíða með tilkynningu á uppsögn Þórhildar Líndal, mannréttindastjóra Reykjavíkur, var ekki að hennar ósk. Marta Guðjónsdóttir, formaður mannréttindaráðs, sagði svo í gær. Þórhildur hættir 1. maí, en uppsögnin var tilkynnt síðasta miðvikudag.

ÞÓRHILDUR LÍNDAL

„Ég hafði miklar væntingar til starfsins og vildi byggja upp öfluga skrifstofu, en því miður hefur sú ekki orðið reyndin. Mannréttindaskrifstofan hefði mátt skipa stærri sess innan borgarkerfisins," segir Þórhildur.

Ekki er ákveðið hvað hún tekur sér fyrir hendur. - kóp

Minnihlutinn í borgarstjórn:

Ráðningabann hjá borginni?

SVEITARSTJÓRNIR Borgarráðsfulltrúar minnihluta Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknarflokks segja mannréttindaskrifstofu borgarinnar verða óstarfhæfa frá 1.maí þegar Þórhildur Líndal mannréttindastjóri og eini starfsmaður skrifstofunnar láti af störfum.

„Borgarstjóri virðist hafa sett á ráðningabann í mannréttindamálum þar sem ekki hefur verið ráðið í þrjár nýjar stöður á mannréttindaskrifstofuna sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir," segir í bókun minnihlutans: „Sú óstjórn sem nú ríkir hjá meirihlutanum í borgarstjórn er komin á það stig að ekki tekst að halda grunnstarfsemi borgarinnar gangandi." - gar

Vinstri grænir í Kópavogi:

Telja óperuhús of stórt á Holtið

SVEITARSTJÓRNIR Ólafur Þór Gunnarsson, fulltrúi VG í bæjarráði Kópavogs, segir óperuhús ekki komast fyrir á Borgarholti eins og fyrirhugað er.

„Ekki verður með góðu móti hægt að koma fyrir slíku mannvirki þar án þess að gjörbreyta ásýnd þess. Mjög verður þrengt að annarri starfsemi, bílastæðamál ekki leyst og gengið nærri friðlýstu svæði," segir í bókun sem Ólafur lagði fram á bæjarráðsfundi. „Vinstri grænn hvetja eindregið til þess að eigi að halda áfram með verkefnið verði fundin önnur staðsetning, sem tryggi að verkefnið fái þá reisn sem því ber án þess að skyggja á og skaða þá starfsemi sem fyrir er í bænum." - gar

Sumarferð til Barcelona



13.-16. júní
Fararstjóri: Halldór Stefánsson
Verð á mann í tvíbýli
65.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á hóteli með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.
Nánar á expressferdir.is „Sumarferð til Barcelona"
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

VEÐURSPÁ

Elín Björk Jónsdóttir Veðurfræðingur

ÉLJAGANGUR NORÐANLANDS Hitanum er misskipt á landinu í dag og talsverður mismunur á landshlutum. Á sunnanverðu landinu má búast við 7-10 stiga hita, en 3-8 stiga frosti norðanlands.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	15°
Billund	14°
Ósló	10°
Stokkhólmur	14°
Gautaborg	13°
London	18°
París	20°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	19°
Berlín	22°
Alicante	23°
Mallorca	19°
Bassel	20°
Eindhoven	26°
Las Palmas	16°
New York	30°
Orlando	19°
San Francisco	13

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

SJÓNVÖRP TILBOÐ

Dantax

Dantax 40LCDV7
40" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 2.000:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 149.990

enox.

Enox LTV7315HD
15" LCD SJÓNVARP me› 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12V og 220V, 12w Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

UNITED

United LTV20L42
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Digital Comb Filter, 10w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 49.990

MIRAI

Mirai DTL522P201
22" LCD BREIÐTJALD með 1680x1050 punkta upplausn, ChroMAX, Progressive Scan, HD Ready,700:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

UNITED

United LTW27W63
27" LCD BREI‹TJALDSSJÓNVARP me› 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam Stereó hljó›kerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr.109.990

DynaPiX 3D Cinema Sound

JVC LT32A80ZU
32" LCD BREI‹TJALD með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix myndtækni, HD Ready, 1.200:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 24w Nicam Stereó hljóðkerfi með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr.129.990

JVC DynaPiX 3D Cinema Sound

JVC LT42A80ZU
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., DynaPix HD, 100 Hz Clear Motion Drive, HD Ready, 1.500:1 skerpu, 20w RMS MaxxAudio Nicam Stereó hljóðk., 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 169.990
FULLT VERÐ kr. 189.990

GRUNDIG

Grundig LXW1178735REF
46" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 3 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ 199.990
FULLT VERÐ kr. 349.990

PHILIPS Powered by Ambilight

Philips 42PFL9900D - Toppurinn frá Philips!
42" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með Aurea, 1920x1080 punkta uppl., Perfect Pixel HD, Ambilight Spectra, Digital Natural Motion, HD og Progressive Scan, HD Ready, 8.000:1 skerpu, Active Control og ljósskynjara, 100Hz Clear LCD, innb. digital DVB-T mótt., 48w Nicam stereó með 26 hátölurum, 2 Scart, 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnart.tengi, Coax út og USB tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 429.990
FULLT VERÐ kr. 599.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfiringabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

KJÖRKASSINN

Verður Eyþór, sigurvegari Bandsins hans Bubba, stórstjarna?

Já	49,1%
Nei	50,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér rétt hjá Láru Ómarsdóttur fréttamanni að segja upp starfi sínu?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Xinhua-fréttastofan segir Kínastjórn fallast á viðræður við fulltrúa Dalai Lama:

Fréttinni tekið með fyrirvara

KÍNA, AP Kínastjórn féllst í gær á að fulltrúar hennar ættu fund með fulltrúa útlagastjórnar Tíbeta sem Dalai Lama fer fyrir. Með þessu virðast ráðamenn í Peking vera að bregðast við áskorunum ráðamanna hvaðanæva úr heiminum í kjölfar óeirðanna í Tíbet í mars.

„Í ljósi ítrekaðra beiðna af hálfu Dalai-liða um að viðræður yrðu teknar upp að nýju mun þar til bær deild alríkisstjórnarinnar hafa samband og samræður við einkafulltrúa Dalai á komandi dögum," hafði kínverska ríkisfréttastofan Xinhua eftir ónafngreindum talsmanni Kínastjórnar.

Ekki var nánar tilgreint hvar og hvenær þessar boðuðu viðræður myndu fara fram, né heldur hverjir nákvæmlega myndu taka þátt í þeim.

Forsætisráðherra tíbetsku útlagastjórnarinnar á Indlandi sagðist ekki hafa fengið neina formlega staðfestingu á þessari frétt Xinhua og sagði ástæðu til að taka henni með fyrirvara.

„Dalai Lama er ávallt reiðubúinn til viðræðna en þær aðstæður sem nú ríkja í Tíbet virðast ekki gefa viðeigandi grundvöll fyrir uppbyggilegar viðræður," tjáði forsætisráðherrann, Samdhong Rimpoche, AP í aðsetri útlagastjórnarinnar í Dharmsala. - aa

SAMDHONG RIMPOCHE Samdhong er forsætisráðherra tíbetsku útlagastjórnarinnar á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftirmálar átaka við lögreglu:

Grjótkastari gómaður

LÖGREGLA Maðurinn sem kastaði grjóti í lögreglumann í átökunum í Norðlingaholti var tekinn í gær. Tveir köstuðu grjóti á miðvikudaginn, annar náðist strax, en sá sem hitti lögregluþjóninn gekk laus þar til í gær.

Ýmsu fleiru var kastað í lögregluna og voru egg þar mest áberandi. Lögreglan hafði einhver afskipti af eggjakösturum á svæðinu.

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri telur ólíklegt að nokkrir eftirmálar verði af eggjakastinu. Sá sem kastaði í lögregluþjóninn á hins vegar kæru yfir höfði sér. - kóp

Tveir „Gullmolar" til sölu

Ford 350 árgerð 2005,
ekinn 30.095 km + Sunlite 865 WS pallhýsi
árgerð 2005.
Verð: 5.300.000

Elnagh húsbíll, háþekja
árgerð 2006
Ekinn 8.893 km
Verð: 4.300.000

Opnunartími:
Mánudaga - föstudaga 10 - 18
Laugardaga og sunnudaga 13 - 16

Hobbyhúsið ehf - Dugguvogi 12 - 104 Reykjavík - S: 517 7040
www.hobbyhusid.is

Framkvæmdastjóri SÞ styður Austurríki

Framkvæmdastjóri SÞ vonar að Austurríki vinni kosningar um sæti í öryggisráði SÞ. Íslensk stjórnvöld vilja skýringar framkvæmdastjórans. Ný könnun sýnir að sýnir að konur eru líklegri til að styðja framboð Íslands en karlar.

UTANRÍKISMÁL „Persónulega vona ég innilega að Austurríki nái kjöri," sagði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna (SÞ), í viðtali við austurríska vikuritið Profil nýverið.

Ummælin féllu þegar Ban var spurður um framboð Austurríkis til öryggisráðs SÞ. Þar keppir Austurríki um tvö laus sæti í ráðinu við Ísland og Tyrkland. Túlka má ummæli Ban sem stuðning við framboð Austurríkis.

Ban sagði Austurríki ætíð hafa verið mikilvægt aðildarríki SÞ. Landið væri meðal rausnarlegustu greiðenda í sjóði SÞ, og hafi tekið þátt í mörgum friðargæsluverkefnum. Þannig hafi landið unnið sér virðingu aðildarríkja SÞ.

„Þar af leiðandi vona ég að ríkisstjórnir og sendierindrekar í SÞ veiti Austurríki brautargengi í tímabundið sæti í öryggisráðinu," sagði Ban.

Kosið verður milli Íslands, Austurríkis og Tyrklands um tvö laus sæti í Öryggisráðinu í október.

„Ef rétt er haft eftir aðalframkvæmdastjóranum er um að ræða mál sem ekki eingöngu snertir Ísland heldur einnig öll önnur aðildarríki" segir Kristín Árnadóttir, kosningastjóri framboðs Íslands til öryggisráðsins.

Íslensk stjórnvöld vilja skýringar á ummælunum. Þau íhuga að óska eftir símafundi við framkvæmdastjórann strax, og fundi í eigin persónu þegar hann snýr aftur til höfuðstöðva SÞ í New York.

Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, segir ekki rétt að gera of mikið úr ummælum Ban.

„Ég vænti þess að hann óski öllum frambjóðendum góðs gengis. Ég tek þetta ekki þannig að hann sé að gera upp á milli frambjóðenda í þeim skilningi," segir Bjarni. brjann@frettabladid.is

HEIMSÆKIR AUSTURRÍKI Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, er nú í heimsókn í Austurríki. Í gær heimsótti hann alþjóðlegan barnaskóla í Vín. NORDICPHOTOS/AFP

FRAMBOÐ TIL ÖRYGGISRÁÐS SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Niðurstaða kannana í apríl 2008 og september 2005 um afstöðu til framboðs Íslands til Öryggisráðsins



KONUR STYÐJA FRAMBOÐ ÍSLANDS

Konur eru mun líklegri en karlar til að styðja framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup fyrir utanríkisráðuneytið.

Samkvæmt könnuninni eru 46,5 prósent landsmanna hlynntir framboði Íslands til Öryggisráðsins. Um 36,1 prósent sögðust andvíg framboðinu. Um 17,4 prósent sögðust hvorki hlynnt því né andvíg.

Konur eru líklegri til að styðja framboðið en karlar. Alls sögðust 53,5 prósent kvenna hlynntar framboðinu, og 27,1 prósent sögðust andvígar. Stuðningur karla var mun minni. Alls sögðust 40,4 prósent karla hlynntir framboðinu, en 44 prósent á móti.

Utanríkisráðuneytið hefur látið kanna stuðning við framboðið reglulega frá miðju ári í fyrra. Afstaða almennings hefur haldist nokkuð stöðug á þeim tíma.

Stuðningur við framboðið hefur þó aukist frá því í september 2005. Þá studdu um 28 prósent framboðið, en um 53 prósent voru á móti.

Könnun Capacent Gallup var símakönnun með 1.380 manna úrtaki. Þátttakendur voru valdir handahófskennt úr Þjóðskrá. Svarhlutfall var 61,3 prósent. - bj

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Verksmiðja sem breytir koltvísýringi í metanól mun rísa á Reykjanesi:

Gæti gert Ísland óháð olíu

ORKUMÁL Mannvit hf. og íslensk-ameríska fyrirtækið Carbon Recycling International ehf. hafa undirritað samstarfssamning um hönnun og byggingu verksmiðju sem breytir koltvísýringsútblæstri frá jarðvarmavirkjunum í metanól, fljótandi eldsneyti fyrir bíla og önnur farartæki. Verður verksmiðjan sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

Vonast er til að framleiðsla á slíku eldsneyti geti í framtíðinni gert Ísland óháð olíu og minnkað útblástur koltvísýrings, auk þess sem framleiðsla jarðvarmavirkjana verði nýtt á arðbærari hátt en verið hefur.

METANÓL Vonast er til að framleiðsla metanóls minnki útblástur koltvísýrings.

Mannvit hf. mun annast verkefnastjórnun við hönnun og byggingu verksmiðjunnar, sem mun rísa á Reykjanesi. Árleg afkastageta hennar verður 4,5 milljón lítrar af metanóli sem blandað verður bensíni í hlutföllunum 5 á móti 95. Sú blanda hækkar oktangildi eldsneytisins, stuðlar að hreinni brennslu, betri nýtingu og eykur afl bensínbíla. Samkvæmt áætlun mun bensínblandan standa ökumönnum á höfuðborgarsvæðinu til boða frá og með maí á næsta ári.

Carbon Recycling International er í eigu íslenskra og bandarískra fjárfesta. Fyrirtækið rekur starfsemi í Bandaríkjunum en höfuðstöðvar þess eru í Reykjavík. -kg

20% AFSLÁTTUR

af ÖLLUM
barnafatnaði
& leikföngum

föstudag, laugardag og sunnudag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir maðurinn sem sló lögreglumann á Kirkjusandi?*
2. *Hvaða íslenskur söngvari verður myndaður fyrir tímaritið Vogue?*
3. *Hvort telja fleiri eða færri í skoðanakönnun Fréttablaðsins að hagur þeirra vænkist næsta árið?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Um 1.200 manns starfa og búa á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli:

Fjörutíu fyrirtæki nú starfandi

SAMFÉLAGSMÁL Um 1.200 manns búa í dag á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og um 300 til viðbótar hyggjast hefja þar störf á næstu mánuðum. Alls munu því um 1.500 manns starfa og búa á svæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar innan skamms tíma. Þar eru starfrækt hátt á fjórða tug fyrirtækja.

Aðalfundur þróunarfélagsins var haldinn í gær en félagið starfar eftir þeirri stefnu að umbreyta varnarsvæðinu í vísindasamfélag. Stjórn félagsins telur að umbreytingarferlið hafi gengið vonum framar. Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs er að byggja upp háskólastarfsemi á svæðinu, Base vinnur að uppbyggingu Tæknivalla þar sem fjölbreytt starfsemi hefur skotið rótum og fyrirtækið Verne vinnur að verkefni um að hýsa tölvubúnað, netþjóna og gagnageymslur fyrir alþjóðlega stórnotendur. Efnahagleg áhrif þeirra verkefna sem eru hafin hlaupa á tugum milljarða, að mati stjórnar félagsins. Mörg önnur verkefni eru á teikniborðinu svo sem heilsutengd uppbygging.

FRÁ VARNARSVÆÐINU Fjöldi starfa tapaðist þegar varnarliðið hvarf á brott en uppbygging á svæðinu gengur vonum framar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hagnaður þróunarfélagsins nam 131 milljón króna árið 2007. Heildareignir félagsins voru bókfærðar á 314 milljónir króna. Skuldir félagsins námu 252 milljónum króna. Eigið fé félagsins nam 62 milljónum króna í árslok. - shá

Nýtt leikfang í Úkraínu:

Dúkka í líki Adolfs Hitler

ÚKRAÍNA Leikfangaframleiðandi í Úkraínu býr sig nú undir að setja á markað dúkku í líki Adolfs Hitler.

Samkvæmt frétt á Ananova verður dúkkan fyrst í stað fáanleg í Kiev, höfuðborg Úkraínu, og verður um 40 sentímetrar að hæð. Hægt verður að hreyfa handleggi Adolfs upp og niður og dúkkunni fylgja búningar frá hinum ýmsu skeiðum í lífi einræðisherrans. Einnig verða fáanlegir ýmsir fylgihlutir, til dæmis smáútgáfa af Blondi, hundi Hitlers.

Öll jákvæð umfjöllun um nasisma er bönnuð samkvæmt lögum í Úkraínu. - kg

Rússneska þingið:

Frekari hömlur á fjölmiðlana

RÚSSLAND, AP Rússneska þingið hefur samþykkt nýjar hömlur á fréttamiðla. Stjórnvöldum verður nú heimilað að stöðva starfsemi fjölmiðla sem birta ærumeiðingar og rógburð.

PÚTÍN FORSETI

Nýju lögin eru bein viðbrögð við frétt, sem rússneska dagblaðið Moskowsky Korrespondent birti nýverið um Vladimír Pútín forseta. Þar var því haldið fram að Pútín væri skilinn við eiginkonu sína og hafi í hyggju að kvænast 24 ára gamalli fimleikastjörnu, Alinu Kabajevu.

Bæði Pútín forseti og Kabajeva, sem nú er þingkona, hafa harðneitað þessum fréttum. - gb

Alþjóðleg hönnunarkeppni um háspennumöstur:

Gangandi risi vann

TÆKNI Hinn gangandi risi bar sigur út býtum í alþjóðlegri samkeppni um hönnun háspennulínumastra sem Landsnet stóð fyrir. Það var austurríski arkitektinn Sebastian Krehn sem átti vinningstillöguna.

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir að tillögurnar verði þróaðar áfram í samvinnu við höfunda. „Uppsetning fer svo eftir þeim verkefnum sem liggja fyrir, en við sjáum þetta fyrir okkur í tengslum við verkefni eins og Helguvík og einnig ef af framkvæmdum í Þorlákshöfn og Húsavík verður.

HINN GANGANDI RISI Vinningstillagan, ásamt fleirum, er til sýnis í húsnæði Landsnets að Gylfaflöt 9.

Alls bárust 98 gildar tillögur í keppnina. Verðlaun fyrir fyrsta sætið voru 15 þúsund evrur. Í umsögn um vinningstillöguna segir að burðarvirki hennar sé fallegt og lifandi og sótt í mannslíkamann.

Önnur verðlaun, tíu þúsund evrur, hlaut Young-ho Shin frá Suður Kóreu. „Við sjáum fyrir okkur að kannski yrðu sett niður eitt eða tvö möstur af þeirri gerð, sem skúlptúr," segir Þórður.

Þórður telur að samkeppnin muni ekki hafa áhrif á kröfur um að strengir fari í jörðu. - kóp

STJÓRNARANDSTÆÐINGUM SMALAÐ Í BÍL Lögreglan handtók hundruð manna og hirti gögn um talningu atkvæða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árás á stjórnarandstöðu

Lögreglan í Simbabve réðist í gær á skrifstofur stjórnarandstæðinga. Hundruð manna handteknir og gögn gerð upptæk. Óvissa um framtíð Mugabes.

SIMBABVE, AP Lögreglan í Simbabve réðst í gær alvopnuð inn á skrifstofur stjórnarandstæðinga og óháðra kosningaeftirlitssamtaka í höfuðborginni Harare. Á báðum stöðum varð fólk fyrir barsmíðum lögreglunnar og hundruð manna voru handtekin.

Lögreglan lagði hald á gögn um talningu atkvæða á báðum skrifstofunum. Um 200 manns voru handtekin á skrifstofu Morgan Tsvangirais, helsta leiðtoga stjórnarandstöðunnar.

Formaður og varaformaður kosningaeftirlitssamtakanna ZEZN voru báðir fjarverandi þegar ráðist var inn á skrifstofur þeirra. Formaðurinn, Noel Kutuwa, segir að þeir séu í felum og sakar lögregluna um að grafa undan samtökunum svo þau verði ófær um að hafa eftirlit með seinni umferð forsetakosninga, sem stjórnin vill að verði haldnar en stjórnarandstaðan er andvíg.

Daginn áður en árásirnar voru gerðar höfðu bandarískir embættismenn fullyrt að Tsvangirai hafi sigrað í forsetakosningunum 29. mars síðastliðinn.

Landsmenn bíða enn eftir að úrslit kosninganna verði gerð opinber. Tsvangirai hefur ítrekað fullyrt að hann hafi sigrað, en Robert Mugabe forseti hefur ekki viljað staðfesta ósigur.

Fyrir aðeins fáeinum dögum kom ZANU-PF, flokkur Mugabes forseta, með tilboð um að stjórnarandstaðan og Mugabe myndu skipta með sér völdum, þannig að Mugabe yrði leiðtogi þjóðstjórnar. Stjórnarandstaðan hafnar hins vegar öllum slíkum tillögum og segir að Tsvangirai sé ótvíræður sigurvegari kosninganna.

Sjálfur hefur Mugabe ekkert gefið í skyn um að hann muni sætta sig við slíkt, en í Simbabve og víðar í Afríku hafa síðustu daga heyrst raddir um að hann eigi sem gömul frelsishetja skilið að geta látið af embætti með einhverri reisn, þrátt fyrir harðstjórn og mannréttindabrot sem hann er sakaður um að hafa framið síðustu árin.

Jafnvel úr röðum flokksmanna Mugabes hafa heyrst slíkar hugmyndir. Margir óttast að eina leiðin til að tryggja framtíð landsmanna í Simbabve sé að tryggja Mugabe örugga framtíð.

„Maðurinn vekur upp kenndir sem stangast á," sagði Tsvangirai nýlega í viðtali. „Umbreytingin sem hefur orðið á honum, frá hetju yfir í skúrk, á sér engin fordæmi."

gudsteinn@frettabladid.is

Mildi að enginn skyldi slasast í Vestmannaeyjum:

Löndunarkrani gaf sig

VESTMANNAEYJAR Mildi þykir að enginn hafi slasast þegar löndunarkrani gaf sig í Vestmannaeyjum í gær.

Unnið var að löndun úr skipinu Kap VE-4 þegar bóma kranans fór í sundur og féll á skipið. Lúga á skipinu skemmdist. Sigurður Friðbjörnsson, verksmiðjustjóri hjá Vinnslustöðinni, sagði það vinnureglu að menn færðu sig frá þegar híft er svo enginn hafi verið nálægt þegar kraninn gaf sig. - ovd

KRANINN BROTINN VIÐ KAP VE-4 Löndunarkraninn, um átta ára gamall, fór í sundur við löndun úr Kap VE-4. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Ímyndaðu þér stað .....

Gravity Zero

- Gravity Zero er einn öflugasti stillanlegi botninn á markaðnum.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meira en algengasti mótorinn er.
- Meiri kraftur, hljóðlaus, meiri hraði og engin bilun.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni - ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- Hljóðlátt og öflugt.
- Hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðarstilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður sem læknatæki frá Nemko - Þýskalandi.
- Mótor í Gravity Zero er viðukenndur af Nemko - Þýskalandi.
- Pillowtop m/ 2 nuddmótorum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind

....þar sem erfiði dagsins er létt af þér

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

FÖSTUDAGURINN LANGI Í JERÚSALEM Rétttrúnaðarkirkjan í austanverðri Evrópu hélt föstudaginn langa heilagan í gær. Í Jerúsalem minntust menn pínu Krists og báru krossa í kirkjur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkeppniseftirlitið segir Fiskmarkað Íslands hafa brotið lög:

Gert að greiða tíu milljónir

SAMKEPPNISMÁL Fiskmarkaður Íslands hf. misnotaði markaðsráðandi stöðu sína með því að tvinna saman kaup á fiski og slægingu á fiski og raska þannig samkeppni á uppboðsmarkaði fyrir fiskafurðir, samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlistins frá því á miðvikudag.

Fiskmarkaðnum var gert að greiða tíu milljónir í stjórnvaldssekt vegna brotsins.

Í ákvörðunarorðum Samkeppniseftirlitsins segir að kaupendur að fiski á fiskmarkaðnum voru neyddir til þess að kaupa slægingu sem þeir höfðu ekki óskað eftir á óslægðum fiski sem þeir höfðu keypt á markaðnum. „Með því var eðlilegri samkeppni á uppboðsmarkaði fyrir fiskafurðir raskað. Þá hafði háttsemi Fiskmarkaðarins einnig samkeppnishamlandi áhrif á markaði fyrir slægingu þar sem sá fiskur sem fiskkaupendur höfðu keypt óslægðan var slægður í slægingarþjónustu Fiskmarkaðarins," segir í ákvörðunarorðum Samkeppniseftirlitsins.

FISKVINNSLA Fiskmarkaður Íslands var sektaður fyrir að tvinna saman kaup á fiski og slægingu fisks. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkeppniseftirlitið kemst einnig að því að Reiknistofa fiskmarkaða hf. hafi brotið gegn samkeppnislögum með því að láta þann sem kvartaði til samkeppniseftirlitsins vegna gruns um brot, Frostfisk ehf., á sérstakan „válista" vegna ógreiddra slægingarskulda. Félagið sem lenti á válista var útilokað frá viðskiptum á Fiskaneti Reiknistofu fiskmarkaða þar til skuldin hafði verið greidd. - mh

Forseti Íslands:

Baugur fékk verðlaun

VERÐLAUN Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands veitti fyrirtækinu Baugi útflutningsverðlaun forseta Íslands á miðvikudag. Jón Ásgeir Jóhannesson stjórnarformaður Baugs veitti þeim viðtöku á Bessastöðum.

Þetta var í 20. sinn sem verðlaunin eru veitt og af því tilefni voru veittar þrjár heiðursviðurkenningar. Þær komu í hlut Einars Benediktssonar, fyrrum sendiherra, dr. Rögnvalds Ólafssonar dósents og Bjarkar Guðmundsdóttur tónlistarmanns.

Forseti segir Baug hafa hlotið verðlaunin fyrir forystuhlutverk í íslensku útrásinni. - jse

HÁVAÐI HEFUR MIKIL ÁHRIF Á FÓLK Hægt er að bregðast við hávaðamengun með ýmsum hætti en til þess þarf pólitískan stuðning og skýra stefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/EOL

Áhrif hávaða á íbúa borga:

Hávaðamengun hættuleg

HEILBRIGÐISMÁL Hávaðamengun í borgum getur valdið hjarta- og æðasjúkdómum, eyrnasuði, svefntruflunum, greindarskerðingu og lakari námsárangri barna.

Kom þetta fram á ráðstefnunni Noise in the City sem haldin var nýlega í Amsterdam í Hollandi. Voru þar birtar bráðabirgðaniðurstöður Alþjóðaheilsustofnunarinnar (WHO) um áhrif hávaðamengunar í borgum á heilsufar fólks. Eru þar nefndir margvíslegir orsakaþættir ónæðis, eins og bílaumferð, flugvélaumferð, járnbrautir og byggingaframkvæmdir. Þá voru einnig kynntar aðferðir til að draga úr hávaða með umferðarstýringu, hljóðbæru malbiki, einangrun bygginga, hljóðtálmum og betra umferðarskipulagi. -ovd

Fjármögnun stórra verkefna áhyggjuefni nýs meirihluta

Nýr bæjarstjórnarmeirihluti hefur verið myndaður í Bolungarvík. Elías Jónatansson, oddviti sjálfstæðismanna, sest í bæjarstjórastólinn. Fjármál sveitarfélagsins eru áhyggjuefni nýs meirihluta. Fyrir dyrum stendur að fjármagna stór verkefni sem voru þrætuepli innan fráfarandi meirihluta.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Elías Jónatansson, oddviti sjálfstæðismanna, sest í stól bæjarstjóra á Bolungarvík um miðja næstu viku og ætlar að láta það verða sitt fyrsta verk að grandskoða fjármál sveitarfélagsins. Nýr meirihluti A-lista Afls til áhrifa og Sjálfstæðisflokks var myndaður á fimmtudagskvöld.

Elías telur nauðsynlegt að skoða fjármál sveitarfélagsins svo það sé skýrt í huga nýs meirihluta hver staðan raunverulega er. „Það eru mörg verkefni í gangi hér á staðnum sem ekki hefur verið lokið við að fjármagna. Það er áhyggjuefni hjá okkur að því sé ekki lokið og því okkar fyrsta verk að fara yfir fjármálin í heild sinni." Elías nefnir að miklar framkvæmdir séu fyrirhugaðar. Þar eru efst á blaði snjóflóðavarnagarður, vinna við höfnina á staðnum og nýtt félagsheimili.

Málefnasamningur hefur verið undirritaður með fyrirvara um samþykki fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélagana í bænum og flokksfélags A-lista. Anna Guðrún Edvardsdóttir oddviti A-lista verði formaður bæjarráðs. Þá mun forseti bæjarstjórnar koma úr röðum sjálfstæðismanna.

ELÍAS JÓNATANSSON

Nýr meirihluti er myndaður af Sjálfstæðisflokknum og listanum Afl til áhrifa sem Anna Guðrún Edvardsdóttur leiðir. Um klofningsframboð frá Sjálfstæðisflokknum er að ræða.

Anna Guðrún segir að fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 2006 hafi ekki verið sátt innan Sjálfstæðisflokksins um þau málefni sem vinna ætti að á kjörtímabilinu. „Ég lagði áherslu að haldin væru íbúaþing og reynt að gera stjórnsýsluna opnari fyrir bæjarbúum. Það náðist ekki sátt um það." Anna Guðrún segir að í nýjum málefnasamningi hafi A-listi náð fram þeim áherslum sem lögð voru til grundvallar í kosningunum 2006. Eins og verðandi bæjarstjóri leggur Anna Guðrún áherslu á fjármál sveitarfélagsins vegna þess að aðstæður hafi breyst gríðarlega á markaði á sama tíma og eftir er að fjármagna stór verkefni. „Við höfum ekki fengið hljómgrunn hjá K-lista um þær áhyggjur okkar og undir kraumaði líka óánægja um fleiri mál sem við munum skýra á næstunni."

FRÁ BOLUNGARVÍK Nýr meirihluti hefur verið myndaður af Sjálfstæðisflokki og A-lista sem var klofningsframboð úr flokknum í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006. MYND/BIRGIR ÞÓR

Þögul mótmæli voru við ráðhúsið í bænum í gær þegar á milli tuttugu og þrjátíu manns létu í ljós óánægju sína með meirihlutaslitin, og eins að Grímur Atlason verði ekki lengur bæjarstjóri sveitarfélagsins.

svavar@frettabladid.is

Aðalfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn mánudaginn 19. maí kl. 16:00 í Landsbankanum, Hafnarstræti 5, 4. hæð.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Önnur mál

Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt á setu á aðalfundi Íslenska lífeyrissjóðsins. Stjórn sjóðsins hvetur alla sjóðfélaga til að koma á fundinn og taka þannig virkan þátt í starfseminni.

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins

Landsbankinn

Grímur Atlason, fráfarandi bæjarstjóri á Bolungarvík:

Fjármálin ekki ástæða meirihlutaslitanna

„Það er merkilegt að það hafi tekið viku að finna þennan ásteytingarstein. Fyrst var olíuhreinsunarstöð nefnd til sögunnar sem ágreiningsmál fráfarandi meirihluta, síðan Soffía Vagnsdóttir og hennar starfsemi. Allir sjá hversu hjákátleg sú skýring var", segir Grímur Atlason, fráfarandi bæjarstjóri Bolungarvíkur. Grímur segir fjármál bæjarins ekki ástæðu meirihlutaslita og allir viti að rekstur bæjarfélagsins hafi verið erfiður. „Fjárhagsáætlun hefur verið í endurskoðun og allir hafa verið sammála um hvernig að þeim málum yrði staðið og ég hafna þessari eftiráskýringu."

ÁSTÆÐA MEIRIHLUTASLITA A- OG K-LISTA

Anna G. Edvardsdóttir, oddviti A-listans, sleit meirihlutasamstarfi A- og K-lista. Hún segir ástæðuna vera umsvif Soffíu Vagnsdóttur, oddvita K-lista, í atvinnurekstri í bænum. Þau hafi verið of mikil og fari ekki saman við starf bæjarfulltrúa. Kjarnabúð ehf., fjölskyldufyrirtæki Soffíu, gerði nýlega samning við Ósafl, samstarfsfyrirtæki Íslenskra aðalverktaka og Marti Contractors upp á um hundrað milljónir. Hann felur það í sér að Kjarnabúð ehf. mun sjá starfsmönnum fyrir mat og gistingu meðan á gerð Bolungarvíkurganga stendur yfir.

Soffía Vagnsdóttir hefur lýst því yfir að atvinnurekstur sinn sé ekki ástæða meirihlutaslitanna, eitthvað annað búi undir.

Árekstur á Akranesi:

Stungu af frá árekstri

LÖGREGLUMÁL Ökumaður og farþegi fólksbifreiðar hlupu af vettvangi eftir árekstur bifreiðarinnar og sendibifreiðar á Kirkjubraut á Akranesi um klukkan átta á fimmtudagskvöldið.

Við áreksturinn kastaðist sendibifreiðin á ljósastaur og skemmdist nokkuð. Ökumaður hennar kenndi til eymsla í fæti og var fluttur á sjúkrahúsið á Akranesi til skoðunar.

Ökumaður fólksbifreiðarinnar gaf sig fram við lögreglu í gærmorgun þar sem tekin var skýrsla af manninum og honum sleppt að því loknu. - ovd

Hvatningar- og átaksverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands vel tekið:

Hafa sparað 46 þúsund lítra af bensíni

HEILBRIGÐISMÁL Vinnustaðakeppnin Hjólað í vinnuna fer fram 7. til 23. maí næstkomandi, en þetta er í sjötta sinn sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) stendur fyrir keppninni.

Hafa landsmenn tekið þessu hvatningar- og átaksverkefni afar vel og hefur þátttakendum fjölgað um 1.275 prósent frá því keppnin var fyrst haldin árið 2003. Þá voru keppendur 533 talsins en 7.333 í fyrra. Hefur keppnisliðum fjölgað úr 71 í 913, eða um 1.186 prósent.

Árið 2007 hjóluðu þátttakendur 417.106 kílómetra, sem jafngildir 311 hringjum í kringum landið og hálfum hring betur, eða vel á ellefta hring í kringum jörðina. Með framtaki sínu má áætla að þátttakendur hafi sparað tæplega 46 þúsund lítra af bensíni, rúmlega áttatíu tonn af koltvísýringsútblæstri og brennt tólf milljón hitaeiningum.

FRÁ UNDIRRITUNINNI Í GÆR Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ og Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, ásamt aðstandendum keppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Samstarfssamningur vegna átaksins Hjólað í vinnuna 2008 var í gær undirritaður af Ólafi Rafnssyni, forseta ÍSÍ og Rannveigu Rist, forstjóra Alcan á Íslandi, en Alcan er aðalstyrktaraðili keppninnar í ár. Aðrir samstarfsaðilar ÍSÍ eru Lýðheilsustöð, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Umferðarstofa, Rás 2, Eskill, Örninn, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og Landssamtök hjólreiðamanna. Á síðunni www.isi.is má fylgjast með keppninni. - ovd

URRIÐI Veiðileyfi hafa oft hækkað í verði eftir að veiði í ám hefur verið boðin út. MYND/EINAR SÆMUNDSSEN

Þingeyjarsýsla:

Tilboða óskað í silungsveiðina

VEIÐI Veiðifélag Laxár og Krákár í Þingeyjarsýslu auglýsti nýlega eftir tilboðum í silungsveiði á starfssvæði félagsins fyrir árin 2009 til 2013 að báðum árum meðtöldum.

Eru þetta nokkur tíðindi meðal veiðimanna en fram til þessa hafa bændur sjálfir haldið utan um sölu veiðileyfa og umsjón með ánum. Nær útboðið til alls veiðisvæðisins, beggja stóru urriðasvæðanna ofan virkjunar í Mývatnssveit og Laxárdal. Þá nær útboðið einnig til umsjónar með veiðihúsunum að Hofi og Rauðhólum. Tilboðsfrestur rennur út föstudaginn 2. maí. - ovd

Ættingjar ólöglegra innflytjenda:

Fá tímabundin dvalarleyfi

BANDARÍKIN, AP Bandarísk stjórnvöld hafa í hyggju að veita ólöglegum innflytjendum sem misstu ættingja í árásunum 11. september 2001 tímabundið dvalarleyfi.

Alls er um 25 manns að ræða sem misstu maka eða foreldra í árásunum. Fólkið hefur hlotið bætur frá hinu opinbera, að meðaltali nærri 150 milljónir króna, en hefur átt erfitt með að ráðstafa fénu vegna óvissu um lagalega stöðu sína.

Lögfræðingar fólksins hafa jafnvel hikað við að veita hinu opinbera upplýsingar um það af ótta við brottvísun úr landi. - gb

FINNLAND

Finnarnir koma heim

Flogið var heim til Finnlands í gær með fyrstu þrjú líkin úr rútuslysinu sem varð á Spáni fyrr í mánuðinum, þar sem níu Finnar létu lífið og nítján slösuðust..

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hraðakstur í Ölfusinu

Lögreglan á Selfossi stöðvaði átján ára ökumann bifreiðar eftir að bíll hans mældist á 136 kílómetra hraða á Suðurlandsvegi milli Selfoss og Hveragerðis á fimmtudagskvöldið. Var ökumaðurinn aðeins með tveggja mánaða gamalt ökuskírteini til reynslu sem hann missir, auk þess sem hann þarf að fara aftur í ökunám og taka bílpróf á ný. Þá þarf hann að greiða háa sekt.

Sölusýning
í dag frá 10 til 16

SIEMENS
Fagnaðu sumrinu
með Siemens

Raftæki frá Siemens í miklu úrvali

Í dag, **laugardag**, efnum við til sölusýningar í verslun okkar að Nóatúni 4. Þar gefst tækifæri til að skoða allt hið nýjasta sem við bjóðum, m.a. þráðlausa síma, eldunartæki, kæli- og frystitæki, uppþvottavélar, þvottavélar, þurrkara, ryksugur, smátæki, ýmsar gerðir lampa, rofa- og tenglaefni og dyrasímabúnað frá Siedle. **Fjöldi tilboða** í tilefni dagsins. **Ríflegur staðgreiðsluafsláttur**.

Skoðið öll Tækifæristilboðin á
www.sminor.is.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
5.266 **+1,22%**

Fjöldi viðskipta: 426
Velta: 5.627 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
ÖSSUR	+4,92%	BAKKAVÖR	-0,95%
SPRON	+4,73%	ICELANDAIR	-0,86%
STRAUMUR-BURÐ.	+3,83%	EIMSKIPAFÉLAGIÐ	-0,66%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,34 +0,55% ... Bakkavör 41,90 -0,95% ... Eimskipafélagið 22,70 -0,66% ... Exista 12,30 +2,59% ... FL Group 6,53 +2,51% ... Glitnir 16,75 +0,90% ... Icelandair Group 23,10 -0,86% ... Kaupþing 845,00 +0,96% ... Landsbankinn 31,00 +0,65% ... Marel 90,50 +0,44% ... SPRON 5,09 +4,73% ... Straumur-Burðarás 12,73 +3,83% ... Teymi 4,01 +0,75% ... Össur 98,10 +4,92%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Bein lína

Eins og jafnan fór Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs, á kostum sem fundarstjóri á aðalfundi Landsbankans síðasta vetrardag. Kjartan sló oft á létta strengi milli þess sem hann bar upp misformlegar tillögur til samþykktar. Þegar fundur hófst bað hann fundarmenn um að slökkva á farsímum sínum en lét þess getið um leið að kveikt væri á einum síma í húsinu, nánar tiltekið á háborðinu hjá bankaráðinu. Það væri bein lína til Seðlabankans og stjórn bankans biði í ofvæni eftir einhverjum tíðindum, eins og aðrir...

Eitthvað frágengið?

Litlum fregnum fer af mögulegu útspili stjórnvalda og Seðlabankans til að liðka fyrir fjármögnun íslensku bankanna. Forsætisráðherra hefur gefið í skyn að unnið sé að málinu „baki brotnu" á bak við tjöldin og nú er er fullyrt að einhverjar aðgerðir séu þegar frágengnar, en beðið sé með að tilkynna þær. Eitt af því sem nefnt er í því sambandi, eru lánalínur milli Seðlabanka Íslands og Englandsbanka og eru leiddar líkur að því að þau mál hafi m.a. komið til umræðu á fundi forsætisráðherra landanna í Lundúnum. Bankarnir íslensku hefðu þá möguleika á að draga á slíkar línur, væntanlega gegn veðum í ríkisskuldabréfum eða öðrum verðbréfum, hefðu þeir á annað borð þörf fyrir slíkt. Ekki er þó talið að slík aðgerð ein og sér verði til þess að eyða óvissu um fjármögnun íslenska fjármálakerfisins, en með öðru, t.d. aukningu gjaldeyrisforðans, telja menn að unnt sé að komast yfir erfiðasta hjallann nú þegar margt bendir til þess að botninum hafi verið náð á erlendum mörkuðum...

Microsoft fatast flug á markaði

Gengi bréfa Microsoft féll um allt að 6,4 prósent á Nasdaq í gær eftir að uppgjör félagsins sýndi fram á 24 prósenta samdrátt í sölu á síðasta ársfjórðungi.

Greint er frá því í frétt Bloomberg að tekjur fyrirtækisins af Windows-stýrikerfinu kunni að verða minni en greinendur hafa gert ráð fyrir. Gengi bréfa Microsoft féll í rétt tæpa 29,77 dali á hlut í fyrstu viðskiptum, sem er mesta lækkun bréfanna í tvo mánuði, en þau náðu sér svo á strik aftur.

Microsoft bendir á að hugbúnaðarþjófnaður sé algengur á nýmörkuðum, þar sem mest aukning hefur orðið í sölu vélbúnaðar. - óká

26. apríl - 3. maí

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Þú klippir -við hirðum

Starfsmenn Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar fara um borgina dagana 26. apríl til 3. maí og sækja garðaúrgang. Settu greinar í knippi, annan garðaúrgang í poka og komdu þessu fyrir á áberandi stað við lóðarmörk.

Ekki verða fjarlægð stór tré og trjástofnar. Eingöngu verður fjarlægður garðaúrgangur en ekki laus jarðvegur. Íbúum sem þurfa að losa sig við annað rusl eða muni er bent á Sorpu.

Nánari upplýsingar hjá símaveri í **síma 411 1111**.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 10-12 | www.reykjavik.is/fer

Kaupmáttur rýrnar

Kaupmáttur launafólks dróst almennt saman um næstum einn af hundraði frá mars í fyrra til mars í ár. Þetta hefur ekki gerst frá árinu 2000. Vaxandi verðbólgu er spáð. Þrátt fyrir almenna kaupmáttaraukningu hafa stórir hópar upplifað kjararýrnun undanfarin ár. Helmingur heimila er í mínus um hver mánaðamót.

„Þetta þýðir að launahækkanir halda ekki í við verðbólguna, en á því eru skýringar," segir Rannveig Sigurðardóttir, forstöðumaður greiningar og útgáfu í Seðlabankanum.

Kaupmáttur launatekna rýrnaði um 0,9 prósent milli mars í fyrra og mars í ár. Launavísitalan hækkaði um 7,8 prósent milli ára, en verðbólga var hins vegar 8,7 prósent. Þetta, segir í Hagvísum Seðlabankans, hefur ekki gerst frá því í apríl árið 2000.

Sérfræðingar Seðlabankans segja að alla jafna komi launahækkanir fram um áramót. Svo hafi ekki verið að öllu leyti nú, þar sem samingar stórra hópa voru þá lausir. Áhrif nýgerðra kjarasaminga komi fram um þessar mundir. Hins vegar spáir Seðlabankinn vaxandi verðbólgu, svo ekki er útlit fyrir almenna kaupmáttaraukningu á næstunni.

En þótt kaupmáttur rýrni nú almennt, hefur hann rýrnað hjá stórum hópum launafólks undanfarin ár.

Í haustskýrslu hagdeildar Alþýðusambands Íslands í fyrra kom fram að kaupmáttur rýrnaði hjá næstum 40 prósentum afgreiðslufólks á árunum 2005-07. Kaupmáttur 35 prósenta iðnaðarmanna rýrnaði á árunum 2005-06 og hjá helmingi þeirra árin 2006-07. Kaupmáttur rýrnaði hjá tæplega þriðjungi verkafólks á árunum 2006-07 og hjá 40 prósentum þess árið á undan. Þá varð kaupmáttarrýrnun hjá næstum helmingi skrifstofufólks árin 2005-07.

VIÐ UNDIRRITUN KJARASAMNINGA Í VETUR Verðbólgan hefur undanfarið ár vaxið hraðar en laun fólks. Almennt hefur orðið kaupmáttarrýrnun. Undanfarin ár hafa kjör stórra hópa fólks rýrnað, þrátt fyrir kaupmáttaraukningu að meðaltali. **Fréttablaðið/Anton**

Um 180 þúsund manns eru á vinnumarkaði hér á landi, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Því má ætla að þúsundir, ef ekki tugir þúsunda vinnandi fólks hafi orðið útundan í þenslu undanfarinna ára.

Hagstofan birti nýlega tölur sem sýna að helmingur heimilanna í landinu lifir um efni fram. Tekjulægsti fjórðungur heimila er að jafnaði um 60 þúsund í mínus um hver mánaðamót. Þess má geta að líklega séu námsmenn í þessum hópi. Sá fjórðungur heimila sem hefur næstlægstar tekjur er að jafnaði um tíu þúsund krónur í mínus um hver mánaðamót. **ingimar@markadurinn.is**

GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2008

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík þriðjudaginn 29. apríl 2008 kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Reykjavík 10. apríl 2008,

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

WILLIAM FALL FORSTJÓRI STRAUMS Straumur birtir tölur um afkomu fyrsta ársfjórðungs þessa árs í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kaup Nordea í Straumi hækka verð hlutabréfa

Kaup norræna bankans Nordea á sem nemur tæpum 5,5 prósentum heildarhlutafjár í Straumi Fjárfestingarbanka í gærmorgun urðu til þess að nokkur kaupþrýsingur myndaðist og verð bréfanna hækkaði allskarpt. Straumur hækkaði um rúm 3,8 prósent í viðskiptum dagsins.

Alls keypti Nordea 5.690.000 hluti á gengi sem hljóp á bilinu 12,31 til 12,71 í 11 færslum á tæpum hálftíma frá klukkan rúmlega 10 um morguninn. Markaðsvirði hlutanna nemur tæplega 71 milljón króna. Er talið að bankinn hafi verið að loka skortstöðum fyrir hönd viðskiptavina, en við slíkar aðstæður getur verð hækkað skarpt þegar eftirspurn eftir bréfum eykst skyndilega. Bankinn hefur lokað nokkrum slíkum stöðum á íslenska markaðnum undanfarna daga, bæði í Straumi og Landsbankanum.

Verð hlutabréfa Straums hækkaði lítillega eftir kauphrinu Nordea og endaði í 12,73 krónum á hlut. Alls skiptu rúmlega 62 milljónir hluta um hendur í viðskiptum dagsins. - óká

Vogunarsjóðirnir í hryðjuverkastarfsemi

„Við núverandi krísu á fjármálamörkuðum, þegar fjármálakerfið er í hættu, þá má líkja þessu við fjárhagslega hryðjuverkastarfsemi," segir Neil Barnett, dálkahöfundur Spectator, um hegðun sumra vogunarsjóða.

Hann segir sögu af hluthafa í vogunarsjóði, sem hann þorir ekki að nefna af ótta við lögsókn, sem hringdi í að minnsta kosti tvo einstaklinga sem hafa áhrif á markaði. Þeir fengu að heyra að íslenskir bankar ættu í vandræðum og að innlánareikningar Landsbankans og Kaupþings væru viðkvæmir fyrir áhlaupi. Þetta var á sama tíma og krónan var í frjálsu falli, hlutabréf í bönkunum á niðurleið og skuldatryggingarálög þeirra á uppleið. Breska fjármálaeftirlitið hafi ekki hafið rannsókn á sjóðnum, en þekki til hans.

Sjóðurinn mun ekki vera í hópi þeirra sjóða sem nefndir hafa verið í hérlendum fjölmiðlum í tengslum við gengisfall krónunnar.

Barnett segir mörg dæmi um að sjóður eða hópur sjóða fari gegn fyrirtækjum með skortstöðu og röngum orðrómi.

Skylda ætti sjóðina til að upplýsa um skortstöður sínar, til að koma í veg fyrir markaðsmisnotkun. - ikh

Nýsir boðar tilkynningu

„Við erum bara að vinna að okkar málum," segir Stefán Þórarinsson, stjórnarformaður Nýsis.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur félagið boðið fjárfestum einstakar eignir sínar til sölu.

Stefán hvorki játar því né neitar, en segir að félagið sendi frá sér tilkynningu um stöðu mála. Stefán vill ekki segja hvenær tilkynningin er væntanleg.

Rætt hefur verið um veika stöðu Nýsis, en í upphafi mánaðarins kom fram í tilkynningu til Kauphallarinnar að samið hefði verið við Landsbankann um aðstoð við sölu eigna, fjárhagslega endurskipulagningu og öflun nýs hlutafjár.

Stefán Þórarinsson sagði hins vegar í viðtali við Markaðinn fyrir skömmu að eigið fé félagsins væri ekki uppurið. Unnið væri við að fjármagna hluta skulda en verkefnið væri hluti af reglulegum rekstri árið um kring. Allar vangaveltur um erfiða stöðu séu úr lausu lofti gripnar.

Umsvif Nýsis eru mikil. Félagið vinnur meðal annars við ráðstefnu- og tónlistarhús í Reykjavík í samstarfi við opinbera aðila. Portus stendur að smíðinni, en Nýsir á helmingshlut í félaginu á móti Landsbankanum. Þá rekur Nýsir meðal annars húsnæði Háskólans á Bifröst auk þess að vera með mörg fleiri járn í eldinum, innanlands sem utan. - ikh

FORSTJÓRI NÝSIS Sigfús Jónsson hefur stýrt félaginu ásamt Stefáni Þórarinssyni.

HÚS Í BYGGINGU Kólnandi fasteignamarkaður segir Standard & Poor's að geti rýrt gæði eigna Íbúðalánasjóðs.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kólnandi húsnæðismarkaður þrýstir á

Í neikvæðum lánshæfismatshorfum Íbúðalánasjóðs endurspeglast neikvæðar horfur ríkissjóðs, segir í nýrri umsögn alþjóðlega matsfyrirtækisins Standard & Poor's (S&P). Fyrirtækið sendi í gær frá sér umsögn um stöðu Íbúðalánasjóðs í kjölfar þess að lánshæfi hans var lækkað 17. apríl.

„Við búumst einnig við að kólnandi húsnæðismarkaður á Íslandi geti sett þrýsting á gæði eigna Íbúðalánasjóðs og hagkvæmni reksturs sjóðsins," segir í umsögninni. Þar kemur jafnframt fram að S&P geri ekki ráð fyrir nokkrum þeim breytingum sem dregið gætu úr stuðningi ríkisins við Íbúðalánasjóð fyrr en birt verður lokaniðurstaða EFTA um málefni ríkisins og sjóðsins. Dragi úr stuðningi ríkisins segir S&P það munu þrýsta á um lækkun lánshæfismats á krónuútgáfu sjóðsins. - óká

LOSTÆTI Við innra eftirlit hjá Bakkavör í Bretlandi fannst salmonella í hummus.

Bakkavör innkallar hummus

Bakkavör Group innkallaði í vikunni tvær tegundir af hummusídýfum í Bretlandi, eftir að salmonella fannst í sýni við reglubundið innra eftirlit. Í tilkynningu fyrirtækisins kemur fram að innköllunin hafi verið gerð í varðúðarskyni.

„Mikil áhersla er lögð á öryggis- og gæðamál hjá félaginu og átti Bakkavör frumkvæðið að innkölluninni, en hún er umfangslítil. Um er að ræða einangrað tilvik sem mun ekki hafa áhrif á framleiðslu félagsins á hummusídýfum né öðrum vörum sem félagið framleiðir fyrir viðkomandi viðskiptavini," segir þar.

Fjallað var um innköllunina í breskum fjölmiðlum um helgina, meðal annars í dagblaðinu Guardian, sem sagði þúsundir pakkninga af hummus-ídýfum hafa verið fjarlægðar úr hillum verslana Tescos og Waitrose í Bretlandi. Í frétt frá 23. apríl á vef breska matvælaeftirlitsins (food.gov.uk) er að finna tæmandi lista yfir hummustegundirnar sem innkallaðar voru. - óká

Þægindi **um land allt**

Verið velkomin í **Útilegumanninn, Fosshálsi 5-9** um helgina frá **kl. 12-16.** Við sýnum ykkur hjólhýsin, fellihýsin, pallhýsin og bátana okkar fyrir sumarið 2008.

Á ferðalögum þínum um landið getur þú notið sams konar þæginda og heima hjá þér á öllum uppáhaldsstöðunum þínum. Uppbúið rúm og fyrirtaks aðstaða til að framreiða og njóta yndislegra máltíða fylgja þér hvert sem leið þín liggur **– en útsýnið er aldrei eins.**

ENNEMM / SÍA / NM32701

Polar **hjólhýsin**

Ríkulegur staðalbúnaður

- Alde 3010 lokað vatnshitakerfi í gólfi og undir öllum gluggum
- IDC stöðugleikakerfi
- Sólarrafhlaða 150 wött
- 19” LCD sjónvarp 12/220 volt
- Sjónvarps- / útvarpsloftnet
- DVD/CD spilari & útvarp
- Gasofn m/grilli
- Stór ísskápur m/aðskildum frysti
- Sérstakur vínkælir
- Bakkskynjari, þráðlaus
- 8 cm Tempur yfirdýna í hjónarúmi
- Skyggðir gluggar
- 2 x 75 ampera rafgeymar
- WS 3000 öryggiskúpling á beisli
- Stór opnanleg sóllúga
- Gasúttak f. grill o.fl. úti
- Flugnanet f. gluggum/hurð/sóllúgu
- Gardínur & rúllugardínur
- Eldhúsvifta
- Millihurð f. svefnherbergi
- Handklæðaþurrkari á baði
- Geymsluhólf að utan
- Auka ljóskastarar & ljós inni
- Varadekk m/haldara
- 4 hátalarar fram/aftur
- Dimmir á inniljósum
- Hengi fyrir kojum
- Útdraganleg koja yfir hjónarúmi
- Gasskynjari

Evrópskar þrýstibremsur · 44mm einangrun · iDC stöðugleikakerfi · Sérstakur vínkælir · 19´´LCD skjár · DVD spilari

– Allt til ferðalagsins

Bátar **í úrvali**

Nú um helgina, **26. -27. apríl** tekur Útilegumaðurinn í notkun 500 fermetra glæsilegan bátasýningarsal og mun bjóða upp á eftirtalda báta:

Galeon skemmtibáta, Regal og ChrisCraft hraðbáta, Galía og Karnic sport- & veiðibáta.

Einnig mun Útilegumaðurinn bjóða utanborðsmótora frá heimsþekktum framleiðendum og Tiki-Treiler bátavagna.

Rockwood **fellihýsin**

Ríkulegur staðalbúnaður

- Galvaníseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Radial dekk / 13” álfelgur
- Góð fjöðrun, hentar vel á ísl. vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggðir gluggar
- 2 feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Útilegumaðurinn er sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, hjólhýsi, fellihýsi, pallhýsi, húsbíla, fylgihluti og margt fleira.

Fossháls 5-9 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600
Fax 551 5601 • www.utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®

skoðun

greinar@frettabladid.is

Helmingur heimila eyðir um efni fram

Er ekki allt í lagi með okkur?

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Það var ekki fyrr en á þessu ári að það rann upp ljós fyrir almenningi um að góðæristíðinni væri lokið. Þá var erlendum fasteignamörkuðum og innfluttri fjármagnskreppu kennt um.

Vandamálið er mun eldra, eins og kemur fram í Fréttablaðinu dag, þar sem kaupmáttur rýrnaði á tímabilinu frá því mars í fyrra til mars í ár. Þó svo rýrnun kjara nái ekki einu prósentustigi á þessu tímabili, lítur út fyrir að þetta sé einungis upphafið að erfiðu tímabili með hækkandi verðbólgu.

Íslendingar hafa lifað hátt undanfarin misseri, líkt og góðærið muni vara að eilífu. Auðvelt hefur verið að nálgast lánsfé til að fjármagna kaupin á því sem við áttum ekki fyrir. Það eru skuggalegar tölur Hagstofunnar sem sýna að helmingur heimila lifir um efni fram.

En þegar helmingur heimilanna eyðir meiru um hver mánaðamót en tekjur leyfa er hins vegar kominn tími til að senda þjóðina á fjármálanámskeið.

Rétt er að taka fram að auðvitað er hópur heimila sem lifir við fátækt og hefur síður en svo verið að lifa um efni fram með því að taka af fullum krafti þátt í neyslukapphlaupinu. Þeir allra tekjulægstu ná ekki endum saman um hver mánaðamót af því að þeirra tekjur eru svo skammarlega lágar að þær duga ekki fyrir nauðsynjum.

En þegar helmingur heimilanna eyðir meiru um hver mánaðamót en tekjur leyfa er hins vegar kominn tími til að senda þjóðina á fjármálanámskeið.

Það er erfiður tími framundan hjá þessum heimilum. Ef ekki tekst að halda bókhaldinu í plús í góðærinu, er lítil von til þess að bókhaldið stemmi þegar verðbólgan hefur vaxið enn frekar.

Undir þessum kringumstæðum vex þrýstingur á verkalýðsfélögin um að laun skuli hækka. Það verður erfitt fyrir verkalýðsfélögin að sannfæra sína umbjóðendur, sem nú þegar eru ósáttir við nýgerða samninga, um að taka á sig í raun kjaraskerðingu vegna verðbólgu.

Hingað til hafa forsvarsmenn verkalýðsfélaganna hins vegar talað af mikilli skynsemi og ró; vísað til nauðsynjar á nýrri „þjóðarsátt“ og samstarfs aðila á vinnumarkaði. Nauðsynlegt sé að lágmarka skaðann vegna verðbólgunnar.

Ríkisstjórn, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins munu funda í næstu viku, en enginn hefur lýst því um hvað eigi að ná þjóðarsátt og hvernig það verði framkvæmt. Enginn virðist hafa töfralausnir þegar kemur að efnahagsmálunum. Annað en að treysta á að stýrihækkanir Seðlabankans muni einhvern tímann fara að virka. Rafiðnaðarsambandið vill svo að „vinnumarkaðurinn og aðrir ábyrgir aðilar taki upp Evrópuumræðuna og leiði hana til lykta til hagsbóta fyrir þjóðina“, eins og segir í nýrri ályktun sambandsstjórnar félagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com

COME 2 SCANDINAVIA

Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

FRÁ DEGI TIL DAGS

Spíritistinn Sturla

Trukkaforingjanum Sturlu Jónssyni er margt fleira til lista lagt en að stöðva umferð og kasta grjóti. Í gömlu viðtali sem finna má á Netinu kemur fram að hann er til dæmis rammófreskur og getur beygt skeiðar með hugaraflinu einu saman. Þetta skýrir eflaust hvernig hann fer að því að bera kennsl á hnémeiðsl manna sem hann þekkir ekki neitt. Í viðtalinu kemur einnig fram að eitt sinn hafi ærsladraugur tekið líkama hans traustataki undir stýri, með þeim afleiðingum að fjórir bílar lentu í árekstri. Nú hefur sú kenning verið smíðuð að Björn Bjarnason sé fyrst og fremst í hlutverki kirkjumálaráðherra í máli vörubílstjóra og nýti sér bjargir dómsmálaráðuneytisins í baráttunni gegn villutrú og fordæðuskap.

Hólmarar við Hólmsheiði

Enn af Sturlu Jónssyni. Ekki allir vita að millinafn Sturlu er Hólm, sem setur stutt sjónvarpsviðtal við hann í Norðlingaholti á miðvikudag í nýtt samhengi. Þar spjölluðu við hann þau Svanhildur Hólm og Haukur Holm af Stöð tvö, en í bakgrunni blakti við sjálf Hólmsheiði.

Í takt við tímann

„Ég legg kapp á það að utanríkisþjónustan þróist í takt við nýja tíma,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra í ræðu á þingi fyrir nokkrum vikum. Það er göfugt markmið og ekki úr vegi að hún brýni það fyrir umsjónarmanni vefsíðu utanríkisráðuneytisins. Þar má finna að minnsta kosti tvö dæmi um nostalgíu, í fyrsta lagi að Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins fari með mál „sem tengjast varnarliðinu og veru þess hér á landi“ og í öðru lagi að núverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna sé Kofi Annan.

bergsteinn@frettabladid.is

Forseti Suðurlands

HALLGRÍMUR HELGASON
Í DAG | Minning um mann

Jarðarfarir eru naglarnir í byggingu lífsins. Þær negla þig niður í tilveruna: Hér er þitt líf, í þessu landi á þessum tíma. Líttu út um gluggann og sjáðu; hér og nú er ævi þín. Því henni gæti lokið á morgun.

Allir bændur Suðurlands voru mættir í Selfosskirkju á laugardaginn var, þegar bóndinn í Litlu-Sandvík var borinn til grafar. Setið var með öllum veggjum, inni í safnaðarheimili og frammi í anddyri, og staðið í hverju útskoti. Ég áttaði mig á því að bóndinn sem ég hafði verið í sveit hjá var Forseti Suðurlands. Minningargreinar voru svo margar að Mogginn játaði sig sigraðan. (Því er þessi birt hér.)

Að athöfn lokinni náði biðröðin frá gröf til kirkju. Veðrið var líkt og til heiðurs hinum látna; fjórtán stiga sólskin að loknum hörkuvetri. Aprílsvörðurinn þýður efra en frosinn neðra. Hvítri kistunni var slakað niður í kuldann og þáði svo sjö hundruð krossmörk. Ölfusá rann hjá í pögn. Þegar röðin kom að mér fylltist ég óvæntri reiði yfir því að jörðin skyldi hafa opnast þessum manni.

Páll Lýðsson var óvenjulegur maður. Og enginn venjulegur bóndi. Fyrir fáum árum hitti ég hann nýkominn úr sumarbústað í Selvogi. Hann hafði legið þar í Ilíonskviðu Hómers um vikutíð.

Kannski var hann síðasti bóndi Íslandssögunnar sem stóð undir frægu orði sem fyrrum fór af þeirri stétt; í harðbýlum sveitum Íslands sátu útiharðir bændur sem við fyrstu sýn virtust einfaldir sveitamenn en voru, þegar betur var að gáð, hámenntaðir heimsborgarar sem fyrr en varði voru farnir að ræða klassískar bókmenntir.

Þannig maður var Páll Lýðsson. Víðlesinn og veðurbarinn. Á hverjum vetri las hann allar helstu bækur sem komu út á Íslandi þau jólin. Og skráði þær hugsanir sem síðurnar kveiktu. Ástríðufyllri lesanda þekkti ég ekki. Og sorglega sjaldgæft að hitta mann sem sem hafði jafn mikla trú á bókmenntum og Páll í Sandvík.

Hann var samsettur maður. Grúskari af þjóðlega skólanum sem þó var félagsmálatröll. Bóndi af framsóknarskólanum sem þó var alsjáandi í fyrirtækjarekstri. Og Forseti Suðurlands átti ekki í fórum sínum vott af yfirlæti. Þrátt fyrir alla titla var öðlingur hans aðalstarf.

Og Palli var alltaf hugsi. Tilveran aldrei tómt hey. Hlaða hans var ætíð full, vetur sumar vor og haust. Því hans var innra lífið.

Ég var tvö sælusumur í sveit í Litlu-Sandvík. Skemmtilegur tími á stóru heimili. Og Palli úti í flekk að raka dreif, á lopapeysu og gúmmískóm í glaðasól og hita. „Ég klæði hann af mér.“ Honum leiddust tækin. Ekki man ég eftir honum á traktor. Hinsvegar setti hann drengstaulann á einn slíkan strax fyrsta daginn. Og sagði mér að múga. Svo hann gæti rólegur rakað sína hugardreif.

Ég hafði verið í sveit á öðrum bæjum, og settur á traktor, en gert axarsköft, vegna þess að við því var búist. En Palli treysti mér frá fyrsta degi og bjóst aðeins við því besta. Því fékk hann það. Í lok sumars var enginn betri að bakka fullum heyvagni inn í of litla hlöðu.

En sumarið eftir komu þó stóru mistökin, þegar ég af ævintýralegum klaufaskap ók heimilisjeppanum á símastaur á miðju túni svo sambandslaust varð við Sandvíkurhrepp í heila tvo daga, og búið jafn lengi billaust. Þá kom lífsins lexía frá Páli Lýðssyni. Engar skammir, aðeins æðruleysi hins andlega manns. „Þetta var nú meiri óheppnin,“ var það eina sem hann sagði áður en hann lagðist undir Land Rover-jeppann til að gera við stuðarann. Það tók hann tvö kvöld. Af og til rölti samviskubitinn drengur út í skemmu í þeirri von að fá skammirnar sem hann átti skilið. „Verður þetta örugglega allt í lagi?“ — „Ha? Með hvað?“ kom svarið. Sjálfsagt var minn maður staddur í miðri upprifjun á sögu rjómabúanna.

Æ síðan hefur hún fylgt mér, þessi mynd af dreng í sveit sem þráir skammir fyrir að rjúfa símsamband við sextán bæi og bónda sem er í svo öflugu sambandi við sjálfan sig að hann man ekki hvað drengur hefur gert.

Páll Lýðsson var einstakur maður og gleymist ekki þeim sem þekktu. Hann var einn þeirra fáu sem virðast hafa höndlað þá frægu innri ró. Mér er sem ég heyri anda hans segja, þar sem hann svífur yfir vettvangi lífs síns og snöggum endi þess: „Þetta var nú meiri óheppnin.“

Ég votta Ellu og öllu hans fólki mína dýpstu samúð.

Vörubílstjórum berst stuðningur

UMRÆÐAN
Sigurður Líndal skrifar um mótmæli vörubílstjóra

SIGURÐUR LÍNDAL

Þegar lögregla þarf að hafa afskipti af upphlaupum og óeirðum er það nokkuð fastur liður í öllum fréttum að lögreglan beiti harðræði og sé að minnsta kosti öðrum þræði sökudólgurinn, en ekki óeirðaseggirnir – aðgerðir þeirra hafi verið „friðsamleg mótmæli“. Í samræmi við þetta voru fréttir af átökum sem urðu á Suðurlandsvegi við Norðlingaholt 23. apríl sl.

Ýmsir voru til kallaðir að segja álit sitt og margir töldu lögregluna eiginlega sökudólginn, þar á meðal voru þrír þingmenn. Atli Gíslason sagði reyndar í sjónvarpsfréttum sama kvöld að bílstjórar hefðu gengið of langt, en lögreglan var jafnframt sökuð um að hafa gengið of hart fram og ekki gætt meðalhófs. Steingrímur J. Sigfússon gaf sterklega í skyn að lögreglan hefði beitt óþarfa hörku og Guðjón Kristjánsson varpaði allri sök á lögregluna og taldi viðbrögð hennar fáheyrð. (sbr. Fréttablaðið 24. apríl). – Svo mörg voru þau orð.

Ekki þarf að lýsa aðgerðum vörubílstjóra undanfarið. Lögregla hefur sýnt fádæma langlundargeð, en að því hlaut að koma að það þryti og ofbeldisverkin yrðu stöðvuð, enda almannahagsmunir í húfi. Tilmælum lögreglu var ekki hlýtt og fyrirmælum var fylgt eftir, en aðgerðum var svarað með hnefum, bareflum, grjóti og eggjum.

Nú er eðlilegt að spyrja: hvaða skilaboð eru þingmennirnir að flytja? Í orðum Atla felst naumast annað en grýta megi lögreglumenn í krafti meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins, en óljóst hvenær þeir megi bera hönd fyrir höfuð sér. Steingrímur hefur lögfræðina ekki jafn tiltæka, en af orðum hans má ráða lögreglan eigi að bíða þar til bílstjórum þóknist að opna veginn, en þola grjótkast öðrum kosti. Ósvarað er hins vegar hversu margir lögreglumenn eiga að liggja í valnum áður en þeir mega stjaka við baráttuhetjunum. Guðjón Kristjánsson hefur gefið allsherjar barsmíða-, grjót og eggjaleyfi á lögregluna.

Oft er rætt um vaxandi ofbeldi í þjóðfélaginu. Um hverja helgi flytja fjölmiðlar fréttir af ofbeldisverkum helgarinnar. Árásum á lögreglumenn og öryggisverði fer fjölgandi. Miðbær Reykjavíkur tekur um nætur að líkjast vígvelli sem fólk hættir sér varla inn á. Nýjasta birtingarmynd þessa ástands eru aðgerðir vörubílstjóra og þeim fylgja síðan óstýrilátir unglingar og þar á eftir soraöfl þjóðfélagsins. Þeim hefur nú bætzt stuðningur, beinn og óbeinn úr röðum handhafa löggjafarvalds.

Höfundur er lagaprófessor.

Kjúklingastjórnin

UMRÆÐAN

Sigurjón Þórðarson skrifar um efnahagsmál

Það hefur verið ljóst um nokkra hríð að íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir miklum vanda. Vandinn hefur valdið ólgu meðal almennings og meðal annars birst í kröftugum mótmælum vörubílstjóra.

Rót vandans er augljóslega bankakreppa og rúið traust íslensku bankanna. Á umliðnum árum hafa bankarnir gerst stórtækir í að slá lán á lágum vöxtum í útlandinu og endurlána íslenskum lántakendum á hærri vöxtum. Í lok árs 2005 voru nettóskuldir íslensku bankanna að frádregnum eignum liðlega 1.200 milljarðar. Ýmsum þótti nóg um, s. s. vinaþjóðinni í Danmörku sem varaði Íslendinga við þessari skuldasöfnun. Íslenskir bankar og stjórnmálamenn létu sér þessar viðvaranir danskra sem vind um eyru þjóta og héldu áfram að smala inn í landið erlendu fé sem olli eignaverðbólgu.

Um síðustu áramót var svo komið að skuldir að frádregnum eignum í útlöndum höfðu aukist, sem sagt hafði nettóstaða bankanna versnað um helming og var orðin neikvæð um liðlega 2.500 milljarða. Í kjölfar erfiðleika í efnahagskerfi heimsins og aukinnar áhættufælni fjárfesta var farið að setja spurningarmerki við að endurfjármagna sístækkandi skuldasúpu bankanna. Inn í það voru dregnir ýmsir veikleikar íslenska efnahagskerfisins, s.s. gríðarlegur viðskiptahalli, eignatengsl og uppskrúfað hlutabréfaverð. Þegar innstreymi erlends fjármagns stöðvaðist hríðféll gengi íslensku krónunnar, sem hafði í för með sér hækkandi verðlag.

Aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar

Íslenskir ráðamenn hafa ekki í neinu brugðist við þeim teiknum sem hafa verið á lofti um nokkurt skeið og bera fjárlög ársins 2008 þess glögglega merki, þar sem samþykkt var aukin eyðsla ríkisins upp á um 20 prósent. Fyrstu viðbrögð oddvita ríkisstjórnarinnar þegar efnahagsillviðrið var í þann mund að skella á var að fara í auglýsingaferð og halda því fram á fundum austan hafs og vestan að íslenska bankakerfið væri sterkt, nánast best í heimi.

Forsætisráðherra sagði að það væri best að gera ekki neitt á meðan utanríkisráðherra hélt áfram að jafna óréttlætið í samfélaginu og skipa hálfa kippu af sendiherrum

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

þar sem helmingi fleiri voru konur en karlar. Á sama tíma og ríkisstjórnin getur ekki komið á sáttum við bílstjóra hér heima tók formaður Samfylkingarinnar upp á því að skipa sérstakan sendifulltrúa í Palestínu til þess að lappa upp á heimsfriðinn.

Margir bjuggust við því að ríkisstjórnin hefði ráðið ráðum sínum í löngu páskafríi og myndi kynna þjóðinni yfirvegaðar lausnir á efnahagsvandanum. Því var ekki að heilsa. Yfirmaður efnahagsmála, formaður Sjálfstæðisflokksins, varði fyrstu ræðu sinni á Alþingi í að varpa allri ábyrgð á umrót erlendis, s.s. ýmsa skuldabréfavafninga og einhverja óprúttna aðila sem gerðu atlögu að íslensku efnahagskerfi. Ekki hefur hann losnað úr því fari, horfst í augu við eigin ábyrgð og gripið til aðgerða, heldur bætt fjölmiðlum og stjórnarandstæðingum í hóp meintra sökudólga í málinu.

Þorskinn fram yfir kjúklinginn

Eina ráð Samfylkingarinnar til að lina þjáningar íslensks almennings var að lækka verð á haughoppurum. Varaformaður Samfylkingarinnar hefur reynt að snúa vörn í sókn í efnahagsumræðunni með því að saka einstaka liðsmann stjórnarandstöðunnar um að vilja ekki koma til móts við íslenskan almenning með lækkun kjúklingaverðs vegna umhyggju fyrir nokkrum kjúklingabændum.

Ef í raun á að leysa vandann hlýtur að þurfa að beina sjónum að rótum hans. Ríkisstjórnin reynir með öllum ráðum að tryggja stöðu bankanna. Það kann eflaust að vera nokkuð sárt fyrir íslenskan skatta- og vaxtapíndan almenning að þurfa að horfa upp á stjórnvöld fara í björgunarleiðangur fyrir banka sem hafa misboðið íslenskum almenningi með sérgæsku við stjórnendur og taumlausu óhófi. Ég get ekki betur séð en að ríkið sé nauðbeygt til að tryggja stöðu bankanna með lántökum eða ábyrgðum ef staða þeirra breytist ekki til batnaðar hið fyrsta. Í framhaldinu yrði sett eitthvert mark á að bæta skuldastöðu innlánastofnana við útlönd.

Það er tímabært að Samfylkingin beini sjónum sínum frá kjúklingarækt um hríð og gæti að annarri skepnu, þorskinum, og setjist nú gagnrýnið yfir hvort ekki sé mögulegt að veiða meira. Margt bendir til þess að hægt sé að veiða a.m.k. 250.000 tonn af þorski árlega, og það myndi leiða til þess að gjaldeyristekjur þjóðarinnar ykjust um á að giska 50 milljarða og viðskiptahallinn hyrfi við það eins og dögg fyrir sólu.

Höfundur er líffræðingur.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Skilningur er alltaf margþættur

Júlíus Arnarson
Nemi í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði) í félagsvísindadeild



1. MAÍ!
SÆKIRÐU UM FYRIR 1. MAÍ GÆTU SKÓLAGJÖLDIN LÆKKAÐ UM 50%*

BA-NÁM

Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Hér á landi býðst námsleiðin heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði til BA prófs einungis við Háskólann á Bifröst. Þótt fræðigreinarnar séu þrjár er áhersla lögð á samhengi þeirra og sameiginlega þætti. Nemendur þjálfast í aðferðum félags- og hagvísinda, svo sem tölfræði og upplýsingatækni, en tileinka sér jafnframt gagnrýna hugsun og læra að greina þátt heimspeki í ýmsum hugmyndakerfum. Þá geta nemendur valið eftir áhugasviði milli námskeiða í stærðfræði, rökfræði eða tölfræði. Námsleiðin HHS er kennd við alla helstu háskóla Vesturlanda undir heitinu PPE (Philosophy, Politics and Economics).

*Af þeim sem sækja um fyrir 1. maí eiga 5 bestu umsækjendur í hverri námsleið kost á veglegum námsstyrkjum í formi 50% afsláttar af skólagjöldum fyrstu annar. Allar nánari upplýsingar á bifrost.is.

FRUMGREINADEILD
VIÐSKIPTADEILD
LAGADEILD
FÉLAGSVÍSINDADEILD

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SÍA / NM33369

MAÐUR VIKUNNAR

Gömul sál í ungum líkama

Kvikmyndagerðarmaðurinn Rúnar Rúnarsson keppir um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes í ár með stuttmynd sína Smáfuglar eða 2Birds. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem Rúnari er sýndur slíkur heiður, en fyrir tveimur árum var stuttmynd hans, Síðasti bærinn, tilnefnd til Óskarsverðlauna.

Rúnar er Seltirningur í húð og hár og gekk í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla eins og aðrir Nesbúar. Hann er yngstur fjögurra systkina, á þrjár eldri systur sem allar pössuðu vel upp á að litli bróðir færi sér ekki að voða. Rúnar þótti uppátækjasamur sem krakki og lét eldri stráka ekki komast upp með að níðast á sér. Aftur á móti þótti yngri krökkum hann oft erfiður við að eiga.

Leikstjórinn hneigðist fljótt til skapandi verka. Í gagnfræðaskóla kom hann gjarnan fram sem plötusnúður en það var þó ekki fyrr en í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem listagyðjan náði föstum tökum á Rúnari. Þangað til áttu hvers kyns boltaíþróttir hug hans allan. Rúnar æfði og lék með Gróttu. Hann var markmaður bæði í handbolta og fótbolta og þótti ágætlega liðtækur á milli stanganna. Hann tók reyndar upp á því að nýta sér hinar skærgulu markmannsbuxur í hversdagslegum klæðaburði enda var hann ákaflega hrifinn af hip-hoppi á unglingsárunum.

Í MH komst Rúnar í kynni við annan, ungan og efnilegan kvikmyndagerðarmann, Grím Hákonarson. Saman tóku þeir stuttmyndaformið með trompi og gerðu meðal annars Klósettmenningu, stuttmynd sem sló heldur betur í gegn og var meðal annars boðið á Nordisk Panorama, sem þá var haldin í Finnlandi. Eftir að kennaraverkfallið lamaði allt framhaldsskólakerfið árið 1995 héldu þeir Rúnar og Grímur áfram að gera stuttmyndir og þegar ÍTR bað þá um að halda námskeið í stuttmyndagerð varð ekki aftur snúið. Rúnar hætti í skólanum og einbeitti sér alfarið að kvikmyndagerð. Þeir Grímur gerðu síðan saman stuttmyndina Oiko Logos en sú fór algjörlega á hausinn og eftir það ákváðu þeir félagar að hætta að gera stuttmyndir saman enda væri ekki nægjanlegt rými fyrir tvö stór egó við gerð slíkra mynda. Þessi ákvörðun kom hins vegar ekki niður á vináttunni og þeir hafa aðstoðað hvorn annan í kvikmyndagerð sinni síðan þá.

Rúnari er lýst sem miklum grallara og stríðnispúka. Þannig sé til dæmis fræg sagan af því þegar hann taldi Grími félaga sínum trú um það að móðir hans væri á forsíðu dansks dagblaðs. Flestir eru þó sammála um að Rúnar sé mun rólegri í fasi en hann var á yngri árum.

Leikstjórinn er einnig sagður vera nokkuð þrjóskur, hann sé afar fylginn sér og fari jafnan sínu fram. Þessir eiginleikar nýtast honum ákaflega vel við kvikmyndagerðina þar sem nauðsynlegt er að menn standi fast við sína sannfæringu.

Samstarfsfólk Rúnars lýsir honum sem gamalli sál í ungum líkama og að hann gæti þess vegna verið einbúi upp í sveit með pípu og rollur á nítjándu öldinni. Hann geti alls ekki talist týpískur kvikmyndagerðarmaður því honum hugnast ekki að eltast við strauma og stefnur. Rúnar hefur mikið sjálfstraust og trúir á það sem hann fæst við og vinnur samkvæmt nánum samstarfsmanni eftir nákvæmri framtíðaráætlun. Hver hún er veit hins vegar enginn en eflaust eiga bæði íslenskir og erlendir kvikmyndaáhugamenn eftir að fá að njóta þess þegar fram líða stundir.

RÚNAR EYJÓLFUR RÚNARSSON

ÆVIÁGRIP

Rúnar Eyjólfur Rúnarsson fæddist 20. janúar 1977. Hann er yngsta barn foreldra sinna, þeirra Ragnhildar Jónsdóttur, sem starfar á leikskóla, og Rúnars Geirssonar, starfsmanns álversins í Straumsvík. Rúnar á þrjár systur, Fanneyju, Eygló og Guðrúnu. Rúnar ólst upp á Seltjarnarnesi, gekk í Mýrarhúsaskóla fram til tólf ára aldurs og í Valhúsaskóla á gagnfræðaárunum. Hann verður seint sakaður um að hafa talist afburðanámsmaður á þessum árum, enda áttu aðrir hlutir meira hug hans. Hins vegar gekk honum ætíð vel þegar hann lagði sig fram, enda annálaður keppnismaður. Það sannaðist á íþróttavellinum; Rúnar æfði bæði handbolta og fótbolta með Gróttu og lagði sig alltaf allan fram í leikinn.
Rúnar hóf nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð vorið 1993. Hann lauk ekki náminu, enda náði kvikmyndagerðin heljartökum á honum á þeim árum.
Árið 2002 fluttist Rúnar til Kaupmannahafnar. Þar kynntist hann eiginkonu sinni og búa þau á Vesturbrú. Haustið 2005 hóf Rúnar nám í Danska kvikmyndaskólanum og lýkur hann því að ári. Rúnar er kvæntur hinni þýsku Claudiu Hausfeld og saman eiga þau dótturina Esju, sem er átján mánaða.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Í vikunni var tilkynnt að stuttmynd Rúnars, Smáfuglar, mun keppa um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes í flokki stuttmynda. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem mynd eftir Rúnar hlýtur slíkan heiður. Fyrir tveimur árum var Síðasti bærinn tilnefnd til Óskarsverðlauna.

HVAÐ SEGIR HANN SJÁLFUR?

„Ég hef alltaf verið svo mikill bölvaður egóisti að það er eiginlega ekki á það bætandi. Ég hef bara verið að bíða eftir því að aðrir átti sig á því hvað ég er mikill snillingur. Ég hef reyndar metnað fyrir hverju einasta verkefni sem ég tek mér fyrir hendur sama hversu lítið eða stórt það er. Þannig að ég er búinn að leggja sál mína nokkrum sinnum að veði frá Síðasta bænum. Það er gott að vera í þessu skólaumhverfi. Ég get prófað hitt og þetta sem ég hefði ekki tækifæri til annars. Það er gerjun og gredda í gangi í skólanum og talað um bíó frá því að maður mætir á morgnana og fær sér fyrsta kaffibollann og sígarettuna og þangað til maður fær sér síðasta bollann og rettuna og hjólar heim.“
Fréttablaðið 1. september 2007

VISSIR ÞÚ...

Að Rúnar var plötusnúður á gagnfræðaskólaárunum í Valhúsaskóla. Á þeim árum þótti mjög flott að hlusta á rapp og danstónlist og það gerði Rúnar og spilaði samviskulega þar sem hann kom fram. Hins vegar sannaðist þá að hann getur verið ólíkindatól því á sama tíma fékk Rúnar óbilandi áhuga á tónlist Hauks Morthens, sem þá var nýlátinn. Fengu því slagarar Hauks stundum að fljóta með í bland við Public Enemy og fleira slíkt.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Fráber saman
Sælureitur 2008
er kominn út
Skjólveggur
180 x 180 sm
603150
13.900
Kolagrill
Weber
2999905
20.950
Hekkklippur
IKRA
5083540
5.999



Garðborð 10.995
3899086

Garðstóll 4.549
3899087

Húsgögnin frá ScanCom eru meðhöndluð með sérstakri olíu sem tryggir góða endingu.

73.990

Gasgrill Weber
Spirit E310
3 ryðfríir brennarar
- Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki.
- Skápur með ryðfríum hurðum.
- Grillflötur: 61 x 44 cm
- Efri grind: 61cm x 12 cm. / + 58 x 8 cm.
- H: 160 cm B: 137 cm D: 76 cm.
- Afhent ósamsett.

3000256

GLEÐILEGT SUMAR



Skjólgirðing, Vilnius
180x80/95 sm
603300
3.390

Gagnvarin fura
Algengasta pallaefni á Íslandi.

21 x 95 mm	28 x 95 mm	98 x 98 mm
0.9 - 4.5 m	0.9 - 4.5 m	
621601	628601	698600
139 kr/m	**199** kr/m	**499** kr/m

Lerki
Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni á Norðurlöndum.

21 x 90 mm **219** kr/m
721600

28 x 95 mm **269** kr/m
728600



Skjólgirðing, Skandik
180x180 sm
603150
13.900

Garðhús 4,4 m²

Verð með fylgihlutum
116.000
~~129.000~~

2.499
~~4.375~~

Slönguhjól
Claber, tekur 60 m af 1/2" slöngu.
5081662

Hjólbörur
Ravendo 80 ltr.
5080038
3.995
~~5.995~~

Garðhús 4,4 m²
Vnr. 600239



Breidd = 187 sm
Lengd = 287 sm
Vegghæð = 170 sm
Bjálkaþykkt = 32 mm

10% afsláttur ef þetta hús er keypt **eða pantað** um helgina

25%
afsláttur
Af öllum fjölærum plöntum

Geitabjalla


Stjörnublaðka

Grágresi


Laufeyjarlykill

Völskueyra

Silkibóndarós

Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

Tilboðin gilda fimmtudag - sunnudags

799
~~1.195~~

Greinaklippur
HiPoint
5084663

10 stk Túlipanar
599

Sælureiturinn er kominn út
...fáðu hugmyndir fyrir garðinn, pallinn og sumarhúsið

Grasfræ 1kg **999**

Casoron 1kg **1990**

Sýpris **999**

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Gas í nafni lýðræðis

Í dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá aukaverkunum lyfja, stafsetningu, hrossaprangi, jarðarför, fermingu og eiturefnahernaði við Rauðavatn.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

FÖSTUDAGUR, 18. APRÍL.

182 staðfestar og skrásettar aukaverkanir

Í morgun flutti ég lítið erindi á ráðstefnu um fötlunarrannsóknir sem haldin var á Grand Hóteli og sagði m.a. þetta:

„Ég hef ekki fengist við fötlunarrannsóknir um dagana, því mér finnst ég hafa haft nóg á minni könnu um dagana við að takast á við tvo ólæknandi sjúkdóma, sigra þá og læra að lifa með þeim.

Mínir sjúkdómar eru alkóhólismi og þunglyndi.

Hin líkamlega fötlun sem fylgir þessum sjúkdómum er að sá fyrrnefndi getur gert göngulag manns nokkuð óstöðugt, og sá síðarnefndi getur haft þau áhrif að það kosti töluvert átak að koma sér fram úr rúminu til að taka þátt í því sem manni finnst vera hégómi og tilgangsleysi allra hluta.

Til að halda alkóhólismanum í skefjum þarf ég ekkert að gera annað en láta ógert að innbyrða hugbreytandi efni af einhverju tagi, og þá er ég tala um öll hugbreytandi efni frá glasi af rauðvíni til krakkpípu.

Til að halda þunglyndinu í skefjum tek ég lyf sem á að fyrirbyggja að ég taki svo djúpa dýfu að ég nái ekki að komast upp úr henni aftur. Enn sem komið er hefur þetta lyf virkað en það hefur vissulega ákveðna ókosti að þetta vinsæla geðlyf hefur ekki aðeins þessa eftirsóknarverðu verkun heldur einnig 182 staðfestar og skrásettar aukaverkanir, allt frá munnþurrki til fótkulda.

Sem betur fer er fátítt að einn og sami lyfjanotandinn þjáist af öllum aukaverkunum hvers lyfs sem hann tekur – en svo versnar í því ef fólk þarf að taka fleiri en eitt lyf...

Það eru tvær ástæður fyrir því að ég er ennþá uppistandandi þrátt fyrir langa sjúkdómssögu. Sú fyrri er að ég lifi í tiltölulega mjúku og siðferðislega þroskuðu samfélagi þar sem eitt og annað er gert til að hjálpa sjúkum. Það er sem sagt opinber og samfélagslegur vilji til þess að allir borgarar landsins njóti lágmarks heilsugæslu og stuðnings.

Hin ástæðan er sú að það hefur aldrei hvarflað að mér sjálfum að gefast upp fyrr en í fulla hnefana. Úr því að ég er hingað kominn er ég staðráðinn í að njóta lífsins, að svo miklu leyti sem tækifæri gefast til þess."

Seinnipart dagsins hélt svo alvara lífsins áfram þegar við frú Sólveig fórum í jarðarför Jóns S. Guðmundssonar íslenskukennara við Menntaskólann í Reykjavík.

Fyrir utan að kenna mér íslensku, einkum stafsetningu, þegar ég var í MR, var Jón í stórfjölskyldu með okkur verandi faðir Ólafs Gísla læknis og eiginmanns frú Þórhöllu systur Sólveigar.

Það var séra Hjálmar dómkirkjuprestur sem jarðsöng og fórst það vel úr hendi. Í erfisdrykkjunni á eftir prófaði ég þennan sálusorgara minn í stafsetningu með því að leyfa honum að skrifa upp vísu sem var að finna í stafsetningarverkefnum sem Jón heitinn lagði fyrir nemendur sína.

Vísan mun vera eftir Sigurkarl Stefánsson stærðfræðikennara og útgáfan sem ég kann er svona:

Yxu víur ef ég hnigi
og önd mín smygi í himininn
út af því að það var lygi
að Þráinn flygi á Skarphéðin.

Jón Gúm var vanur að segja að sá sem gæti skrifað þessa vísu villulaust væri nokkuð glúrinn.

Séra Hjálmar er afburðamaður í stafsetningu og leysti verkefnið upp á 10, enda hefði ekki annað verið við hæfi þegar þessi ástsæli og góði íslenskukennari var kvaddur.

SUNNUDAGUR, 20. APRÍL.

Hrossaprang og hrossasálfræði

Helgin hefur farið í hrossaprang.

Þótt ég hafi ákveðnar efasemdir um að ég eigi eftir að komast í jafn náið tilfinningasamband við annan hest og hann Hnokka minn, sem féll frá 26 vetra gamall og er sárt saknað, er ég að svipast um eftir einhverjum færleik svo að ég geti verið meðreiðarsveinn frú Sólveigar í Bolholti í sumar.

Nú hef ég fengið augastað á fallegum og fjörlegum klár. Hann er jarpur á litinn, skagfirskur að ætt og verður sjö vetra á sumardaginn fyrsta. Það vantar kannski nokkrar vikur upp á að hann sé fulltaminn, en þeir Óli vinur minn og Þór sonur minn fullvissa mig um að Jarpur muni útskrifast með hæstu einkunn og gera mér sumarið ógleymanlegt – hvernig sem veðrið kann að verða.

Hnokki minn, sem var frá Fosshóli í Skagafirði, var mörgum kostum búinn, frábær reiðhestur og yndislegur félagi, gat verið soldið stríðinn og hafði góða kímnigáfu.

Ég hef stundum heyrt fólk halda því fram að svonefndar skynlausar skepnur geti ekki þekkt rétt frá röngu, eins og mannskepnan á að kunna, og þaðan af síður haft kímnigáfu. Hvort tveggja er rangt. Réttlætiskennd hrossa er dálítið öðruvísi en okkar, en hún er til staðar, og margir góðir hestar eru líka afbragðshúmoristar. Hnokki minn var einn þeirra.

ÞRIÐJUDAGUR, 22. APRÍL.

Svæfingar með tónlistarívafi

Ég er tvöfaldur í roðinu, eða öllu heldur margfaldur. Heilsufarslega geng ég bæði með belti og axlabönd og trúi á allt í senn nútímalæknavísindi, hómópatíu, handayfirlagningar, fyrirbænir og kínverskar lækningaðferðir eins og nudd og nálastungur.

Kosturinn við nudd og nálastungur er að hvorugt hefur óþægilegar aukaverkanir eins og lyf hafa. Eftir klukkutíma í gini Heilsudrekans hjá hinni óviðjafnanlegu Qing er ég alltaf eins og nýr og betri maður.

Frú Sólveig er á ljósmyndanámskeiði svo ég fékk að koma litlu Sól í háttinn í fyrsta sinn í langan tíma.

Allt gekk það vel, en sú litla útskýrði fyrir mér af hverju ég er ekki samkeppnisfær við ömmuna í svæfingum. Ástæðan er sú að ég er laglaus og get aðeins sagt sögur, lesið í bók og þulið kvöldbænirnar. Þetta allt saman býður amman upp á með tónlistarívafi, því að á milli bóklesturs, bæna og þjóðlegs fróðleiks syngja þær stöllur tvísöng og skemmta sér konunglega.

MIÐVIKUDAGUR, 23. APRÍL.

Að leysa deilumál með gasi

Í dag gekk mikið á. Trukkabílstjórar héldu áfram hinum undarlegu og pirrandi mótmælaaðgerðum sínum og í staðinn fyrir að reyna að ræða málin sendi ríkisstjórnin nokkra tugi lögreglumanna og sérsveitarmanna í fullum herklæðum með skildi til að mynda testudo að rómverskum sið – og þar að auki bæði kylfur, piparúða og gas.

Sem betur fer hefur dómsmálaráðherrann ekki ennþá komið sér upp 240 manna varaher, því að þá hefðu áflogin og ofbeldið sem þarna braust út ábyggilega endað með manndrápum. Það var nóg samt. Deilumál milli borgara og ríkisstjórna á ekki að leysa með ofbeldi.

Þótt ég sé ósammála öllum kröfum bílstjóranna (og hlynntari sjóflutningum en landflutningum) styð ég rétt þeirra eins og annarra borgara til að mótmæla án þess að vera lamdir í klessu eða úðaðir með eitri.

Þeir stofnuðu öryggi ríkisins ekki í hættu. Þeir ruddust ekki inn í ráðuneyti eða þinghús. Allt sem þeir gerðu var að tefja umferð.

Ég hef aldrei verið snokinn fyrir eiturefnahernaði, gasnotkun á víðavangi né í sérstökum gasklefum. Það eiga allir að fara varlega með gas. Ekki síst ríkisstjórnir. Það getur verið eldfimt. Sérstakt lýðræðisgas hefur mér vitanlega ekki enn verið fundið upp.

Í dag var tilkynnt um ritstjóraskipti á Mogganum. Tímabili M og Styrmis er að ljúka.

Það er látið svo heita að þeir hafi „losað um" tengslin milli Blaðsins og Flokksins. Ekki hefur það starf þeirra komið mér þannig fyrir sjónir heldur breyttu þeir stöðu Moggans gagnvart Flokknum, gerðu Blaðið að deild sem ekki þurfti sjálfkrafa að sverja formanni flokksins hollustu og trúnaðareiða.

Mogginn er áhrifamikill þrýstihópur í Flokknum. Tengslin eru jafnjárnbent og áður. Einn Flokkur. Eitt Blað. Og tvær þjóðir í landinu.

Kiljan er brilljant þáttur. Viðtal Egils Helgasonar við Gunnar Dal heimspeking var bæði skemmtilegt og umhugsunarvert.

FIMMTUDAGUR, 24. APRÍL.

Ferming og slaghörpuleikur

Frænka mín og ferðafélagi í sumarleyfisferðum, Birta Marsilía Össurardóttir, fermdist í dag í Fríkirkjunni. Hún var glæsileg og í veislunni á eftir lék hún á slaghörpu svo að unun var á að hlýða.

Kannski er engin ástæða til að hafa áhyggjur af framtíðinni.

SUMARTILBOÐ

DUX®

DUX 1001/90x200cm/Xtandard yfirdýna..... Kr 149.500

DUX 1001/105x200cm/Xtandard yfirdýna..... Kr 198.000

2 DUX 1001/90x200cm/Xtandard yfirdýna 180x200cm..... Kr 299.000

20% afsl af öllum yfirdýnum

ATH takmarkað magn.

DUXIANA®

ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 · Reykjavík · Sími: 5689950

www.duxiana.com

UMMÆLI VIKUNNAR

„Lokaorð hæstvirts ráðherra voru hrokafull ónot í garð undirritaðs og ekki ný af nálinni. Ég á þá sjálfsagt öðrum mönnum fremur að taka til mín ummæli ráðherranna um að það eigi ekki að ræða um efnahagsvandann. Þeim verður ekki að ósk sinni.“

Steingrímur J. Sigfússon VG

„Ef ég hef verið með hrokafull ónot í garð háttvirts þingmanns þá bið ég hann afsökunar á því.“

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra

stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

Staðan í „nokkrum“ ríkjum

Árni Þór Sigurðsson hefur óskað eftir að forsætisráðherra feli starfsmönnum forsætisráðuneytisins að ráðast í svolítið verkefni. Hann vill að þeir taki saman upplýsingar um þróun efnahagsmála í „nokkrum“ ríkjum.

Árni vill vita hver þróun atvinnuleysis, hagvaxtar, verðbólgu, viðskiptahalla, stýrivaxta, gengisvísitölu og afkomu ríkissjóðs hefur verið undanfarin fjögur ár og vill að spár fyrir árið í ár og það næsta fylgi með.

Og hvaða „nokkur“ ríki ætli það séu sem Árni vill að upplýsingarnar nái til? Jú, það eru Sviss, Bandaríkin og Japan, auk aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Auk Íslands, Noregs og Liechtenstein eiga Evrópusambandsríkin 27 aðild að EES. Efnahagsupplýsingarnar eiga því að ná til 33 ríkja.

Samkvæmt starfsvenjum þingsins hafa ráðherrar tíu daga til að svara skriflegum fyrirspurnum. Árni lagði fyrirspurnina fram á mánudag og ætti svarið samkvæmt því að fást öðru hvoru megin við mánaðamót.

Er það eðlilegt?

„Eðlilegt er að varpa fram þeirri spurningu hvort það sé í anda hugsjóna Jóns Sigurðssonar að afsala hluta fullveldis okkar og flytja valdið yfir auðlindum sjávar til sameiginlegs og yfirþjóðlegs valds Evrópusambandsins.“

Þetta sagði Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, í ræðu í Jónshúsi í Kaupmannahöfn á fimmtudag.

Af orðunum má ráða að Sturla telji eðlilegt að við meðferð stórra pólitískra álitamála þurfi að spekúlera í hvað Jóni hefði fundist. Hvað ætli hann hefði sagt um, tja, fjölmiðlafrumvarpið?

VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Ónýt staða og vald Geirs

Íslandsmet féll í vikunni. Aldrei fyrr hefur nokkrum hópi - sem haft hefur uppi kröfur á hendur ríkinu - tekist að klúðra sínum málum jafn gjörsamlega og bílstjórunum sem höfðu sig mest í frammi síðasta vetrardag og sumardaginn fyrsta. Með framgöngu sinni sáu þeir til þess að ríkisvaldið mun aldrei nokkurn tíma ræða við þá um álögur og vinnutíma.

Hafa ber í huga að bílstjórarnir áttu ekki í sérstökum viðræðum við stjórnvöld og höfðu ekki skilgreinda samningsstöðu. Þetta voru ekki hefðbundnar kjara- eða samningaviðræður. En þeim fannst dropinn dýr og vildu að ríkið lækkaði álögur á olíuna.

Það er getur verið fullkomlega eðlilegt að menn sem horfa upp á reikningana sína hækka og hækka reyni að fá yfirvöld til að sýna sérstökum aðstæðum skilning. Að sama skapi getur verið eðlilegt að þeim svíði að þurfa að fara eftir lögum og reglum um vinnutíma.

Jafn eðlilegt er að yfirvöld hlusti á mennina og skoði málið. En það er ekki þar með sagt að fara beri að kröfum þeirra.

Eftir atburði árstíðamótanna má ljóst vera að yfirvöld muni hvorki hlusta né skoða málið. Eitt er að vera fastur fyrir og standa á kröfum sínum, annað er að vera dóni og ýmislegt þaðan af verra. Stjórnvöld geta ekki rætt við fólk sem hagar sér eins og Sturla Jónsson og hans kónar gera.

Er þetta nú líklegt?

Því hefur verið haldið fram af álitsgjöfum og bloggurum að Geir H. Haarde og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hafi víst rætt um vaxandi líkur á aðild Íslands að Evrópusambandinu á fundi þeirra í Downingstræti 10 á fimmtudag. Upphafleg fréttatilkynning breska forsætisráðuneytisins hafi sem sagt verið rétt en henni verið breytt að kröfu íslenska forsætisráðuneytisins sem vildi ekki að sannleikurinn spyrðist út.

Auðvelt er að halda svonalöguðu fram en öllu erfiðara að færa fyrir því sæmileg rök.

Í fyrsta lagi má spyrja hvort menn telji í alvöru að íslenska forsætisráðuneytið hafi slík ítök í breska forsætisráðuneytinu að þar séu skrifaðar fréttatilkynningar eftir pöntun, út í loftið.

Í öðru lagi má spyrja hvort menn telji í alvöru að ef íslensk stjórnvöld ákveða í leyni að hefja viðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu að þær fari fram við breska embættismenn, líkt og sagði í fréttatilkynningunni. Er ekki líklegra að slíkar viðræður verði við embættismenn Evrópusambandsins?

Það rennir svo enn frekari stoðum undir að fyrri tilkynningin hafi verið röng að í henni var notast við orðalagið „strategic dialogue“ um Evrópusambandsmálin. Það er hernaðarlegt orðfæri og var notað yfir viðræður um varnarsamstarf Íslands og Bretlands, sem einmitt var annað tveggja aðalumræðuefna fundarins.

Hitt er svo annað mál að í fréttatilkynningu íslenska forsætisráðuneytisins kemur fram að Evrópumál hafi verið á dagskrá. Ekki hefur verið upplýst hvaða Evrópumál það voru.

Meta á nauðsyn utanferða

Pétur H. Blöndal Sjálfstæðisflokki vill að skoðað verði hvort raunveruleg þörf sé á öllum utanlandsferðum ráðherra. Álfheiður Ingadóttir væntir svars við fyrirspurn um erindi ráðherra út fyrir landsteinana.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR OG GEIR H. HAARDE

Margir ráðherrar hafa verið á faraldsfæti síðustu vikur og mánuði. Fyrir vikið hefur ríkisstjórnin verið uppnefnd Útlagastjórnin og Fararstjórnin, svo eitthvað sé nefnt. Ekki ríki full vissa meðal allra um að öll ferðalögin séu landi og lýð nauðsynleg. Fréttablaðið spurði þingmenn allra flokka hvort ráðherrar væru of mikið í útlöndum að óþörfu.

Pétur H. Blöndal segir að auðvitað fylgi ferðalög alþjóðasamstarfi, ekki síst á tímum alþjóðavæðingar, alþjóðakreppu og útrásar. Hann telur þó að í mörgum tilvikum megi notast við fjarfundabúnað, slíkt tíðkist í einkageiranum. Sjálfur hefur hann þó rekið sig á hindranir því víða í útlöndum sé slíkur búnaður ekki til staðar. „Eflaust er eitthvað óþarft af þessum ferðalögum og það þarf að skoða nákvæmlega hve mikið er raunveruleg þörf fyrir,“ segir Pétur.

Álfheiður Ingadóttir VG vill ekkert fullyrða um hvort ráðherrar séu of mikið í útlöndum að óþörfu en segir að væntanlegt svar forsætisráðherra við fyrirspurn hennar muni leiða það í ljós. Hún hefur spurt forsætisráðherra um utanferðir allra ráðherra frá myndun ríkisstjórnarinnar, fjölda þeirra, tilefni, fylgdarlið og kostnað. „Ég legg mikla áherslu á alþjóðlegt samstarf, ég tala nú ekki um á vettvangi Norðurlandaráðs og Sameinuðu þjóðanna. Ég legg hins vegar minni áherslu á samstarf á vegum hernaðarbandalagsins Nató og gæti bent á það sem óþarfa.“

Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokknum, vill að ráðherrar séu á Íslandi. „Þeir eiga að sinna þeim málum sem brenna á fólki innanlands en ekki þvælast út í heim til að tryggja atkvæði í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna,“ segir hann. „Það er líka skondið að þeir skuli vera að tala um mannréttindabrot við aðrar þjóðir en brjóta sjálfir mannréttindi á eigin þegnum,“ segir Grétar Mar og vísar þar til álits Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um íslenska kvótakerfið.

Guðbjartur Hannesson Samfylkingunni telur ekki að ráðherrar séu of mikið í útlöndum að óþörfu. „Við erum að auka alþjóðleg samskipti og erum háð því að vera mikið á ferðinni. Það er af hinu góða að sækja upplýsingar til útlanda og vera í persónulegum tengslum við fólk,“ segir Guðbjartur en viðurkennir að helst vildi hann hafa ráðherrana nær sér. Hann kveðst ekki geta dæmt um nauðsyn allra ferða ráðherra en er engu að síður viss um að margar þeirra séu mjög mikilvægar.

Bjarni Harðarson Framsóknarflokki er á því að ráðherrar séu of mikið í útlöndum að óþörfu, og eins og staðan sé í efnahagsmálum væri æskilegt að þeir sinntu þeim málum meira. „Þeir gera það auðvitað ekki á meðan þeir eru á ferðalögum í útlöndum.“ Bjarni telur átökin við Rauðavatn á miðvikudag eina af afleiðingum þess að stjórnvöld hafi ekki unnið heimavinnuna sína.

PÉTUR H. BLÖNDAL

ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

GRÉTAR MAR JÓNSSON

BJARNI HARÐARSON

GUÐBJARTUR HANNESSON

Lenovo ThinkPad fartölvur

Þann 31. janúar 2007 var Lenovo ThinkPad fartölvu keyrt á vegg á 56km/h. Eftir áreksturinn var hægt að kveikja á tölvunni og öll gögn héldust óskemmd. Lenovo ThinkPad fartölvur búa yfir innbyggðri magnesíum veltigrind sem ver vélbúnað og skjá tölvunnar. Þessi tækni sér til þess að þótt fartölvan verði fyrir miklu höggi haldast öll gögn óskemmd.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja, í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

NÝHERJI hf. sími 569 7700 www.nyherji.is

NÝHERJI

S Ý N I N G A R H E L G I

OPIÐ ELDHÚS

Í DAG – Frá kl. 11–16
Á MORGUN – Frá kl. 13–17

*... þú færð það aðeins **betra** hjá* HTH

Velkomin í OPIÐ ELDHÚS um helgina!
Upplifið DRAUMAELDHÚSIÐ – frá HTH!
Kynnist því heitasta í eldhústækjum – frá AEG!

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Inga Björnsdóttir

læknir, Goðabyggð 11, Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 23. apríl. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 4. maí kl. 13.30.

Björn Sverrisson
Ármann Sverrisson
Sólveig H. Sverrisdóttir
Aðalbjörg Sigmarsdóttir
Kristín Sigurðardóttir
Gunnar Eiríksson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar ástkæri

Valdimar Óskar Jónsson

loftskeytamaður,

verður jarðsunginn frá Áskirkju
þriðjudaginn 29. apríl kl. 11.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir
en þeim sem vildu minnast hans
er bent á reikning 0315-13-304040 kt: 041167-3279
til styrktar Grensásdeild LSH.

Jóna Margrét Guðmundsdóttir
Guðmundur St. Valdimarsson
Ragnheiður Valdimarsdóttir
Davíð Þór Valdimarsson
Margrét Valdimarsdóttir
Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Gunnar Skúli Guðjónsson
Erla Dögg Ragnarsdóttir
Ormar Gylfason Líndal
og barnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lára J. Sigurðardóttir

andaðist 24. apríl á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigurður Karlsson
Ásmundur Karlsson
Guðríður Karlsdóttir
Hólmfríður Karlsdóttir
Unnur Laufey Jónsdóttir
Guðbjörg Alfreðsdóttir
Guðni Eyjólfsson
Friðrik Sigurgeirsson
ömmubörn og langömmubörn.

†

Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar og ömmu,

Guðbjargar Maríu Magnúsdóttur

Eyrarvegi 8, Flateyri.

Valgeir Jóhannes Ólafsson
Gunnar Magnús Ólafsson
Vigfús Birgir Valgeirsson
Ásgeir Örn Valgeirsson
Guðbjörn Már Valgeirsson
Jóhann Haukur Gunnarsson
Sandra Halldórsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hulda Sæmundsdóttir Olsen

lést að hjúkrunarheimilinu Holtsbúð þriðjudaginn 15. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar. Við þökkum auðsýnda samúð.

Reynir Olsen
Ingi Olsen
Gunnar Olsen
Snorri Olsen
Ólafía Árnadóttir
Þórelfur Guðrún Valgarðsdóttir
Sólveig Þorsteinsdóttir
Hrafnhildur Haraldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

WILLIAM SHAKESPEARE SKÁLD FÆDDIST ÞENNAN DAG 1564.

„Hlustaðu á marga, talaðu við fáa. Elskaðu alla, treystu fáum og gerðu engum mein.“

William Shakespeare var enskt skáld og leikritahöfundur, oft kallaður þjóðarskáld Englendinga. Meðal þekktustu verka hans eru Hamlet, Rómeó og Júlía og Macbeth.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. APRÍL 1977

Stúdíó 54 opnar í New York

Það var þennan dag fyrir 31 ári að nafntogaðasti næturklúbbur heims var opnaður undir nafninu Studio 54 á 54. stræti Manhattan, milli Broadway og 8. traðar. Í loftinu lá að eitthvað mikið stæði til og meðal gesta í opnunarhófinu voru Mick Jagger, Liza Minelli, Margaux Hemingway, Mikhail Baryshnikov, Brooke Shields og Debbie Harry, en Frank Sinatra, Warren Beatty og Cher komust aldrei inn úr biðröðinni. Skömmu seinna hélt Bianca Jagger upp á afmæli sitt í klúbbnum, ríðandi á hvítum hesti, en þar með var staðfest að Studio 54 væri næturklúbbur fræga fólksins. Þangað tók að streyma í næturlangar svallveislur frægt fólk eins og Michael Jackson, Elizabeth Taylor, Freddie Mercury og Jackie Onassis og heimsins þekktustu tónlistarmenn stigu þar einnig á stokk. Í desember 1978 var rekstrarstjórinn Steve Rubell handtekinn fyrir fjárdrátt og 4. febrúar árið eftir var lokapartí haldið, þar sem Sylvester Stallone nokkur keypti síðasta drykkinn á mestu gullárum 54.

†

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

Elínar Rósu Finnbogadóttur

Rauðagerði 39.

Sérstakar þakkir til heimahlynningar LSH og lækna er önnuðust hana í veikindum hennar.

Kristján Sigurgeir Guðmundsson
Finnbogi G. Kristjánsson
Guðrún Þ. Kristjánsdóttir
Elín Rósa Finnbogadóttir
Kristján Guðmundur Birgisson
Kristbjörg Steingrímsdóttir
Finnbogi Steingrímsson
Ólafur Jón Einarsson
Gunnhild Ólafsdóttir
Birgir Óskarsson
Steingrímur Waltersson

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginsmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Ágústar Hreins Óskarssonar

Flétturima 21, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki gjörgæslunnar í Fossvogi. Jarðarförin fór fram í kyrrþey.

Hildur Sigurðardóttir
Sigurður Ágústsson
Sigurlaug Stella Ágústsdóttir
Vigdís Ósk Ágústsdóttir Sívertsen
Berglind Hildur Ágústsdóttir
Ali Khadraoui
barnabörn og langafabörn.

†

Móðir mín, tengdamóðir og amma,

Guðlaug Pálsdóttir Hersir

Hjúkrunarheimilinu Skjóli,

andaðist síðasta vetrardag, 23. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Gylfi Páll Hersir
Kári Gylfason
Sigurlaug Gunnlaugsdóttir

†

Hjartanlegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts elskulegs eiginmanns míns , föður okkar tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar Stefáns Reykdal Markússonar

Ægisvöllum 10, Keflavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki D-deildar og heimahjúkrunar Heilbrigðistofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hlýju.
Guð blessi ykkur öll.

Elín Óla Einarsdóttir og fjölskylda.

KVENNAKÓRASAMBANDIÐ GÍGJAN: HELDUR

Karlakórinn Jökull

Hátt í fjögur hundruð syngjandi konur eru saman komnar á Höfn í Hornafirði þessa helgi svo þar er gleði og gaman. Gígjan, landssamband kvennakóra heldur landsmót sitt jafnan á þriggja ára fresti og þetta er hið sjöunda í röðinni. Nú er komið að Kvennakór Hornafjarðar að taka á móti söngsystrum hvaðanæva að af landinu.

Mótið var sett í gærkveldi í íþróttahúsi staðarins og eftir að sárasta hungrið hafði verið satt með léttum málsverði var lagt í óvissuferð. Þar sem nú er kominn laugardagur er óhætt að upplýsa að haldið var í fjallasali Hoffells og þar tóku eiginmenn heimakórsins á móti hópnum með sínum einstaka hætti. Ekki nóg með það, heldur lá Karlakórinn Jökull í leyni en spratt alskapaður fram úr fylgsnum sínum og hóf upp söng svo undir tók í hinum hornfirskum fjöllum. Ungir harmoníkusnillingar komu hinum langt að komnu gestum líka á óvart.

Það er ljóst að kvennakórskonur á Höfn vefja körlum héraðsins um fingur sér og fá þá til liðs þegar á þarf. Það staðfestir Ragnheiður Rafnsdóttir formaður undirbúningsnefndar. „Hér leggjast allir á eitt til að mótið takist sem best,“ segir hún. „Kórkonur hafa allar verið virkar í undirbúningnum og karlarnir séð um pallasmíði, flutning á húsgögnum og mörgu fleiru. Bærinn lánar húsnæði til æfinga, samsöngs og veisluhalda og hótelpláss á Höfn og í Nesjum er það ríkulegt að kórkonur eiga að njóta þar svefns í uppábúnum rúmum. Svo var búið að leggja inn beiðni fyrir góðu veðri. Hver og ein hafði sinn hátt á því og vitað er að séra

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bjarni Hlíðkvist Jóhannsson

Blásölum 24, Kópavogi,

sem andaðist á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, sunnudaginn 20. apríl sl. verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 28. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Auðuns Hlíðkvist Kristmarssonar hjá Sparisjóði Mýrasýslu, Borgarnesi. Reikningsnúmer 1103-18-640081, kennit. 241159-5749.

Guðný Þorgeirsdóttir
Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir
Jóhann Hlíðkvist Bjarnason
Björgvin Hlíðkvist Bjarnason
Skúli Eyjólfur Hlíðkvist Bjarnason
Guðný Hlíðkvist Bjarnadóttir
Guðrún Hlíðkvist Bjarnadóttir
Hjördís Hlíðkvist Bjarnadóttir
Kristmar Jóhann Ólafsson
Sigríður Vilhjálmsdóttir
Guðbjörg Elín Þrastardóttir
Sveinbjörn Ágúst Sigurðsson
Þorgeir M. Reynisson
Ingi Þór Guðmundsson
afa- og langafabörn.

MERKISATBURÐIR

1858 Póstgufuskipið Victor Emanuel kemur til Reykjavíur í fyrstu áætlunarferðinni frá Kaupmannahöfn.

1915 Gullfoss leggur af stað til New York fyrst íslenskra skipa með íslenskri áhöfn síðan á dögum Leifs heppna til að sigla milli Íslands og Ameríku.

1944 Niðurstöður úr samkeppni um hátíðarljóð fyrir lýðveldishátíðina kynntar. Kvæði eftir Huldu og Jóhannes úr Kötlum eru hlutskörpust.

1940 Himmler ýtir af stað stofnun Auschwitz, útrýmingarbúða fyrir gyðinga.

1961 Sierra Leone lýsir yfir sjálfstæði undan breskum yfirráðum.

1989 Fellibylur í Bangladess verður 500 manns að bana.

Laxableikur ekki eini liturinn

Styrmir Barkarson, leiðbeinandi í Akurskóla í Reykjanesbæ, mun ásamt einum stofnenda félags antirasista fara af stað með fræðslu um fjölmenningu og fordóma í öllum 4. bekkjum Reykjanesbæjar á mánudag. Styrmir, sem er nemandi í Kennaraháskólanum, var á fyrirlestri þegar hann fékk hugmyndina að verkefninu. „Mig langaði að fá börn til að hugsa um þann fjölbreytileika sem við höfum í samfélaginu. Þegar krakkar eru að nota tréliti og lita andlit þá er laxableikur sá eini í boði. Mig langaði að sjá hvort til væru litir sem ná yfir alla hörundsliti.“

Styrmir fékk Alþjóðahúsið í samstarf við sig og starfsmenn þess komu honum í samband við félag anti-rasista sem ætla að hjálpa honum við fræðsluna. „Við förum í fimm skóla á mánudag og þriðjudag þannig að dagskráin er mjög þétt.“ Hafa skólayfirvöld tekið vel í framtakið.

Eftir fræðsluna fá öll börnin tréliti að gjöf sem í eru andlitslitir allra kynþátta og efnt verður til teiknisamkeppni með yfirskriftinni „fjölmenning.“ Ákveðið var að fara af stað með þessa fræðslu í 4. bekk því þar eru börnin enn á þeim aldri að þau hafa gaman að því að lita og teikna, en þó nægilega gömul til þess að skilja málefnið.

Litirnir eru gjöf frá Sparisjóði Keflavíkur, sem einnig styrkir teiknisamkeppnina. Sigurvegari hennar fær peningaverðlaun í bekkjarsjóð og myndirnar verða svo sýndar á Ljósanótt í Reykjanesbæ í september næstkomandi.

Styrmir vonast til þess að verkefnið stækki með tímanum. „Gaman væri ef þetta gæti orðið árlegt átak í skólum Reykjanesbæjar og frábært ef fleiri bæjarfélög tækju verkefnið upp.“ - kka

FRÆÐSLA Farið verður af stað með fræðslu um fjölmenningu í Reykjanesbæ á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KVENNAKÓR HORNAFJARÐAR Gestgjafar Gigjunnar að þessu sinni. Kvennakór Hornafjarðar ásamt kórstjóranum Svavari Sigurðssyni og undirleikaranum Jónínu Einarsdóttur.

MYND/KVENNAKÓR HORNAFJARÐAR

LANDSMÓT Á HÖFN

lá í leyni

Einar á Kálfafellsstað var beðinn fyrir skilaboð til almættisins.“

Eitt af nýmælum mótsins er að hver kona í kórunum þrettán gat valið sér vinnuhóp. Þeir eru fjórir talsins og skiptast í þjóðlög, dægurlög, rytmískan söng og erfiðari verk. Hóparnir eru að störfum fram eftir degi í dag en síðdegis er komið að sameiginlegri dagskrá í íþróttahúsinu, þar sem hver kór flytur tvö lög sem hann hafði í farteskinu. Í kvöld er hátíðarkvöldverður og heimatilbúin skemmtidagskrá. Á morgun klukkan 14 er svo komið að hápunktinum er kórarnir kynna afrakstur vinnuhópa og syngja saman landsmótslagið. Það var samið sérstaklega fyrir mótið af Þóru Marteinsdóttur (Marteins Hunger Friðrikssonar) við ljóð staðarskálds Hornafjarðar, Guðbjartar Össurarsonar og nefnist Þegar sólin skín. Undirleik annast stórhljómsveit Jóhanns Moráveks sem sköpuð var fyrir þennan viðburð. Þess má geta að ókeypis er á tónleikana bæði í dag og á morgun. gun@frettabladid.is

AFMÆLI

Eva María Jónsdóttir sjónvarpskona er 37 ára í dag.

Unnur Steinsson verslunarkona er 45 ára í dag.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi er 62 ára í dag.

Ríkharður Daðason fótboltamaður er 36 ára í dag.

Garðar Thór og Bjarna Ár-manns í mafíu

Ef **Illugi Gunnarsson** yrði að flytja í opinbera byggingu à la Björgólfs-fjölskyldan yrði hann að helluleggja garðinn í bak og fyrir því hann er með grasofnæmi. Fengi **Jón Jósep Snæbjörnsson**, betur þekktur sem Jónsi, að velja sér opinbera byggingu til að flytja í yrði tónlistarhúsið fyrir valinu. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hlustaði á Rökstólapar vikunnar skipuleggja mafíustarfsemi.

ÓSKA-JARÐARBERJAJÓGÚRT OG TÓMATAR Þar sem tómatar eru í miklu uppáhaldi hjá Illuga og óska-jarðarberjajógúrt hjá Jónsa, yrðu þær vörutegundir fyrir valinu fengju þeir að lækka einhverja vöruflokka úti í matvörubúð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Á RÖKSTÓLUM

Hafið þið hist áður?
Jónsi: Ég hef ekki hitt þig áður, ekki í eigin persónu.
Illugi: Nei.
Jónsi: Hef séð þig í sjónvarpinu.
Illugi: Já, sömuleiðis.
Jónsi: Það verður reyndar að viðurkennast að fólk sem hefur aðeins séð hvert annað í sjónvarpinu heilsast samt sem áður úti á götu.
Illugi: Já, það er svolítið spes reyndar og ég hef lengi haft leikjafræðilega útskýringu á því. En við skulum ekki fara út í hana því hún er mjög „politically incorrect“.

Elskar orðið Sjálfstæðisflokkurinn

Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir orðin „Í svörtum fötum“ Illugi? Og hvað dettur þér í hug Jónsi þegar þú heyrir orðið „Sjálfstæðisflokkurinn“?
Illugi: Fyrir utan að detta Jónsi í hug þá er það myndin Men in Black. Hvernig er tímaröðin á þessu – voruð þið í bandinu á undan myndinni?
Jónsi: Ég held að við höfum verið rétt aðeins á undan. Og þess vegna keyptum við líka www.mib.is
Illugi: Og þess vegna eru málaferlin við Hollywood einmitt ennþá í gangi eða hvað?
Jónsi: Akkúrat. En hvað varðar orðið Sjálfstæðisflokkurinn þá líður mér alltaf vel þegar ég heyri það. Það er eiginlega ekkert sterkara í hjörtum fólks en sú eilífa löngun að vera sjálfstæður, hvort sem það er frá öðrum þjóðum, foreldrum eða lánastofnunum. Þetta er orð sem grípur Íslendinga í heild.
Illugi: Ég hefði nú bara ekki getað orðað þetta betur. Hreinlega endurtók þá ákvörðun mína að ganga í Sjálfstæðisflokkinn!

Rámar í Eurovision-Jónsa

Nefnið þá þrjá hluti um hvorn annan sem þið vitið ekki hvort eru sannir eður ei en gætuð engu að síður trúað að væru það?
Jónsi: Ég skal ríða á vaðið og ég tel að þú strauir ekki skyrturnar þínar sjálfur, Illugi.
Illugi: Svarið við þessu er: Kolrangt.
Jónsi: Ég trúi þér ekki.
Illugi: Það er að vísu sannleikskorn í þessu, ég er ekki mjög húslegur, þannig. En skyrturnar mínar strauja ég alltaf sjálfur. Mín fyrsta spurning er sú, og finnst ég jafnvel hafa heyrt af því, að þú sért stundum ræðumaður í kirkjum.
Jónsi: Hárrétt. Þá held ég að þú Illugi hafir prýðisgott sjálfstraust og þessu sjálftrausti blandar þú við létta lund. Ég mæli þetta af merkilegum hlut eða því að þú ert léttrauðhærður að sjá og kominn með örlítið grátt í vanga – en þú ert ekki einu sinni að hafa fyrir því að lita á þér hárið. Er þetta ekki rétt hjá mér?
Illugi: Þetta er rétt og ekki rétt. Ég er tiltölulega hirðulaus um eigið útlit og hvað varðar sjálfstraustið þá verður maður auðvitað að hafa visst lágmarkssjálfstraust í því starfi sem ég er í. Engu að síður leynist þessi efi alltaf í manni um það sem maður er að gera og ég hef minn skerf af honum. Fólk sem efast aldrei getur enda bæði verið nett óþolandi og eiginlega allt að því hættulegt – því það er aldrei í vafa um að það sé að gera rétt eða segja rétt. En ég hefði átt að gúgla eitthvað í nótt um Jónsa. Látum okkur sjá. Ég hef á tilfinningunni að þú sért fyrirmyndar fjölskyldumaður.
Jónsi: Já og nei. Ég vinn mikið og hef kannski ekki alltaf tíma á þessum dæmigerða fjölskyldutíma, því ég vinn til dæmis mikið um helgar. Ég hef hinsvegar verið annálaður sem lélegur drykkjumaður og það hefur háð mér mjög í söfnun rokk-stiga í gegnum tíðina. Fjölskyldan hefur verið mín stoð og stytta enda eignaðist ég hana áður en kom að poppferlinum.
Illugi: Já, það er alltaf gott að eignast sína nánustu áður en maður gengur í gegnum eldskírnina.
Jónsi: Þriðja atriðið: Ég held að þú hafir alltaf kosið Sjálfstæðisflokkinn.
Illugi: Það er fullkomlega rangt hjá þér. Ég náði að klára MR sem vinstrimaður.
Jónsi: Lentirðu í svona vinstri-villu?
Illugi: Ég var orðinn tvítugur þegar ég skipti um skoðun. Mamma mín, vinstri-konan, segir hins vegar að þetta hafi verið eitt það vandræðalegasta sem yfir fjölskylduna hafi gengið. Mitt þriðja atriði: Mig grunar Jónsi, að þú hafir verið í Eurovision.
Jónsi: Jú, passar. 2004 í Tyrklandi.
Illugi: Það var nefnilega eins og mig rámaði í það.
Jónsi: Með lagið Heaven.
Illugi: Unnum við?
Jónsi: Nei, nei, nei, nei. Við lentum í 19. sæti.
Illugi: Ég er nefnilega lélegur í að muna svona og er ekki með þennan lista alveg á hreinu. Og það er auðvitað pólitískt mjög ósnjallt að játa þetta.

Húsið sem kostar alla milljarða

Skundum í Hallargarð Björgólfs-fjölskyldunnar, sem hefur verið talsvert í fréttum síðustu vikuna. Ef þið yrðuð að flytja með fjölskylduna í einhverja opinbera byggingu – hvert mynduð þið flytja og hvað mynduð þið setja í garðinn? Hver er fallegasti garðurinn á Íslandi?
Jónsi: Vilt þú ekki kýla á þetta Illugi, þú ert nú meira í opinberum byggingum en ég.
Illugi: Þetta er auðvitað mjög viðkvæm spurning. Ef ég dytti í það að segjast vilja búa í Stjórnarráðinu yrði því eflaust tekið sem svo að ég væri orðinn galinn og vildi verða forsætisráðherra.
Jónsi: Gott að ég er ekki pólitískt tengdur. Ég get leyft mér að flytja hvert sem er.

> **Illugi:** Já! Bjarni gæti virkað sem fixer. En þá vantar okkur enn foringja.
> **Jónsi:** Það verður náttúrulega að vera maður sem hefur vald og getur hrifið fólk með sér.
> **Illugi:** Já, ég vann náttúrulega með svoleiðis manni. Honum Davíð.
> **Jónsi:** Er það ekki kjörið? Með fullri virðingu fyrir háttvirtum seðlabankastjóra.

VISSIR ÞÚ AÐ...

...á milli Jónsa og Illuga eru 10 ár.

...þeir eru báðir á því að Gunnar Eyjólfsson yrði góður forseti. Hann er með flotta fortíð eins og Reagan.

...Illugi vonar að hann þurfi ekki að draga úr vindlareykingum þegar hann eldist.

...Jónsi vonar að hann verði ekki farinn að horfa á fótbolta þegar hann eldist.

...Jónsi myndi gefa Illuga reyfara í sumargjöf.

...Illugi myndi aftur á móti gefa Jónsa sokka í sumarglaðning.

Áskell segist hafa átt margar góðar stundir í bílnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Gott að hugsa í bílnum

Áskell Jónsson er útskriftarnemi á viðskiptabraut Verkmenntaskólans á Akureyri. Hann ekur um á Volkswagon Golf Highline árgerð 1998 sem hann eignaðist fyrir tveimur árum og hefur mikið dálæti á.

„Þetta er frábær bíll. Hann er frekar sparneytinn sem mér þykir mikill kostur og hann hefur góða aksturseiginleika," segir Áskell, og bætir við að hann eigi oft góðar stundir í bílnum. „Ég á það til að keyra eitthvert út fyrir bæinn og hugsa um lífið og tilveruna. Það er þægilegt að keyra bílinn og það er góður hljómburður í honum, svo oft hlusta ég á tónlist í leiðinni."

Áskell hefur ferðast töluvert á bílnum sínum og stefnir að því að ferðast meira um landið í sumar. „Ég er mikið að keppa í fótbolta svo ég keyri oft á keppnir á bílnum. Svo er ég jafnvel að velta fyrir mér að taka hringinn um Ísland í sumar. Við gleymum stundum hvað við búum í flottu landi og það er um að gera að gefa sér tíma til að skoða það."

hnefill@frettabladid.is

Varúð Ætíð skal haga akstri miðað við aðstæður og hafa augun á því sem framundan er. Öryggisbelti skulu vera spennt.

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM

Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum

Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

FRAMTAK
BLOSSI ehf
Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfirði – Sími 535 5822

Bifreiðaeigendur athugið!
Allar almennar bílaviðgerðir:
Smurþjónusta:
Hjólbarðaþjónusta:
Tímapantanir í síma
535 5822

Ford T-módelið er hundrað ára í ár.

Ford hundrað ára

Ford-bílaframleiðandinn fagnar nú í ár hundrað ára afmælis Ford T-módelsins.

Áætlað er að halda upp á tímamótin með uppákomum út allt árið og sýna T-módelið á bílasýningum víða um Bandaríkin.

Ford T-módelið var með fyrstu bílum sem almenningur hafði ráð á að kaupa enda var hann settur saman á færibandi í verksmiðjunni og er jafnan sagður hafa komið Ameríku „á hjólin“. Fyrstu bílarnir komu í sölu í september árið 1908 í Detroit í Michigan og urðu strax mjög vinsælir.

Bílarnir þóttu endingargóðir og enn í dag eru margir stálvélarhlutar úr Ford T-módelinu í framleiðslu. *- rat*

Bættur Passat CC

Hinn nýi Passat CC er væntanlegur hingað til lands seinnipart sumars. Passat CC er hlaðinn staðalbúnaði og ber þar hæst Lane Assist-akreinaval.

Í Passat CC má segja að tvinnist saman heimar stallbaksins og kúpubaksins. Bíllinn er hlaðinn alls konar staðalbúnaði og má þar nefna Lane Assist-akreinavara, en það er búnaður sem grípur sjálfvirkt inn í stýringu á bílnum þegar búnaðurinn skynjar að bíllinn gæti sveigt af akrein.

Annar búnaður sem vert er að nefna er fjöðrunarstýring með aðlögunareiginleikum, en fjöðrunarkerfið er þá stöðugt að laga sig að veginum og aksturssskilyrðum, og þar með sífellt að auka aksturs-þægindin og virkni fjöðrunarkerfisins. Á Passat CC er einnig Park Assistant sem hjálpar ökumanninum að leggja bílnum í stæði. Með einum takka leggur bíllinn sjálfur í stæði. *- mmr*

www.alorka.is
Sumardekk – hjólbarðaþjónusta
Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.
Hagstætt verð og traust þjónusta.

PIPAR • SÍA • 80753

BRIDGESTONE
Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða

Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!

Reykjavík
Tangarhöfða 15 : 587 5810
Vagnhöfða 6 : 577 3080

Akureyri
Réttarhvammi 1 : 464 7900

ALORKA

Áberandi glæsilegur
7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi...

Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

- MEIRI BÚNAÐUR
- MEIRA RÝMI
- MEIRI KRAFTUR

- TOD - Sjálfvirk drifstýring
- LRS - Heldur hæð við hleðslu
- DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- 18" Álfelgur
- Aksturstölva
- Bakkskynjari
- ARP - Veltivörn
- Tölvustýrð spólvörn
- Og margt fleira....

Bílabúð Benna
www.benni.is

Reykjavík
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bílasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bílasala Vesturlands
Sólbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bílahornið hjá Sissa
Brekkustíg 38
Sími 420 3300

CAPTIVA Chevrolet Captiva er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél og 5 þrepa sjálfskipting, og þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl.
Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.

GÆÐI & FRÁBÆRT VERÐ
CHEVROLET

Góð leið til að drepa tímann

Nú fer að styttast í að fjölskyldufólk fari á flakk um landið á bílum sínum.

Yfir sumartímann ferðast margir innanlands á fjölskyldubílnum. Tíminn sem fer í það að keyra á milli staða getur þó reynst yngri kynslóðinni erfiður ef ekkert er til að drepa hann.

DVD-spilarar geta stytt börnunum sem sitja í aftursætinu stundir á löngum keyrslum. Þau geta þá tekið með sér sínar uppáhaldsmyndir og áður en þau vita af er áfangastað náð. *mikael@frettabladid.is*

Það getur verið þreytandi að sitja lengi í bíl þegar maður er lítill og hefur ekkert við að vera.

Coby ferða-DVD-spilarinn hefur þann eiginleika að hann er með sjónvarpsmóttakara. Á honum er loftnet og þannig er hægt að horfa bæði á sjónvarpið og DVD-diska. Hægt er að tengja spilarann við sjónvarp og spilarann er einnig hægt að tengja í 230 volta rafmagn. Fjarstýring fylgir og möguleiki að kaupa auka hleðslurafhlöðu.

Philips PET716-spilarinn er með 7 tommu skjá. Honum fylgir fjarstýring og í honum er hristivörn. Spilarinn spilar öll kerfi og er í honum spennir fyrir 110 til 240 volt og einnig tengi fyrir bíl. Spilaranum fylgir hleðslurafhlaða sem endist í tvær klukkustundir. Þessi DVD-spilari fæst hjá Sjónvarpsmiðstöðinni.

Philips PET830 ferða-DVD-spilarinn er með 8,5 tommu skjá. Spilarinn spilar diska af öllum kerfum og hefur hristivörn. Spilaranum fylgir hleðslurafhlaða sem endist í allt að þrjár klukkustundir og þægilegar og öruggar festingar í bílinn. Góður spilari sem fæst hjá Heimilistækjum.

Sjónauki er ekki bara fyrir fuglaskoðara heldur nauðsynlegur í allar ferðir bæði innanlands og utan. Pakkið honum niður í handfarangur svo fljótlegt sé að grípa til hans.

Göngum, göngum

GÖNGUSTAFIR ERU GÓÐUR FERÐAFÉLAGI FYRIR ÞÁ SEM HAFA GAMAN AF LÖNGUM GÖNGUM

Göngustafir eru ómissandi fyrir alla áhugamenn um gönguferðir. Göngustafir fást í öllum stærðum og gerðum og því ættu allir göngugarpar að finna stafi við sitt hæfi. *- mmr*

Gist í nyrsta bæ heims

Í haust, nánar tiltekið 5. til 12. september, mun ferðaskrifstofan Trex-Hópferðamiðstöðin efna til ferðar á slóðir sem ekki hafa mikið verið á dagskrá til þessa, Lapplands og Norður-Noregs.

„Flogið verður til Helsinki, höfuðborgar Finnlands, að morgni föstudagsins. 5. september og gist þar fyrstu nóttina og farið í skoðunarferð með leiðsögn um helstu merkisstaði borgarinnar,“ segir Kristján M. Baldursson, fararstjóri í þessari ferð, og bætir við: „Að morgni næsta dags verður flogið norður til bæjarins Ivalo í finnska Lapplandi og gist þar fyrstu nóttina. Farin verður stutt sigling á Inarivatninu sem er heilagt í augum finnskra Sama. Að morgni þriðja dags hefst síðan fjögurra daga ferð um Lappland og Norður-Noreg, en gist verður í Hammerfest, nyrsta bæ í heimi, í þrjár nætur.“

Þaðan verður farið til Nordkapp, nyrsta odda Evrópu, og til bæjarins Alta þar sem Altasafnið er skoðað en það er tileinkað heimsfrægum hellaristum. Annan dag verður litast um í Hammerfest og kynnst ýmsu áhugaverðu, þar á meðal Samafjölskyldu sem kynnir menningu Sama og býður til kvöldverðar að þeirra hætti. „Á þessum norðlægu slóðum verður hægt að virða fyrir sér haustlitadýrðina, en mörgum þykir einmitt haustið vera fegursta árstíðin þar og veðurfar er mjög hagstætt.

Ekið verður meðfram Porsangerfirði og um slóðir Sama og hreindýra í hjarta Lapplands til Karasjok sem er höfuðstaður norskra Sama og gist verður í Saaraselka nóttina áður en flogið er aftur til Helsinki,“ útskýrir Kristján.

Verð á mann í ferðinni er 164.300 krónur og eru innifaldar allar ferðir, flug, fararstjórn, allar rútuferðir, sigling, gisting með morgunverði á þriggja og fjögurra stjörnu hótelum og fimm kvöldverðir ásamt skoðunarferðum, aðgangi að helstu söfnum, Nordkapp með kavíar, kampavíni og viðurkenningarskjali. Nánari upplýsingar og bókanir eru á ferðaskrifstofunni TREX-Hópferðamiðstöð í síma 587 6000 eða á heimasíðunni www.trex.is.

mikael@frettabladid.is

Kristján segir að Lappland og Norður-Noregur séu áhugaverðir staðir sem flestir ættu að hafa gaman af að sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Nordkapp er nyrsti oddi Evrópu.

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Mallorca
28. maí
frá kr. 39.990

Paraiso de Alcudia & Alcudia Pins
Bjóðum nú síðustu sætin til Mallorca í lok maí á frábæru tilboði. Bjóðum einstök kjör á gistingu á tveimur af vinsælustu gististöðum okkar í Alcudia. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu.

Verð kr. **39.990**
Netverð á mann, m.v. tvo fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku á Paraiso de Alcudia, 28. maí. Sértilboð á Alcudia Pins kr. 10.000 aukalega. Aukavika kr. 15.000.

Verð kr. **49.990**
Netverð á mann, m.v. tvo í íbúð í viku á Paraiso de Alcudia, 28. maí. Sértilboð á Alcudia Pins kr. 10.000 aukalega. Aukavika kr. 15.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

BÍLALEIGUBÍLAR
SUMARHÚS Í DANMÖRKU

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.
Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.
Innifalið í verði;
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð.
(Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter
Sumarhús
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Lalandia
LALANDIA - Rødby
Lágmarksleiga 2 dagar.
LALANDIA - Billund
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku
Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

Taktu tvöfalda vildarpunkta með þér í fríið

1000 Vildarpunktar

Bókaðu bílinn fyrir 1. maí á **www.hertz.is** og fáðu 1000 vildarpunkta hjá Vildarklúbbi Icelandair.
Tilboðið gildir til 1. maí.
Vildarklúbbur

Hertz hefur yfir 7600 afgreiðslustaði í 146 löndum.

Hertz Car Rental
Flugvallarvegi
101 Reykjavik, Iceland
hertz@hertz.is
Tel. +354 522 44 00
Fax. +354 522 44 01

Hertz
www.hertz.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Hálstau er glæsilegt og alltaf í tísku. Munstraðar slæður og klútar klæða hverja konu upp sem heimsdömu.

Karlar sýna línurnar

Tískuvikan í Mexíkó er nýafstaðin en þar vakti herratískan ekki síður athygli en kventískan.

Á tískuvikunni í Mexíkó, þar sem haust- og vetrartískan 2008 var kynnt, stálu karlarnir sumir hverjir senunni.

Áberandi voru niðurþröngar buxur, aðsniðnar silkiskyrtur og hermannaklossar. Flestir hönnuðirnir virtust aðhyllast svart, grátt og brúnt þótt sumir hafi leikið sér með aðra liti. *vera@frettabladid.is*

Brúnir tónar hjá Paola Hernandez.

Teinótt Santo-jakkaföt við hermannaklossa.

Santo-jakkaföt í þægilegri kantinum. Hvítu rúðurnar setja á þau afgerandi svip.

Þeir sem virkilega þora fara í eldrauðar buxur við svarta skyrtu en slíka samsetningu leggur hönnuðurinn Sergio Alcala upp með.

Glitrandi máni

TVÆR NÝJAR ILMTEGUNDIR FRÁ ESCADA

Tískufyrirtækið Escada hefur sett á markað nýjan herra- og dömuilm sem ber nafnið Moon Sparkle. Dömuilmurinn er afar sumarlegur. Samsetning hans eru fínlegir sumarávextir svo sem jarðarber, epli, sólber og sítrusávextir. Yfirtónar ilmsins eru ávaxtakenndir á meðan undirtónarnir eru blómakenndir. Herrailmurinn er einnig sumarlegur. Yfirtónar hans eru engifer, pipar og mandarína, en einnig má finna keim af grape, fjólu og vatnablómum.

30.000 blaðberar komnir til landsins

NuBra
Fullkomið frelsi
Saumlausir hlýrar og ekkert í bakið
Þrýsta upp brjóstunum og mynda fallega skoru
Frábærir undir árshátíðarkjólinn, sýningar eða brúðarkjólinn
Brúðarkjólaleiga Línu og Lilju
Brúðarkjólar, samkvæmiskjólar ofl.
Stórhöfða 17 (við Gullinbrú)
Opið frá 11-18 Sími: 567-0990/891-6669

Nýr félagi!
Kjartan Sigurðsson hárgreiðslumeistari, sem stofnaði og rak hárgreiðslustofuna Kúltúru í Glæsibæ frá árinu 1994 í rúman áratug, hefur nú tekið við rekstri hárgreiðslustofunnar Jóí og félagar á Skólavörðustíg 8 í hjarta Reykjavíkur. Viðskiptavinir Jóa og félaga geta treyst því að fagmennska og frábær þjónusta einkenni áfram þessa vinsælu hárgreiðslustofu með Kjartan við stjórnvölinn.
jóí & félagar
Skólavörðustígur 8 · 101 Reykjavík · Sími 552 3425

GULL BYLGJAN 909

kristy.is
Póstsendum um land allt
Sími: 437 1234
VICTORIA'S SECRET
Bath & Body Works
JONATHAN PRODUCT

Sumarið er komið með gleði og yl. Skelltu þér í sandala og settu upp sólgleraugun, það mun ekki draga ský fyrir sólu í allan dag.

Börn og umhverfi

Námskeið fyrir ungmenni á 12. aldursári og eldri. Kennsla skiptist á 4 kvöld og fer fram í húsnæði Kópavogsdeildar Hamraborg 11, 2. hæð, kl. 17-20.

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti sem varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slysabætur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

Næstu námskeið: **Námskeið A** – 19,20,21,22 maí
Námskeið B – 26,27,28,29 maí
Námskeið C – 2,3,4,5 júní
Námskeið D – 9,10,11,12 júní

Námskeiðsgjald er kr. 7500. Innifalið: Námsgögn, hressing og skyndihjálparútbúnaður.

Leiðbeinendur eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar. Þátttakendur fá staðfestingarskírteini að námskeiði loknu

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Ísinn beint af kúnni

Sæmundur Jón Jónsson, bóndi í Árbæ í Hornafirði, ætlar ásamt konu sinni að framleiða ís undir heitinu Jöklaís handa samsveitungum sínum og þeim sem eiga leið um ríki Vatnajökuls, frá Kirkjubæjarklaustri til Djúpavogs.

Sæmundur Jón Jónsson, bóndi á Árbæ í Hornafirði, ásamt konu sinni, Anne Manly Thomsen, og börnum.

„Þetta er það sem við köllum ekta rjómaís, búinn til úr rjóma og mjólk frá okkur sem kemur beint af kúnum," segir Sæmundur Jón Jónsson, bóndi á Árbæ í Hornafirði. „Það er engin meðhöndlun að öðru leyti en að ísvélin gerilsneyðir mjólkina og hitar hana, eins og verður að gera við alla mjólk sem er seld. En hún er ekki fitusprengd."

Sæmundur segir að mjólk verði yfirleitt verri á bragðið þegar hún er fitusprengd, enda sé það aðeins gert til að lengja endingartíma vörunnar. „Þessu sleppum við alveg og framleiðum ísinn sama dag og við mjólkum úr kúnum. Þegar þetta fer beint í frystinn er ekki eins mikil hætta á að ísinn skemmist."

Sæmundur og kona hans, Anne Manly Thomsen, vonast til að geta selt sem mest af ís beint frá býlinu. Þau reka þar ferðaþjónustu þar sem ferðalangar geta fylgst náið með mjöltum. „Gestirnir geta fylgst með skepnunum éta og sofa og mjöltum í sjónvarpinu inni í herbergi hjá sér. Svo geta þeir keypt ísinn úr kúnum sem við vorum að mjólka," segir Sæmundur, en býli hans er ekki nema hundrað metra frá þjóðvegi eitt og þrjátíu kílómetra fyrir vestan Höfn.

Þar sem framleiðslan byrjar smátt sér Sæmundur ekki fram á samkeppni við stærri og rótgrónari ísframleiðendur. „Þetta er eiginlega ný vara á markaði og í allt öðrum gæðaflokki. Ef við sjáum fram á að það verði eftirspurn sem við getum annað munum við reyna að komast í búðir, til dæmis í Reykjavík. Við byrjum auðvitað smátt og sníðum okkur stakk eftir vexti."

niels@frettabladid.is

Út að leika

NÚ ÞEGAR ÚTILEIKIR BARNA FARA AÐ HEFJAST ER MIKILVÆGT FYRIR FORELDRA AÐ KYNNA SÉR ÚTIVISTARREGLUR.

Þegar fer að vora og dagurinn virðist endalaus er vinsælt hjá yngri kynslóðinni að vera úti í leikjum fram eftir kvöldi. Foreldrar ættu því að kynna sér settar útivistarreglur og fara eftir þeim.

Frá 1. september til 1. maí mega börn 12 ára og yngri aðeins vera úti til klukkan 20 en 13-16 ára mega vera úti til klukkan 22. Yfir sumartímann mega 12 ára og yngri hins vegar vera úti til 22 en 13-16 ára til 24. Reglurnar miðast við fæðingarár.

- eö

K2 ICEHOBBY útivist mótorsport
Jeppahlutir
Allt fyrir jeppamanninn á einum stað

Afar vönduð pallhús í úrvali
Loftdælur
Yukon drifhlutföll
Skriðgírar
Mælar
Lækkun í lága drif

4X4
www.K2icehobby.is
Dalsbraut 1 600 Akureyri Sími 464-7960

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

Rýmingarsala
30-70% afsláttur

• Vasar
• Diskar
• Lampar
• Pottar
• Myndir
o.m.fl.
Gallery Kína
Opið mánudaga - föstudaga 10-18 laugardag 10-17 sunnudag 13-17 Ármúla 42 · Sími 895 8966

MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF VÖNDUÐUM GRILLUM OG GARÐHÚSGÖGNUM

69.900
FULLT VERÐ 79.900

34.900
FULLT VERÐ 42.900
16,5 kw/h

LANDMANN er stærsti framleiðandi Evrópu í grillum og garðhúsgögnum

LANDMANN er frá Þýskalandi
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

MMC PAJERO DID 3.2 7 manna. Ssk. Árgerð 2000. Ekinn 150 þ.km Áhvílandi kr. 1500 þús.

Bílalind
Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is

SKODA OCTAVIA AMBIENTE árg 2007 ekinn 29 þús km DÍSEL vel búinn bíll, einn eigandi, nýviði 3,4 milljónir. Tilboðsverð 2,7 milljónr

TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD árg 2001 sjálfskiptur, ekinn Aðeins 42 þús km. 2 eigendur VERÐ 1,490,000.-

Bifreiðasalan
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

Range Rover 18“
18“ álfelgur ásamt Pirelli Scorpion 225/60/18. kr. 140.000,-

Mercedes E-Class 16“
16“ álfelgur ásamt Pirelli P7 205/60/16 kr. 110.000,-

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is

BMW R1200GS árg. 2006, ek. 1 þús. km. Stgr. tilboð 1650 þús.kr. Verð áður 1970 þús.kr.

MMC Pajero GLS, árg. 2004, ek.78þús. km, Sjálfsk. Dísel, 33“breyttur, Topplúga, Leður og fl. Stgr.Tilboð 3890þús.kr, Listaverð 4290þús.kr!!

MMC Pajero GLS Dakar, árg. 2005, ek.48þús.km, Sjálfsk. Topplúga, Leður og fl. Stgr.Tilboð 3590þús.kr, Listaverð 4090þús.kr!!

Nissan Patrol GR, árg. 2003, ek.99þús. km, Sjálfsk. Dísel, Dráttarbeisli, Stigbretti og fl. Stgr.Tilboð 2590þús.kr, Listaverð 3100þús.kr!!

VW Passat, árg. 2006, ek.20þús.km, Sjálfsk. Topplúga, Leður og fl. Stgr.Tilboð 2790þús.kr, Listaverð 3040þús.kr!!

Ford F350 Lariat 4X4, árg. 2006, ek.53þús.km, Sjálfsk. Dísel, 35“Breyttur, Fjarlægðarskynjarar, Leður og fl. Verð Tilboð án Vsk 2990þús.kr, Listaverð 4150þús.kr með Vsk!!

M.Benz E430 Avantgarde, árg. 2001, ek.144þús.km, Sjálfsk. Topplúga, Hiti í sætum, Leður og fl. Stgr.Tilboð 1700þús. kr. Listaverð 2690þús.kr. Fæst á Yfirtöku á láni!!

Porsche Cayenne Turbo, árg. 2003, ek.65þús.km, Sjálfsk. Dráttarbeisli, Topplúga, Leður, Minni í sætum og fl. Stgr.Tilboð 7390þús.kr, Listaverð 8630þús.kr!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

HONDA CIVIC H/B SI Árgerð 1998. Ekinn 126 þ.km þúsund km. Verð kr. 380.000

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

FORD WINDSTAR LX, árg 1999, ek 120 þ. m, 3.8L V6, Sjálfskiptur, 7 manna, Dráttarkúla, Verð 790 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 140213 S: 567 2700.

AUDI TT ROADSTER árg 12/2000, ek aðeins 47.þ km, 5 Gíra, 180 Hestöfl, Blæju, Umboðsbíll, Gott eintak, Verð 2.190 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120590 S: 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Bílar til sölu

Einn með öllu !
M. Benz ML 500, 2005 svartur, 304 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn ABS hemlar, Aksturstölva, Álfelgur, Fjarstýrðar samlæsingar, Geislaspilari, Glertopplúga, Hiti í sætum, Höfuðpúðar aftan, Innspýting, Kastarar, Leðuráklæði, Líknarbelgir, Loftkæling, Rafdrifið sæti ökumanns, Rafdrifnar rúður, Rafdrifnir speglar, Reyklaus, Samlæsingar, Smurbók, Stigbretti, Útvarp, CD, Veltistýri, Vökvastýri, Navigation og sími sem þarf bara að virkja. Yfirtaka á láni. Skoða skipti á nýlegum Golf. Uppl. í s.822 8166.

Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Verðvernd í bílasölu. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300.

Nýr Toyota LandCruiser 200 - 5 mkr. afsláttur!
V8, 381 Hö, leður/hiti/rafmagn/minni í sætum, topplúga, bakkmyndavél, dráttarb, navi, 14 hátalarar o.m.fl. Ca. 5m. ódýrari en bensínbíllinn frá umboði en með 100 Hö kraftmeiri og eyðslugrennri vél, betra hljómkerfi og 6 þrepa ssk. í stað 5 þrepa. Viðtæk ábyrgð fylgir . Tilboðsverð: 8.990 þ. Bíll.is s. 577 3777.

Til sölu Mitsubishi Pajero ‘92, 33“ dekk, ssk, bensín, ek. 60 þ. á vél. Verð 150 þ. S. 895 9349.

Octavia ‘00 ek. 126 þ. Dráttarkr., bsk., filmur. Þarf smá lagf. Verð 400 þ. Fallegur og góður bíll. Uppl. í s. 898 5716.

Benz 500E ‘91 ek. 111 þús. http://www.blyfotur.is/viewtopic.php?t=4670 S. 695 4167.

Til sölu Mitsubishi Pajero árg ‘97 styttri gerðin
Diesel 2.5 ekinn 78 þús. Vel með farinn bíll, einn eigandi. Bein sala kr. 500 þús. Uppl. í s. 862 2047 & 849 0550.

Til sölu Toyota Hilux árg. ‘04. Uppl. í s. 849 4778 & 557 3431.

Til sölu Nissan Terrano Luxury árg. ‘99. Mjög gott eintak, ek. 120. Verð 900 þ. Uppl. í s. 892 1856 og 587 5802.

Land Cruiser 90 VX. árg 10/98. ekinn 199þkm. ssk. Dísel. 7 Manna. Góð dekk. skoðaður ‘09. Ásett Verð 1650þ. Góður afsláttur í boði,Góður Bíll. S:8923039.

Toyota Rav 4 VX ssk. 06.2006. Mjög vel með farinn lítið ek. og vel útbúinn. Ekkert áhvílandi. Uppl í s: 770-4775.

Alfa Romeo Crosswagon 4x4 diesel „jepplingur“. Leður, Bose hljómkerfi, sjálfvirk miðstöð o.m.fl. Einn eigandi. 24þ km. Skr. 01/06. Rétt verð 3.3m. Tilboð 2.8m. Áhv. erl. lán ca. 2.4m. Skoða öll tilboð. S. 690 1025.

BMW 520, ek. 160. árg. ‘98. Sjsk. Góður bíll og gott verð. Skoðaður. Verð 730 þ. Uppl. í s. 845 0772.

Ford Mustang 4.6L ‘97 Svartur, beinsk. leður, 17“ álfelgur. 990þús kr. Árni 847 6131

Yaris Luna árg. 2002. Beinskiptur. (1,4L VVTI vél), 5 dyra svartur samlitur. V 890 þús, gott 500 þús lán aðeins 16 þús á mán. 866 7981 & 690 3111.

Landr. Disc. 2,5 Tdi, árg. 97, 33“, 205 þús. km. 550.000 kr. S: 8930620.

Eins og nýr! Volvo XC90 T6 AWD 7 manna ‘05 ek. 50þ.km. Verð 4190þ. S: 824-7590

Glæsilegur Volvo S60 AWD til sölu. Ekinn 64þús. ssk, leður, krókur, AC, 17“ sumar og vetrardekk á felgum, 2.5 lítra vél. skráður í des 2003 ákvílandi lán ca 2,8 vel með farinn bíll. Verð 3,1 S:8976759

WV Passat árg. ‘04 1600 Bsk. Ek. 94 þ. Vetrard. fylgja. V. 990 þ. S. 843 3515.

LC120 á gamla verðinu
35“ breyttur GX 12/05 diesel sjálfsk, dráttarb ofl. Verð 5. 290þ. Hagstætt lán uppl 893 5011.

Ford Mustang Convertible V6 ‘05 Hl. aukab. Leður, sjsk., spoiler, Shaker 1000 hljóðkerfi. Ek. 32 þ.km. V. 3.750 þús. Uppl. í s. 899 5515.

- Forsetabíll -
M. Benz S320 L árg. ‘94. Þónustubók, sjón er sögu ríkari. Verð kr. 1650 þ. Engin skipti. Uppl. í s. 898 3420.

Honda VTX 1800 mikið breytt hjól til sölu. Auðveld yfirtaka á láni ef óskað er. Einnig MBens E280 árg. ‘94, nýsk., biluð sjálfsk. Óska eftir tilboði. Uppl. í s. 899 3621.

BÍLAR TIL SÖLU

Porsche Cayenne
3,2 Titanium Gray, 2006, 41.000 km.
Til sölu á gamla genginu Verð 6.500.000, Tilboð 5.350.000. Eyðlsa 15 á 100. Hlaðinn aukabúnaði, 18“ felgur, sumar og harðkorna vetrardekk, hraðastillir, Bose, Xenon, Tiptronic, Topplúga, Króku, CD magasín, Regnskynjari, Filma, Gardínur, Hiti í stýri og fleira og fleira. Upplýsingar í síma 892-9188, engin skipti, lán getur fylgt.

Toyota Yaris '99 3 dyra Ek. 110 þ. 5 gíra. Mjög gott eintak. V. 400 þ. S. 669 5340.

Fæst gegn yfirtöku
Til sölu Toyota landcruiser 100 VX, árg. '01, bensín, sjálfskiptur, leður, dráttarkrókur, ný skoðaður. Ekinn 123 þús. 100% lán. Uppl. í s. 892 1200.

Honda Civic 1400, árg. '98, ek. 126 þús. v+s dekk á felgum fylgja. V. 350 þús. Uppl. í s. 663 6131.

Mjög góður Patrol '94
35" breyting, vel útlítandi og topp viðhald alla tíð, viðhaldsbók. Staðgreiðsla eða skipti á nýlegum jeppa eða pickup, t.d. Mitsu L 200. S. 897 3015

Til sölu Nýtt Tabbert da vinci 540 hjólhýsi, kojuhús með 3hæða koju, klósett, sturta, 2x vaskar, ísskápur og allt sem þarf. verð 3.300.000, uppl í s. 860-1998

Til sölu & sýnis hjá toppbílum.is Nýr Subaru Forrester ek. 1800 km á frábæru verði. Uppl. gefur Agnar í s. 587 2000.

Hyundai Sonata 1999 ek 119þkm sjálfskiptur, ný skoðaður verð aðeins 395.000uppl í síma 895-5577

VW GOLF GTI '05 200 hestöfl Ekinn 54 þ.km Verð 2.490.000 S: 695-9229

Subaru Legacy Outback 2001, 2.5 l, ek. 157.000 km, sprækur og rúmgóður. Nýleg negld dekk, sumardekk. Góður fjölskyldubíll. Verð 950.000 kr, skipti möguleg á ódýrum smá bíl. s.8223280.

Jeep Cherokee 5,9 L.T.D. 1998 ek 154þkm leður rafmagn í rúðum speglum sætum innfluttur af umboði Gott eintak Verð 790.000,-uppl í síma 895-5577

Kia Soento EX 3,5 Luxuy bensín 2003 ekinn 86þkm leður lúga rafmagn í rúðum sætum hiti í sætum ogfl ásett Verð 2390.000,- tilboðsverð 1890.000,- uppl í síma 895-5577

MMC Pajero 3.2 diesel., 7 manna, leður, lúga, ssk. Lýtur mjög vel út. Áhv. 1500 í ísl. Verð 2.190. Uppl. s: 820 5658.

Til sölu Volvo FH12 420 árg. '96, ek. 487.000 ásamt malarvagni. Uppl. gefur Ingi í s. 895 7922.

Izusu Trooper 3.0 diesel til sölu. Topp eintak. Árg 2000, Ek 160.000km, ný kerti, spíssar, rafgeymir og dekk. Verð 1300þús. Skipti á ódýrari. Uppl í síma 8931533.

Ekki segja neinum, þú færð hann á 890.
Izuzu Trooper 3.0 TDI 33" 5g. 7 manna. Ný dekk og álfelgur Sk. '09. Ný túrbína. S. 663 0710.

VW touareg V10 árg. '0
Nýskr. '07 Ek. 17. þús. 10cynl. leðurákl, bakkmyndavél, loftp. fjöðrun, 11 hátalarar, ipod tengi o.m.m.fl. kostar nýr 11.590.000. verð kr. 7,5 millj. Uppl. í s. 897 4912, larus@simnet. Ath skipti á ódýrari 7 manna bíl.

VW Golf 1600, árg. 2003, ek. 70 þús. Verð 1.050 þús. S. 898 3189.

200,000 í Afslátt.
Subaru Impreza '00. 2,0 beinsk ek 161 þús listaverð 600 þús okkar verð 400 þús stgr.uppl 770-7501.

250,000 í afslátt.
Nissan Almera '01. 1,5 beinsk ek 104 þús listaverð 700 þús okkar verð 450 þús stgr.uppl 770-7501.

Audi A6 4.2 Quatrro. Árg 3/2001, ek. 158 þ.km, leður lúga Xenon 300 hö., 4wd, Ssk. Verð 2.950 þús. sk. á ódýrari. S. 690 6465.

Volvo árg. '98, sjsk, ek. 127 þús. Vel með farinn og reyklaus. Tilboð 450 þús. S. 699 6878.

Renault Kangoo árg08/06, ek.20þús, vsk bíll, rekstleiga 18 mán eftir. fæst gegn yfirtöku samnings afb. 33þús á mán. Kjartan 821 3494

Subaru Impreza '99 ek. 110 þús. er í toppstandi. Nýskoð. Ný dekk. V. 420 þús eða yfirtaka. S. 848 3717.

M.Benz '94 árg. ek. 227. Bíll í fínu standi, fæst á 300 þ. Uppl. í s. 692 8021.

Galant v6, árg 98, ekinn 139 þús, ný skoðaður, ásett verð 550, tilboð 420 þús uppl 869-4628

Nissan Patrol '96 ek. 202 þús. 38" breyttur, ný túrbína sem kemur fyrr inn og fleira. S. 863 6319.

Ódýr. Renault Clio vinnu bíll '96 ek. 153 þús. 3ja dyra, hvítur. Með fulla skoðun. Mjög góður. S. 896 6564.

Toyota Aygo 1000H7B 5 dyra hálf beinskiptur árg. '06 ek. 18.500 km. nýskr. 10/10/06 100 þús. út og yfirt. á láni. Uppl. í S. 892 5869.

Avensis W/G Disel árg 05 Ek 178þús 100% þjónusta frá Toyota áhv 1590 ásett 1790 skoða öll tilboð Árni 8979557

0-250 þús.

Golf 1400 árg.'97 ek. 142þ beinsk. góður bíll einn eigandi selst á 150þ. 6967429

Þetta er PCW felgur 17 tommu 5-100 gatadeiling, ítalska Maragoni sem er nánast ónotuð 215/45 R 17 S: 6960669

Nissan almera árg. 2000, ekinn 140 þús ,vetrardekk fylgja, verð 240.000kr, s. 696-8749

Frábært tilboð 4670þ. Toyota L.C 120 06.2006 Ekinn 64þ. 8 manna vel búinn aukahlutum. Glæsilegur bíll.Listaverð/ Ásett 5260þ.

Nissan Terrano II, 1995, sk. 08, bensín, í godu ástandi, 190þ ISK, sim. 8686725

Daihatsu Charede árg. '98 til sölu. Ek. aðeins 70þkm, sjsk, góður bíll. Uppl í s. 896 1810.

Verð aðeins 150 þús.
WV Polo árg. '96 1.4 3 dyra. Ek. 155 þ. S. 691 9374.

Ford Ranger 4x4, '92 til sölu. Þarfnast aðhlynningar. V. aðeins 60 þús. Vagnasmiðjan, Eldshöfða 21, Reykjavík. S. 898 4500.

Subaru Impreza '97 ekinn 175.000. Krókur. Verð 35.000 kr. Uppl. í síma 692 7832.

Góður vinnubíll Nissan Sunny Vagon 4x4 árg 95 sk 09/08. verð 100 þ uppl 8215888

WWPolo árg 96 5dyra ssk ek aðeins 106þ Skoðaður Smurbók Aðeins tveir eigend. v:140þ S:5675576

VW Vento '97 til sölu. Ekinn 146þ km. Uppl. í síma 898 3291.

Mitsubishi Lancer station '99 , ek. 275 þús. Verð 50 þús. Skoðaður 2008 , góð dekk. Uppl. í s. 6151777

MAZDA 323 „92 ek143þ 5dyra V.110þ s.8664163 Heiko

Toyota Hilux Diesel árg. '91 þarfnast smá lagf. Ek. 287 þ. Tilboð óskast. S. 562 6587 & 698 4938.

Toyota Corolla XLI '95 sk. '09 Uppl. í S. 895 7824.

Renault Express árg.'97 (lítill sendibíll). Ekinn 136þús. skoðaður 09 uppl. í síma 895-8685.

250-499 þús.

Honda Civic '96. 1400 vél. sjálfsk. ekin 167 þús. verð 290 þús. uppl í s:8654658

Til sölu Toyota Rav árg 96 Gott lakk. ekinn 137.000 krókur ,toppgrind. vetr + sumard. verð kr.350.000 uppl.í síma 8203673

VW Polo 2000. 1.4L Beinsk. 152Þkm. Ný tímareim. Góður bíll. 470þkr Uppl í 8240310

Toyota Avensis 1800 S/D, sjsk.ekinn 128 þ. álfelgur, nýskr. 05/99. Tilboð 490.000 stgr.!

Suzuki Sidekick árg. '97, ek. 150 þús. V+s dekk fylgja. 33" breyttur. Góður jeppi. V. 350 þ. S. 847 3216 & 865 2288.

Mazda 323F, ssk., árg. '99, ek. 112 þús. Sk. '09. Uppl. í s. 820 1497.

HyundaiAaccent árg. '01, ssk., ek.72 þús., ný tímareim og í góðu ástandi. Uppl. í s. 663 3284 .

500-999 þús.

Sparneytinn og rúmgóður Nissan primera árg 2002 ek 92 þús. Ásett 810 tilboð 650 þús. Uppl 899-1178

WV-Bora Sjsk. Ek. aðeins 45þkm. Einstaklega vel með farinn og lítið ekinn. S:8608611 eða 6998780 V: 990þús.

TILBOÐ 790.000.-STGR
BMW 523i Ekinn 179.000 árgerð 1997. steptronic, ssk. Bensín, cd, Leður, topplúga, álfelgur, abs, spólvörn,loftkæling og vetrardekk. Upplýsingar í s. 863 0578

1-2 milljónir

350 þ. Afsl. '04 Megane, bsk. 45 þ.km 1.6l, 17"og16"álf. (S+V), topplúga, ofl. aukhl. Stgr. V. 1,1 m. S. 698 0772.

BÍLAR TIL SÖLU

heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 26. APRÍL 2008

HÖNNUN

Hönnuðir færa út kvíarnar

HEIMA ER BEST

Djass staðgengill hafsins

INNLIT

Þórunn Högnadóttir sjónvarpskona

FRÉTTABLAÐIÐ

– ekki bara **grill!**

Sölustaðir: Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri · Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is

XEINN JG EBG 548 03

HEIMILISHALD
MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR

Krómuð glysveröld

Síðustu viku heimsótti ég heimilissýninguna Salone Internazionale del Mobile sem haldin er árlega í Mílanó á Ítalíu. Á sýninguna flykkjast blaðamenn, innkaupafólk og arkitektar til að fá strauma og stefnur framtíðarinnar beint í æð. Ég var svo glöð þegar ég labbaði þarna um og sá hvernig heimurinn var að hugsa á svipuðum nótum og ég sjálf. Mínimalisminn er greinilega á undanhaldi og hið kaotíska er að taka yfir með miklum glamúráhrifum. Það var þó ekki bara glamúrinn sem var ríkjandi heldur minnti ansi margt á sjötta áratuginn í húsgögnum og sumir básarnir voru eins og kókaínpartí í amerískri bíómynd. Það vantaði bara sundlaugina og hávaxnar ljóshærðar gellur í þröngum samfestingum.

Árið 2003 sýndi Tom Dixon speglakúluljósin sem hafa algerlega slegið í gegn. Þau þóttu ótrúlega framúrstefnuleg og það voru ekki allir vissir um að þau myndu raunverulega hitta í mark. Núna, fimm árum síðar, hefðu Tom Dixon-ljósin smellpassað inn á hvern bás á sýningunni. Þar sá ég líka að krómið er að taka við af burstuðu stáli og sumir gengu svo langt að sýna gulllituð blöndunartæki og höldur á skápa. Er hægt að biðja um meiri glamúr en það?

Í bland við allt glingrið og glamúrinn voru plöntur áberandi líkt og það þyrfti einhverja jarðtengingu inn á nútímaheimilin. Síðustu ár hafa blóm þótt algert aukaatriði inni á íslenskum mínimalískum heimilum og ekki hefur sést annar gróður en orkedía í ferköntuðum blómapotti eða túlípanar í Ittala-vösum. Á sýningunni sá ég að blóm er það sem íslensku þjóðina vantar og það var svo gaman að sjá hvernig heilu pálmatrjánum var komið fyrir í stofunni án þess að vera asnalegt. Í framhaldinu spólaði ég til baka og minntist áttunda áratugarins þegar velmegun var mæld í stærð pálmans í stofunni.

Fyrir þá sem vilja vera skrefi á undan nágrannanum er málið að fá sér risastóra hringlaga spegla, kork á veggina, pálmatré í stofuna og króma allt sem hægt er að króma.

Speglar voru einnig áberandi, bæði á veggi en líka í húsgögnum. Eitt fyrirtækið sýndi til dæmis ansi vegleg speglahúsgögn, risastórar kommóður, hillur, stofuborð og lampa. Ég féll alveg fyrir þessu og sá fyrir mér hvernig hægt væri að blanda þessu með þykkum veglegum mottum, kósí sófum og pálmatréð myndi svo sannarlega toppa útkomuna. Kannski hljómar þetta ekkert ógurlega vel, minnir kannski meira á Southfork en smart heimili, en ég get lofað að þetta kemur vel út ef þetta er útfært á réttan máta. Fyrir þá sem vilja vera skrefi á undan nágrannanum er málið að fá sér risastóra hringlaga spegla, kork á veggina, pálmatré í stofuna og króma allt sem hægt er að króma. Fyrir þá sem þora ekki að umbreyta heimilinu en langar að upplifa þessa stemningu er um að gera að blanda sér bara vodka í kók, borða bugles og biðja leigubílinn um að keyra í Hollywood.

● **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson tók mynd á heimili Þórunnar Högnadóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Leikherbergið mikill kostur

● Leikkonan Hrefna Hallgrímsdóttir græddi leikherbergi fyrir syni sína og stóran garð þegar hún stækkaði við sig og flutti úr vesturbæ Reykjavíkur í Kópavog.

Hrefna Hallgrímsdóttir, sem margir kannast við sem Skrítlu úr barnaleikritinu og -þáttunum um Skoppu og Skrítlu, er sannkölluð strákamamma enda á hún tvo unga syni. Þeir eru báðir miklir boltastrákar og æfa fótbolta með Val.

Fjölskyldan, sem átti um tíma heima í vesturbæ Reykjavíkur, flutti fyrir nokkru í Kópavog í þeim tilgangi að stækka við sig og fengu strákarnir þá heilt leikherbergi í kjallaranum fyrir sig.

„Það var helsti kosturinn við nýja húsið, ásamt garðinum, en ég viðurkenni þó alveg að ég átti mjög erfitt með að flytja úr vesturbænum þar sem allt var í göngufæri," segir Hrefna. „Það góða við leikherbergið er að úr því er opið inn í sjónvarpsstofu, sem gerir það að verkum að þegar við erum með gesti er hægt að sitja og spjalla með augun á börnunum," bætir hún við.

Í einu horni herbergisins eru rimlar á veggnum og stór dýna fyrir neðan. „Þetta er stórsniðugt horn, sérstaklega á löngum vetrum þegar lítið er hægt að fara út. Þá hamast strákarnir þarna og fá útrás," lýsir Hrefna.

Við hliðina á dýnunni er körfuboltaspjald en yngri strákurinn, sem er fjögurra ára, fékk það í tveggja ára afmælisgjöf. „Hann var farinn að hlaupa um allt og rekja boltann eins og hálfs árs gamall ásamt því að horfa á heilu körfuboltaleikina með föður sínum," segir Hrefna og fannst henni og manninum hennar mikilvægt að ýta frekar undir þann mikla boltaáhuga.

Fyrir utan boltaleiki segir Hrefna strákana vera hrifna af playmó og dýrum og fylla leikföngin þeirra hillur og aðrar hirslur í herberginu. Hún segir þá vera lítið fyrir bíla og sams konar tæki en í loftinu hangir þó flugvélaljós úr leikfangaversluninni Einu sinni var.

Hrefna segir ýmis ný og spennandi verkefni fram undan hjá Skoppu og Skrítlu en þær eru í sjónvarpinu á hverjum laugardagsmorgni ásamt því að leika í Þjóðleikhúsinu. - ve

Hrefna er sankölluð strákamamma en synir hennar eiga skemmtilegt leikherbergi í kjallaranum á heimili fjölskyldunnar í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Rimlarnir og körfuboltaspjaldið njóta sérstakra vinsælda.

Þráðlaus þægindi frá Danfoss

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og
framleiðslu gólfhitastýringa

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

ZHUHAI basthúsgögn
stóll rétt verð 17.900,- nú 14.320,-
H96 X B73 X D76 cm 504133
sófi rétt verð 24.900,- nú 19.920,-
H96 X B132 X D76 cm 504140
kista rétt verð 19.900,- nú 15.920,-
H51 X L91 X B51 cm 506274

BLÓMAPOTTAR OG ÚTIVASAR
Mikið úrval af útivösum og blómapottum
á pallinn eða svalirnar

50% afsláttur

HVÍTT POSTULÍN
16 stk í kassa á 50% afslætti
verð áður 3990,-
nú **1.995,-**

MELVI
Tveir litir, hægt að stafla
535264 / 535274
verð áður 3990,-
nú **1.995,-**

50% afsláttur

GLASAMARKAÐUR
um helgina fullt af fallegum
sumarglösum á
90,- kr. stk.

the PIER **Gleðilegt sumar**

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 / laugardagar 10:00 til 18:00 / sunnudagar 12:00 til 18:00

Gjöfin

Tivoli Audio

TIVOLI AUDIO MODEL ONE ÚTVARP Tengimöguleiki fyrir iPod / MP3 spilara

TIVOLI AUDIO MODEL TWO STEREÓÚTVARP Tengimöguleiki fyrir iPod/MP3 spilara

TIVOLI AUDIO MODEL THREE ÚTVARP+VEKJARAKLUKKA

TIVOLI AUDIO MUSIC SYSTEM Stereóútvarp með CD,tengi f.iPod o.m.fl.

TIVOLI AUDIO PAL VEÐRAÞOLIÐ FERÐAÚTVARP Tengimöguleiki fyrir iPod/MP3 spilara

TIVOLI AUDIO SONGBOOK STEREOÚTVARP Tengimöguleiki fyrir iPod/MP3 spilara

www.tivoliaudio.is
tivoliaudio@tivoliaudio.is

Tivoli Audio
ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5012

Kjartan Sturluson og Ingvi Þór Guðmundsson eru eigendur og stofnendur Birkilands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslensk hönnun á einn stað

● Birkiland er ný vefverslun helguð íslenskri hönnun og ýmsu sem henni viðkemur.

Íslenskri hönnun hefur á undanförnum árum vaxið ásmegin, margir hönnuðir komið fram með góða hönnun og umfjöllun aukist til muna. Aftur á móti hefur aðgengi að íslenskri hönnun á veraldarvefnum ekki verið eins góð og hún ætti að vera en með tilkomu Birkilands, www.birkiland.is, hefur orðið breyting þar á.

Kjartan Sturluson og Ingvi Þór Guðmundsson eru eigendur og stofnendur Birkilands en þeir hafa báðir haft mikinn áhuga á íslenskri hönnun í gegnum tíðina. „Á Íslandi hefur skort vettvang fyrir íslenska hönnuði á vefnum svo þeir geti á auðveldan hátt komið verkum sínum á framfæri, bæði hér heima og erlendis. Með tilkomu Birkilands er á einfaldan hátt hægt að nálgast gott úrval af íslenskri hönnun á einum og sama staðnum. Svo er Birkiland auðvitað alltaf opinn og sendir vörur til viðskiptavina sinna um allan heim," útskýrir Kjartan.

Margir af fremstu hönnuðum Íslands eru með vörur sínar á Birkilandi og má þar nefna Tinnu Gunnarsdóttur, Hrafnkel Birgisson, Björg Juto og Óðin Bolla. Inniheldur síðan ítarlegar upplýsingar um hönnuðina og vörur þeirra. Þar að auki er hægt að panta bækur um hönnun, arkitektúr, ljósmyndun og fleira í gegnum síðuna.

„Hugmyndin að Birkilandi hefur í nokkurn tíma blundað í okkur en undirbúningsvinnan hófst fyrir tæpu ári. Viðtökurnar hafa verið góðar og höfum við fengið mikið lof fyrir framtakið. Þessi góðu viðbrögð sem við höfum fengið síðustu daga sannfærir okkur enn frekar um hversu nauðsynlegt er að skapa íslenskri hönnun alvöru samastað á veraldarvefnum."

Kökuform, sem kallast Tools You Bake, eftir Hrafnkel Birgisson.

Framtíðarmarkmið Birkilands eru skýr en Kjartan lýsir þeim á eftirfarandi hátt: „Fram undan hjá Birkilandi er að halda áfram að styðja við bakið á íslenskri hönnun og koma henni á framfæri, hérlendis sem og erlendis. Við í Birkilandi erum með fullt af hugmyndum sem allar tengjast hönnun á einn eða annan hátt og viljum að sjálfsögðu koma þeim í framkvæmd í allra nánustu framtíð."

Kjartan bendir á að hönnuðir sem vilji koma hönnun sinni á framfæri geti haft samband með því að senda póst á netfangið birkiland@birkiland.com.

- mmr



Haustblóm eftir Tinnu Gunnarsdóttur.

Litrík glös eða bollar eftir Hrafnkel Birgisson sem kallast Hoch die Tassen.

Snaginn Starkaður eftir Tinnu Gunnarsdóttur.

RÝMINGARSALA

SÍÐUSTU DAGAR!

Vegna nýrrar vörulínu frá **King Koil Comfort solution** verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga

á gamla genginu með allt að 30% afslætti.

AVERY Spine support (Full XL 135x203)	AVERY Spine support (Queen size 153x203)	AVERY Spine support (King size 193x203)	AVERY Spine support (Twin XL 97x203)	AVERY Spine support (Cal King size 183x213)
kr. 84.800	kr. 89.900	kr. 129.800	kr. 68.900	kr. 129.800

Enn eru til svefnsófar og stillanleg rúm á gamla genginu.

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Blá húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

Lára Aðalsteinsdóttir, markaðsstjóri Eymundsson, lætur fara vel um sig í fallegri stofunni heima, en þar ráða menning og listir ríkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sinfónía hafs sú fegursta

● Ef veggir gætu talað segðu þeir frá ósögðum leyndarmálum, eins og mælskir páfagaukar gera stundum, en með því sem prýðir veggina má glöggt koma upp um í húsráðandann. Hjá Láru Aðalsteinsdóttur, markaðsstjóra Eymundsson, eru það bækur, bækur og bækur; litskrúðug menning og listir uppi um alla veggi til að njóta.

„Þegar ég kem heim geri ég mitt besta til að klæða mig úr vinnunni og njóta þess að eiga dásamlega fjölskyldu og vini," segir Lára Aðalsteinsdóttir, markaðsstjóri Eymundsson, innt eftir því hvernig hún nærir best skilningarvitin heima.

„Ég hreiðra um mig í yndislega sófanum mínum, helli upp á gott kaffi og les, þegar ég vil virkilega slaka á. Ég hef alla tíð verið alæta á bókmenntir, en eftir að tími til lestrar minnkaði er ég farin að verða mun gagnrýnni á hvaða bókmenntir verða fyrir valinu," segir Lára, sem undanfarnar vikur hefur haft í nógu að snúast við opnun nýrrar Eymundsson-verslunar í Holtagörðum og undirbúning mikillar bókaveislu í Eymundsson í tilefni af Viku bókarinnar sem lýkur 4. maí. *- plg*

BRAGÐ

Ég er sérlega almennileg við bragðskyn mitt og finn endalaus tilefni til að elda góðan mat og drekka góð vín. Ég kynntist vínsmökkun þegar ég dvaldi í Mið-Evrópu sumarlangt og hef síðan leikið mér við að þróa vínsmökkunarhæfileikann. Ég er langt frá því fullnuma svo ég nýti tækifæri sem gefast til að æfa mig og dekra þá við bragðskynið um leið.

LYKT

Ég er mjög viðkvæm fyrir hvers kyns lykt og ekki margt sem leikur við lyktarskyn mitt. Má segja að bragð- og lyktarskyn sé eitt og hið sama hjá mér. Ég þarf ávallt að lykta af mat og drykk áður en ég smakka, og legg oft dóm af lyktinni einni saman, í stað þess að dæma út frá bragðinu. Mér skilst að ég fari á mis við margar eðalkrásir sökum þessa. Svo eru fáeinar undantekningar sem næra lyktarskynið, eins og ilmur af þeim sem maður elskar, angan af sjó á fallegum sumardegi og keimur af eðalvíni. Allt ómótstæðileg andartök að upplifa.



HEYRN

Það fallegasta sem ég heyri er öldunniðurinn þegar ég er stödd í sumarhúsi fjölskyldunnar á miðjum Eyjafirði. Það er ekkert sem jafnast á við sinfóníu hafsins. Hljóðin frá hafinu hafa alltaf heillað mig því þau eru djúp og óræð um leið og þau eru leikandi og létt. Það flæðir orka úr hafinu sem endurnærir öll skilningarvit og kemur jafnvægi á huga og líkama. Næst á eftir hafinu kemur vel spilaður djass og er hann notaður sem staðgengill hafsins heima í borginni. Hann örvar fleiri skilningarvit ef vel er leikið.

SNERTING

Kraftur mannlegrar snertingar er vanmetinn í nútímanum. Ég er viss um að margt mætti bæta með hlýlegu faðmlagi eða fallegu klappi á bakið. Að teygja sig eftir þeim sem manni þykir vænt um og snerta, er dásamleg tilfinning og aldrei hægt að fá nóg. En líka má örva snertiskynið með því að handfjatla fallegan grip eða bók sem manni þykir vænt um. Við erum svo skemmtilega skrýtin stundum.

SJÖTTA SKILNINGARVITIÐ

Það er margt sem truflar sjötta skilningarvit mitt í borgarysnum, en þegar í sveitina er komið, skór og sokkar læstir inni í skáp, og almennileg jarðtenging kemst á, gerist stundum margt skemmtilegt og heimurinn tekur á sig nýja liti. Þá vil ég meina að sjötta skilningarvitið taki við.

SJÓN

Ekkert jafnast á við að horfa á einkasoninn vaxa úr grasi og þess nýt ég alla daga heima. Til að næra fagurkerann passa ég upp á að hafa falleg blóm í kringum mig og er fastagestur í blómabúðinni á Hagamel. Ég las einu sinni að nostur við blóm á morgnana kæmi jafnvægi á hugann fyrir annríki dagsins. Ég trúi þessu eins og heilögum sannleika. Mér finnst líka nauðsyn að hafa fallega listmuni í kringum mig. Þeir þurfa ekki að vera margir, en vel valdir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Lára í fallegri, bjartri og notalegri stofunni heima.

NORDICASPA

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla

Guðrún Einarsdóttir
Blómaskreytir í Blómavali – 15 kg af síðan 5. nóvember
Krafturinn hefur aukist og mér fannst frábært að fá aðhaldið og einkaþjálfunina. Breytti alveg um lífsstíl og jók hreyfinguna mikið. Stöðin er hlýleg og umhverfið og viðmót starfsfólksins er frábært. Reglulega vel farið ofan í mataræðið og á alveg nýjan hátt, hugsað út frá því að auka vellíðan í daglegu lífi. Vellíðanin sem ég finn í dag er eins og að fá sér góða sneið af franskri súkkulaðiköku.

Gunnar M. Sigurfinnsson
Framkvæmdarstjóri hjá Icelandair – Missti 25% fituforðans á 2 mánuðum
Besta námskeið sem ég hef farið á. Kílóin fuku og ég er kominn vel á leið með breyttan lífsstíl og líður mikið betur. Engar öfgar heldur bara skynsemi. Gríðarlega mikilvægt til að halda út daginn og ég finn vel hversu krafturinn hefur aukist til að takast á við krefjandi verkefni hvers dags.

María Másdóttir
Eigandi Blómahönnunar, blómaskreytir og listfræðingur – Missti 6,2 kg á 4 vikum
Frábær leiðsögn, frábær stöð og mesta aðhald sem hægt er að fá. Betra en einkaþjálfun! Svo er líka fínt að kílóin fuku og orkan hefur aukist og almenn vellíðan. Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!

Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- Tímar eru: 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30 mánudaga, miðvikudaga og föstudaga
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefjast 5. maí

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla **genginu**
FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Höfum opnað stærri verslun á nýjum stað í Faxafeni 14.

Opið laugardag 10 - 16
LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 5516646

Tilvalið er að nota veggfóður, efnisdúk, pappír og eldspýtnastokka í dúkkuhús.

Fjögurra herbergja íbúð gerð úr pappír og dúk

Á rigningardögum má finna sér ýmislegt til dundurs. Til dæmis er skemmtilegt að útbúa fallegt dúkkuhús hvort sem er fyrir sjálfan sig eða fyrir krakkana. Fjölskyldan getur sameinast við verkefnið en auðvelt er að henda upp lítilli fjögurra herbergja íbúð úr tveimur pappaspjöldum. Tilvalið er að nota gamla afganga af veggfóðri eða bara munstraðan efnisdúk úr saumaskúffunni á veggi dúkkuhússins og láta hugmyndaflugið ráða um val á gólfefnum. Litlar eldhúsinnréttingar er hægt að skera út úr pappa og útbúa skúffueiningar úr eldspýtustokkum. Möguleikarnir eru óþrjótandi en leiðbeiningar að dúkkuhúsinu á myndinni má finna á vefslóðinni, http://www.cookiemag.com/magazine/blogs/nesting/2008/02/diy-dollhouse.html



Smart ísskápur í bústaðinn

Þessi litli ísskápur er frá japanska fyrirtækinu Twinbird Corporation. Hann er hljóðlátur, fæst í mörgum litum og getur kælt matvæli og drykki niður í fjórar gráður.

Þetta er tilvalin græja í sumarbústaðinn og ekki spillir framúrstefnulegt útlitið fyrir sem er mjög í anda japanskra framleiðenda.

Ísskápurinn tekur allt að sex lítra og getur hæglega haldið utan um nokkrar kippur af bjór eða svaladrykkjum.

Þá gæti ísskápur í þessari stærð verið sniðugur fyrir fólk sem vill skammta sér mat yfir daginn. Í hann má setja fjórar til fimm máltíðir og láta þar við sitja þegar þeim er lokið.

Framúrstefnulegur ísskápur frá Japan.

Sjá nánar á slóðinni www.twinbird.jp/english/aboutus.html.

hönnun

● **LITUÐ GLERBORÐ** Sænski hönnunarhópurinn Front sýndi falleg glerborð á hönnunarsýningunni í Mílanó sem lauk nú í vikunni. Innblásturinn að borðinu kemur frá ævintýrinu um Lísu í Undralandi en hún rakst á lítið borð úr gleri á ferðalagi sínu.

Borðið var unnið fyrir hollenska hönnunarfyrirtækið Moooi en Front-hópurinn er þar á lista yfir hönnuði innan um nöfn eins og Ross Lovegrove og Marcel Wanders. Front hefur vakið athygli fyrir frumlega og skemmtilega hönnun og hefur aðsetur í Stokkhólmi. Sjá nánar á vefsíðunni www.front.se.

Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!

Gluggasmiðjan

Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is

Skraut í garðinn

Sumarið er komið en þó þarf enn að bíða eftir að blómin komi upp. Meðan beðið er eftir blómunum má lífga upp á garðinn með ýmsum ráðum. Til dæmis með því að stinga litskrúðugum og skemmtilegum skrautpinnum um allan garð. Kosturinn við þá er að ekkert þarf að vökva eða klippa þá til og grillveislan verður lífleg og litskrúðug í annars gráum og lauflausum garðinum. Skrautpinnarnir eru sérstaklega hentugt fyrir þá sem ekki státa af grænum fingrum. Sjá www.2modern.com/garden

DRAUMAHÚSIÐ:

Vill búa á efstu hæð Perlunnar

Ólafur Jónas Sigurðsson, nemi og körfuboltaleikmaður hjá ÍR, á sér heldur óvenjulegt draumahús en honum finnst efsta hæð Perlunnar tilvalinn staður til að búa á.

„Þarna er alveg snilldarútsýni yfir allt. Það væri ekki amalegt að ganga út á svalirnar á morgnana með kaffibolla og líta yfir fjallgarðinn sem umkringir höfuðborgina.

Svalirnar eru einnig frábærar fyrir grillveislur og þar kæmust allir að sem vildu. Eldhúsinu og barnum myndi ég trúlega halda enda aðstaðan ekki af verri endanum þarna og hægt að bjóða óteljandi vinum og vandamönnum í mat og drykk.Trúlega yrði ég að henda upp milliveggjum til að búa til svefnherbergi og þess háttar. Ekki er verra að hæðin snýst og því hægt að sofna með Breiðholtið fyrir framan sig en vakna svo með Esjuna í öllu sínu veldi í morgunsárið," segir Ólafur kátur.

„Ég yrði að koma upp góðu sjónvarpsholi með öllum bestu tækjunum enda ekki annað hægt fyrst maður væri að þessu. Ég kæmi mér upp smágarði á svölunum svo það yrði líf í þessu hjá mér og til að sýna hversu græna fingur ég hef."

Ólafi þætti ekki amalegt að drekka morgunkaffið á svölum Perlunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann segir að helsti ókostur við að búa á efstu hæð Perlunnar væri trúlega vinnan sem færi í að pússa allt glerið. Það væri þó eitthvað sem hann og kærastan gætu dundað sér við í rólegheitunum.

„Þegar þetta gerist og ef það gerist verður svaka veisla, ég lofa því," segir Ólafur og hlær.

- mmr

Gæða garðhúsgögn

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum viði

www.valhusgogn.is

- Umsjónarmaður tómstundaheimilis 100% starf
- Leiðbeinendur á tómstundaheimili 30-50% störf

Sjálandsskóli (590 3100, helgi@sjalandsskoli.is)
- Umsjónarkennarar á mið- og efsta stigi
- Sérkennari
- Kennari í náttúrurfræði
- Skólaliði 75-100% starf

- Umsjónarmaður tómstundaheimilis 75% starf

Umsóknir berist skólastjóra viðkomandi skóla sem veitir nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 3. maí nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN við hlutaðeigandi stéttarfélög.

Deildarstjóri skóladeildar

Fræðslu- og menningarsvið

FASTEIGNIR

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

ENGJAVELLIR 10 - HF. 4RA HERB. OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 16-17

Frum

Glæsileg 130 fm íbúð í nýju 4-býli. Ein íbúð alveg fullbúin með tækjum og gólfefnum. Tvær íbúðir tilbúnar undir tréverk. Sérinngangur. Allt sér. Verð frá 27,5 millj. 90% lán. Stefán Vilhjálmsson byggingarverktaki. Afhending strax á öllum íbúðum. Verið velkomin.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

VERKTAKAR MAGNI

Vantar vanan verkstjóra
við jarðvinnuframkvæmdir til starfa strax.
Upplýsingar gefur
Hörður Gauti í síma **660-6101**

Vaktstjóri á Pizza Hut:

Pizza Hut leitar að öflugum vaktstjórum á Pizza Hut Sprengisandi og í Smáralind. Starfið felst í stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra.
Hæfniskröfur: Þjónustlund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum.
Reynsla af þjónustu og stjórnun æskileg.
Lágmarksaldur er 22 ár. Um er að ræða framtíðarstarf.
Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is.
Nánari upplýsingar veitir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir framkvæmdastóri í síma 863-1136

Pizza Hut

Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

Skipulags- og umhverfissvið

Hátröð 8. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Hátraðar nr. 8. Í tillögunni felst að fjarlægja einbýlishús á lóðinni nr. 8 við Hátröð og reisa í þess stað parhús á einni hæð auk rishæðar og bílageymslu. Hámarks byggingarmagn íbúðarhúss og bílageymslu er 400 m2 og nýtingarhlutfall 0,46. Hámarks hæð íbúarhúss er 7 metrar. Gert er ráð fyrir 4 bílastæðum á lóðinni. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 15. apríl 2008.

Kópavogsbrún 2 og 4. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Kópavogsbrúnar 2 og 4. Vísað er í gildandi skipulagsskilmála fyrir Kópavogstún samþykkta í bæjarstjórn 8. nóvember 2005. Í tillögunni felst að stækka byggingarreiti úr 282m2 í 356 m2 á hvorri lóð. Hámarks flatarmál hús fer úr 564 m2 í 730 m2 á hvorri lóð. Nýtingarhlutfall fer úr 0.5 í 0.7 án bílakjallara. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000/1:500 dags. 15. febrúar 2008.

Vatnsendi - Svæðið milli vatns og vegar. Vatnsendablettir 730-739. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi á Vatnsendablettum 730-739. Vísað er í gildandi skipulagsskilmála fyrir Vatnsenda, svæðið milli vatns og vegar sem samþykkt var í bæjarstjórn 8. maí 2001. Í breyttri tillögunni felst að sex einbýlishúsalóðum í norðurhluta svæðisins er breytt í sex parhúsalóðir og einbýlishúsalóðum á suðurjaðri svæðisins er fjölgað um eina. Byggingarreitur einbýlishúsa við húsagötu B verður minnkaður. Hámarksgrunnflötur einbýlishúsa verður 250 m2 og heildarflatarmál 350 m2. Hámarksgrunnflötur parhúsa verður 125 m2 og heildarflatarmál 250 m2. Íbúðum á svæðinu fjölgar um 7. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 25. mars 2008. Skipulagsskilmálar dags. 25. mars 2008 fylgja tillögunni.

Vallargerði 31. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Vallargerðis 31. Í tillögunni felst að byggt verði við núverandi íbúðarhús til vesturs um 4,8 metra, til suðurs um 5 metra og til austurs um 4 metra. Húsið stækkar um 81 m2 og verður heildarflatarmál húss með bílageymslu um 241 m2. Lóðarstærð er 794 m2 og verður nýtingarhlutfall eftir breytingu 0,3. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 dags. 10. mars 2008.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 frá 29. apríl 2008 til 27. maí 2008. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 10. júní 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

FASTEIGNIR

SUMARHÚS SUÐURLANDI

BÓKIÐ SKOÐUN !
Vörðulundur, Hallkelshólum í Grímsnesi
Lítið og notalegt hús.
Stærð: 24m2
Verð: 5,9 millj.

BÓKIÐ SKOÐUN !
Lóðir í Grímsnesi, Ormsstaðir, Miðengi, Syðri brú, Búrfell,
Verð frá 2,4 millj
Stærð frá ca 5000 m2

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 15:30 – 16:30
Efsti-dalur lóð nr 33, Bláskógabyggð. Ca 12 km austan við Laugarvatn. Vel viðhaldið hús á gróinni útsýnislóð. Leiðalýsing í síma 864-8090 Snorri
Stærð: 43m2. **Verð: 14,9 millj.**

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 13:00 – 14:00
Lyngbrekka 6, Búrfellslandi. Nýlegt, fullbúið og með húsgögnum. Leiðalýsing í síma 694-9999 Magnús
Stærð:82m2. **Verð:26,9 millj.**

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 14:00 – 15:00
Rimatjörn 26, Bláskógabyggð, 10 km austan við Laugarvatn. Glænýtt og vandað hús. Fullbúið með palli og potti.
Leiðalýsing í síma 864-8090 Snorri
Stærð: 52m2. **Verð: 19,9 millj.**

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 14:00 – 15:00
Rimatjörn 30, Bláskógabyggð, 10 km austan við Laugarvatn. Glænýtt og vandað hús. Skilast fullbúið, með palli, potti og gufubaði. Leiðalýsing í síma 864-8090 Snorri
Stærð:100m2. **Verð: 24,9 millj.**

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 14:30– 15:30
Borgarleynir 10, Miðengi, Grímsnesi. Glænýtt stórt hús á tveimur hæðum, með góðum bílskúr. Tæplega tilbúið til innr. Leiðalýsing í síma 694-9999 Magnús
Stærð: 168m2. **Verð: 27,9 millj.**

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 16:00 – 17:00
Bjarkarbraut 24, Reykholti Biskupstungum. Sumarhús/heilsárshús með góðu láni frá ÍLS. Skilast fokhelt eða tilb. Til innréttinga. Leiðalýsing í síma 694-9999 Magnús
Stærð: 210m2. **Verð: 19,8 – 25,9 millj.**

Frum

ÞÓRUNN
Lögg. fasteignasali
Sími 512 3400
tse@remax.is

MAGNÚS NINNI
Sölufulltrúi
Sími 694 9999
maggi@remax.is

SNORRI
Sölufulltrúi
Sími 864 8090
ss@remax.is

RE/MAX Bær
FASTEIGNASALAN Í BÆNUM

Remax Bær • Malarhöfða 2 • Sími 512 3400
www.remax.is • Allar **REMAX** fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

HLUSTENDA-
VERÐLAUN
FM 957
SKEMMTUN YFIR
HÆTTUMÖRKUM
Hlustendaverðlaun FM957 eru að bresta á.
Laugardagskvöldið 3. maí í Háskólabíói, í beinni útsendingu á Stöð 2, Visir.is og FM957.
Enginn er óhultur!
Miðasala í verslunum Símans og á midi.is.
Nánari upplýsingar á FM957.is.
Síminn
FM957

Illugi: Sennilega yrði það Ráðherrabústaðurinn í Tjarnargötu. Það hús stóð áður á grunni þess húss sem konan mín ólst upp í á Flateyri,sem sagt á grunni hússins sem faðir hennar, Einar Oddur, byggði sér. Þetta er fallegt hús sem tengist þá fjölskyldu minni með þessum hætti og er með góðum garði. Ég yrði þó að fjölga hellunum eitthvað í garðinum því ég er með ofnæmi fyrir grasi. Þetta yrði frekar dauður garður.
Jónsi: Opinbera byggingin sem ég ætla að búa í er verið að byggja hérna niður við höfn.
Illugi: Já, þessi sem kostar alla milljarðana.
Jónsi: Einmitt. Tónlistarhúsið. Eflaust hægt að hafa einhver falleg svefnherbergi þarna inni. Ég myndi svo bara vera með vatnsleikjagarð í höfninni.
Illugi: Fallegasti garður á Íslandi – það er nú vont að lenda í þessari spurningu – því af ofnæmisástæðum veit ég ekkert um garða. En reyndar finnst mér Hljómskálagarðurinn vera mjög sjarmerandi.
Jónsi: Ætli uppáhaldsgarðurinn minn sé ekki bara heimatúnið í sveitinni á Hvammsstöðum degi fyrir slátt.

Óska-jarðarberjajógúrt

Á meðan einhverjir segja að allir séu orðnir hundleiðir á fréttum um efnahagsástandið hefur heimasíða Dr. Gunna, sem tekur við ábendingum neytenda um okur, aldrei fengið fleiri tilkynningar. Hafið þið hætt við að kaupa ykkur eitthvað nýlega vegna þess að ykkur fannst það okur? Ef þið ættuð að velja þrjár vörur í hillunni úti í matvörubúð til að lækka verðið á – hvaða vörur yrðu fyrir valinu?
Jónsi: Já, ég fór inn á bensínstöð um daginn, ætlaði að kaupa mér flögupoka, hann kostaði um 500 krónur og mér fannst það mjög óþægileg tilhugsun að kaupa hann – sér í lagi þegar að ég kom með hann kassanum og í ljós kom að í rauninni kostaði pokinn 610 krónur.
Illugi: Ég kaupi satt best að segja ekki mikið umfram það sem nauðsynlegt er og það er auðvitað ýmislegt sem maður neitar sér um í lífinu. Tek ég þá dýra bíla sem dæmi. Ég sé engan tilgang slíkum kaupum. Maður starði einmitt úr sér augun þegar þeir í 4x4-klúbbnum voru að mótmæla háu bensínverði fyrir utan þingið. Þar mátti til dæmis sjá einn á risastórum bíl sem eyddi svo miklu að það þurfti að hafa aukabensíntank upp á honum. Ég get vel skilið að fólk sé óánægt með hátt bensínverð, en þegar maður er reiður yfir því og er um leið á svona bíl er það eitthvað skrítið.
Jónsi: Ef ég ætti að velja þrjár vörur til að lækka verðið á yrðu það bleyjur, hörfræolía og þar sem ég er mikill mjólkurvörufíkill myndi ég vilja sjá lægra verð á Óska-jarðarberjajógúrti, sem mér þykir afskaplega gott.
Illugi: Það væri ágætt ef verð á kjúklingabringum myndi lækka, ég kaupi dálítið af þeim. Einnig verðið á léttmjólk. Svo borða ég mikið af tómötum þannig að þeir mættu lækka.

Davíð yrði foringinn

Erlend mafíustarfsemi virðist hafa skotið rótum hér á landi. Hvaða Íslendingur, burtséð frá starfi hans og fortíð, hefur flottasta "mafíulúkkið"? Hvaða fjóra Íslendinga mynduð þið vilja fá með ykkur ef þið ættuð að stofna íslenska mafíu?
Jónsi: Mér finnst Valdimar Örn Flygering hafa þetta skuggalega útlit. Fjallmyndarlegur en á sínar dekkri skörpu hliðar. Ég gleymi honum aldrei úr Foxtrott.
Illugi: Já, það er rétt. Við erum að tala um einhvern Íslending sem gæti gengið þá beint inn í Godfather-myndina. Það er fyrir það fyrsta augljóslega ekki ég. Ég held hins vegar að Jónsi fúnkerar mjög vel sem mafíósi. Hann er hæfilega röff en ekki þannig að maður fari strax í varnarstöðu.
Jónsi: Jú, ég var til dæmis Immi Ananas í Ávaxtakörfunni og hef því leikið vonda karlinn áður. En fjögurra manna mafía segirðu? Hvað segirðu Illugi – viltu ekki draga einhverja fram?
Illugi: Jú, vinnum þetta saman Jónsi. Er ekki rétt að hafa Skattstjórann með okkur? Einhvern sem er vanur því að safna saman peningum?
Jónsi: Jú, vissulega. Ef við erum svo að leita að manni í hópinn sem er dagfarsprúður en gæti fengið mafíuinngöngu, er það þá ekki Garðar Thór Cortes?
Illugi: Sammála með Garðar – það verður að vera einn með sjarma. Ókei, hann og skattstjórinn. Þá vantar okkur ennþá foringjann og hrottann.
Jónsi: Já, eða fixerinn – sá sem reddar öllu. Eins og Harvey Keitel.
Illugi: Getur Garðar ekki séð um fixið?
Jónsi: Nei, þurfum við ekki vígalegri mann en hann? Og hann þarf að vera með hár. Við getum ekki notað Bubba Morthens. Hvað með Kristján Jóhannsson?
Illugi: Sem fixer? Njaaa …
Jónsi: Bjarni Ármannsson?
Illugi: Já! Bjarni gæti virkað sem fixer. En þá vantar okkur enn foringja.
Jónsi: Það verður náttúrulega að vera maður sem hefur vald og getur hrifið fólk með sér.
Illugi: Já, ég vann náttúrulega með svoleiðis manni. Honum Davíð.
Jónsi: Er það ekki kjörið? Með fullri virðingu fyrir háttvirtum seðlabankastjóra.
Illugi: Jú, eigum við ekki bara að hafa Davíð þarna? Ég held hann yrði ótrúlega góður í foringjahlutverkinu.
Jónsi: Mér dettur líka Jói Sig. leikari í hug.
Illugi: Er hann ekki full ljúfur í þetta? Þetta þarf að vera svolítið boðvalds-týpan, sem þarf samt ekki að tala í skipunartón til að fá hlutina gerða. „Það væri gott ef þú …"
Jónsi: Já, akkúrat þannig. Og svo, fimm mínútum síðar er verkið í höfn. En já, þetta er góður hópur – hæfileg blanda af ljóshærðu og dökkhærðu fólki.

Léttklæddir rónar vorboði

Að lokum: Sumardagurinn fyrsti var í vikunni sem leið. Hver er sumarlegasti Íslendingurinn að ykkar mati og af hverju?
Jónsi: Ég var að vinna hjá Landssímanum og þegar rónarnir við Austurvöll fór að láta á sér kræla, léttklæddari en venjulega, fannst mér það viss vorboði. Þar af leiðandi finnst mér sumarlegasti karakterinn vera maður sem er þá bara búinn til í huganum á mér og ég kýs að kalla Sumarliða og hann er fullur. Ég hugsa til Sumarliða af ákveðinni væntumþykju.
Illugi: Þú hefðir þá væntanlega verið sammála mér um að vera ekkert að taka vínkælinn í Austurstræti úr sambandi Jónsi? Það var nefnilega ein hugmyndin, að hreinsa miðborgina af þessum hóp með því að fjarlægja þann ágæta vínkæli.
Jónsi: Já, ég býst fastlega við því þeim sé nokk sama hvort vínið sé kælt og drekki þá helst eitthvað annað en hvítvín.
Illugi: Nei, ég skildi aldrei það mál. En af þessum persónum sem ég hitti dagsdaglega að þá er ein manneskja, Jóhanna Vigdís fréttakona, sem mér dettur strax í hug. Það er sama hvort maður hitti hana um jól eða í snjóbyl, fas hennar er þannig að manni finnst eins og það sé sumar engu að síður.

TIL HAMINGJU

STRÁKAR OG STELPUR Í KEFLAVÍK!

Við óskum körfuknattleiksliðum okkar til hamingju með Íslandsmeistaratitlana í körfuknattleik 2008.

REYKJANESBÆR
Alltaf í sókn

Tækifærin í eyðimörkinni

Verðmæti atvinnugreina sem bera uppi íslenskt atvinnulíf er sífellt að aukast. Fiskur hefur aldrei verið dýrari á heimsmarkaði og þá hækkar endurnýjanleg orka í verði dag frá degi. Mitt í eyðimörk fjármálamarkaðarins blasa við tækifæri. *Magnús Halldórsson* skoðaði aðstæður á heimsmarkaði fyrir íslensk fyrirtæki og leitaði álits hjá mönnum sem hafa góða innsýn í markaðinn.

Mitt í alþjóðlegum lausafjárvanda, þar sem lánastarfsemi banka víðs vegar um heim er næstum lömuð með víðtækum áhrifum á atvinnulíf, standa íslensk fyrirtæki frammi fyrir miklum breytingum á alþjóðamörkuðum. Þær gætu verið þeim hliðhollar til framtíðar litið, segja álitsgjafar Fréttablaðsins. Ísland hefur möguleika á að verða vin í eyðimörkinni, eins og alþjóðlegum fjármálamarkaði var nýlega lýst í Wall Street Journal.

Matur er að hækka mikið í verði og það sama má segja um orkugjafa. Fatið af olíu kostar um 117 dollara, 8.860 krónur, en fyrir fimm árum kostaði það tæplega 25 dollara, 1.875 krónur að núvirði. Þessar miklu verðhækkanir hafa mikil áhrif á ýmsar hliðar alþjóðlegra viðskipta.

Samhliða miklum verðhækkunum á olíu og matvöru hefur markaður fyrir endurnýjanlega orku verið að stækka í sífellu og verð á hverju megavatti rafmagns sem framleitt er með endurnýjanlegri orku hefur hækkað mikið. „Það bendir allt til þess að verðið geti hækkað mikið í framtíðinni, jafnvel margfaldast," segir Grímur Björnsson, sérfræðingur í forðafræði jarðhita hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

MAGNÚS BJARNASON OG ÁRNI MAGNÚSSON Telja breytingar á alþjóðamörkuðum geta opnað mikil tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki.

GRÍMUR BJÖRNSSON Telur íslensk orkufyrirtæki geta leitt verkefni frá upphafi til enda. Það sé þeirra styrkur.

SIGURJÓN ÁRNASON Telur til greina koma að koma á fót orkusjóði til að auka stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

HELLISHEIÐARVIRKJUN Vannýttar orkuauðlindir Íslands fela í sér mikil viðskiptatækifæri fyrir íslenskt efnahagslíf, að mati álitsgjafa Fréttablaðsins. Á myndinni sjást jarðhitavirkjanaframkvæmdir Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tækifæri ekki glatast

„Tækifærin á sviði jarðhita í heiminum hafa ekkert minnkað," segir Grímur. „Við eigum að geta haft forskot á þessu sviði og ef eitthvað er þá eru tækifærin alltaf að verða meiri og meiri. Ástæðan fyrir því hvers vegna íslensk fyrirtæki eiga að geta staðið vel, og betur en önnur, er sú að með þekkingu sem er hér á landi er hægt að vinna að verkefnum frá upphafi til enda. Það eru mörg erlend fjárfestingafélög sem vilja gera eitthvað með endurnýjanlega orku en þau búa ekki yfir tækniþekkingunni eins og við Íslendingar. Í þessum geira skiptir hún gríðarlega miklu máli og hún ein getur gefið mönnum hugmynd um arðsemi og áhættu," segir Grímur.

Innanlands blasa einnig við tækifæri á sviði orkumála, segir Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans. Þau tækfæri geta íslensk fyrirtæki nýtt betur.

Sigurjón segir stöðu íslensku bankanna um margt einkennilega. Ekki síst í ljósi þess að þeir hafi ekki tengt starfsemi sína svonefndum undirmálslánum í Bandaríkjunum, sem er undirrót lausafjárvandans. „Það er hægt að segja ýmislegt um íslenskt efnahagslíf en þegar allt kemur til alls stendur tvennt upp úr. Annars vegar erum við matvælaþjóð, sem selur fisk á erlenda markaði, og hins vegar er það orkan okkar sem við getum nýtt, og erum að nýta, til verðmætasköpunar. Við stöndum miklu betur en flestar aðrar þjóðir, einmitt vegna þess hvað er að gerast úti í hinum stóra heimi."

Sigurjón segir eina hugmyndina vera að stofna auðlindasjóð, svipaðan olíusjóði Norðmanna, en með honum ætti að vera hægt að skapa meiri stöðugleika í efnahagsmálum en hér hefur ríkt. Með þessu tekur Sigurjón undir með Björgólfi Guðmundssyni, formanni bankaráðs Landsbankans, sem setti nýlega fram hugmynd um að stofna þjóðarsjóð. „Ef við ætlum að halda í íslensku krónuna, sem ég er reyndar ekki hrifinn af, þá finnst mér koma til greina að vera með orkusjóð sem gæti hjálpað til við að halda krónunni stöðugri. Þetta ætti að vera raunhæft því hagnaður af orkusölunni, til dæmis til álvera, verður mjög mikill í framtíðinni," segir Sigurjón og vitnar til þess að þættir sem hafi áhrif á söluverð orku til notenda hafi verið að hækka mikið. Nú er heimsmarkaðsverð á áltonnið rúmlega þrjú þúsund Bandaríkjadalir, 225 þúsund krónur, en það var 1.600 dalir á sama tíma fyrir fjórum árum. „Þessi verðþróun gefur okkur vísbendingu um hversu mikil verðmæti liggja í orkulindum landsins," segir Sigurjón.

Orka og fiskur

Glitnir hefur byggt upp sérþekkingu í sjávarútvegi og orkuiðnaði, bæði hér á landi og erlendis. Afurðaverð í báðum atvinnuvegunum hefur hækkað mikið að undanförnu, í takt við alþjóðlega þróun.

Magnús Bjarnason, forstöðumaður alþjóðasviðs Glitnis, og Árni Magnússon, sem leiðir viðskiptateymi Glitnis á sviði orkumála, telja íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir miklum tækifærum vegna þróunar á alþjóðamörkuðum.

Árni tekur í sama streng og Grímur og segir möguleika á sviði endurnýjanlegrar orku gríðarlega mikla. Eftirspurnin aukist jafnt og þétt og tækifærin séu til staðar. „Þó að aðgangur fyrirtækja að lausafé hafi takmarkast mjög að undanförnu breytir það ekki því að tækifærin eru mikil og blasa við okkur. Þau erum við að nýta og getum vitaskuld nýtt betur í framtíðinni. Í gegnum sjóð okkar, Glacier Renewable Energy Fund, munum við halda áfram að fjárfesta í verkefnum sem við teljum spennandi á þessu sviði," segir Árni. Sjóðurinn er einn stærsti hluthafinn í orkufyrirtækinu Geysi Green Energy, með rúmlega fjörutíu prósenta hlut.

> Þó að aðgangur fyrirtækja að lausafé hafi takmarkast mjög að undanförnu þá breytir það ekki því að tækifærin eru mikil og blasa við okkur.
>
> **ÁRNI MAGNÚSSON**
> FORSTÖÐUMAÐUR VIÐSKIPTATEYMIS GLITNIS



AFURÐAVERÐ Eins og sést á þessu grafi hefur verð á sjávarafurðum hækkað jafnt og þétt að undanförnu. Á grafinu sést einnig hvernig gengi íslensku krónunnar hefur sveiflast samhliða verðþróuninni. Gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur mikil áhrif á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/HAGSTOFA ÍSLANDS-GLITNIR

Sjávarútvegur hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Vinnslan er sífellt að verða tæknilegri og markaðirnir að breytast. Á síðustu árum hefur eldisfiskur verið að ryðja sér til rúms á alþjóðamörkuðum, eins og fram kom í greinaflokki hér í Fréttablaðinu 6. til 10. mars síðastliðinn. Afurðir úr villtum fiskistofnum eru að verða að skilgreindri lúxusvöru á mörkuðum, sem hækkar þær í verði. Veiðiheimildir hafa þrengst nokkuð á veiðisvæðum víða um heim, sem dregur úr framboði. Hér á landi voru þorskveiðiheimildir til að mynda dregnar saman um þriðjung í fyrra, úr 193 þúsund tonnum í 130 þúsund, og bendir margt til þess að heimildir verði ekki rýmkaðar mikið á næstu árum, samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnuninni. Þetta, meðal annars, hefur leitt til þess að afurðaverð hefur hækkað töluvert. „Glitnir er sá banki í heiminum sem er að leiða þróunina í alþjóðlegum sjávarútvegi. Af hundrað stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum í heiminum hefur Glitnir átt í góðu samstarfi við helminginn," segir Magnús Bjarnason.

Hann segir þróun á alþjóðamörkuðum fela í sér sóknarfæri fyrir íslensk fyrirtæki, ekki síst Glitni. Stefna fyrirtækisins byggist meðal annars á því að bjóða upp á þjónustu fyrir orkuiðnað og sjávarútveg. Nú þurfi að nýta tímann vel á meðan lausafjárvandi sé á fjármálamörkuðum til þess að skipuleggja hvernig best sé að nýta tækifærin. „Það hefur verið byggð upp þekking hér innanhúss sem gæti verið lykill að velgengni til framtíðar litið. Grunnurinn í íslensku efnahagslífi er í atvinnuvegum þar sem markaðsskilyrði eru að breytast mikið til hins betra og það felur í sér tækifæri fyrir íslenskt efnahagslíf í heild sinni."

Tækifærin

„Það eru alltaf tækifæri þó að tímabundin vandamál séu fyrir hendi," segir Óli Björn Kárason, fyrrverandi ritstjóri Viðskiptablaðsins og eigandi fréttavefsins t24.is. Hann segir íslenskt atvinnulíf standa traustum fótum þó að staðan sé nú sé erfið, vegna alþjóðlegs lausafjárvanda. „Öll efnahagskerfi ganga í gegnum þrengingar til lengri eða skemmri tíma. Við svoleiðis aðstæður geta myndast tækifæri þar sem augu manna opnast fyrir einhverju sem hefur kannski gleymst. Hér á Íslandi má segja að sjávarútvegurinn sé ágætt dæmi um það," segir Óli Björn. Þar séu mikil tækifæri. „Tækifæri blasa við í matvælaiðnaðinum á öllum sviðum í ljósi þess að afurðaverð hefur verið að hækka mikið. Íslenskur sjávarútvegur verður vafalítið enn sterkari vegna þróunar á alþjóðlegum mörkuðum."

Það sama á við um orkugeirann, segir Óli Björn. „Þar eru gríðarleg tækifæri, um það efast enginn. En eins og þjóðin hefur orðið vitni að, í tengslum við málefni REI, útrásarfyrirtæki Orkuveitu Reykavíkur, er þeim iðnaði stýrt að nánast öllu leyti af hálfu hins opinbera. Til þess að tækifærin í iðnaðinum nýtist sem best tel ég að losa þurfi um opinbera eignaraðild og gefa einkafyrirtækjum færi á að koma beint að nýtingu á auðlindunum. En það má búast við harðri pólitískri umræðu um þær hugmyndir."



JARÐHITAORKA Í HEIMINUM Sérfræðingar hjá Glitni sem vinna að jarðhitaverkefnum víða um heim birtu þetta kort í skýrslu sem unnin var til kynningar á starfsemi fyrirtækisins á sviði jarðhita. Eins og sést á kortinu eru miklar jarðhitaauðlindar vannýttar í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/GLITNIR

1.599 kr/kg. áður 2.498 kr/kg.
Goða grísalund meistarans

398 kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar

99 kr/kg. áður 403 kr/kg.
Cajun kjúklingavængir

179 kr/kg. áður 598 kr/kg.
Goða lambasvið

335 kr/pk. áður 669 kr/pk.
Goða sænskar kjötbollur

395 kr/stk. áður 799 kr/stk.
Luminarc glerfat 35 x 27

39 kr/stk. áður 98 kr/stk.
Sunkist orange 33 cl.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 24. apríl til 27. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

Hannað fyrir hina íslensku ofurkonu

Umboðsskrifstofan Eskimo selur fatnað sem rýkur út undir merkinu E-LABEL. *Anna Margrét Björnsson* spjallaði við **Ástu Kristjánsdóttur** framkvæmdastjóra um markaðssetningu á hinni fjölhæfu íslensku konu.

Stöllurnar Ásta Kristjánsdóttir og Andrea Brabin eru Íslendingum kunnar fyrir að vera andlitin á bak við umboðsskrifstofuna Eskimo sem hefur átt góðu gengi að fagna á erlendri grund. Íslenskar fyrirsætur Eskimo hafa margar átt farsælan starfsferil fyrir framan myndavélina bæði hér heima og utan landsteinanna, meðal annars á Indlandi þar sem fyrirtækið rekur útibú. En fyrir um hálfu ári lögðu Ásta og Andrea upp í nýtt ævintýri, merkið E-label.

„Þetta byrjaði með því að okkur langaði að nýta Eskimo-nafnið sem er orðið nokkuð þekkt og gera eitthvað sniðugt við það. Sú hugmynd þróaðist út í það að framleiða fatnað enda höfðum við góð tengsl úti á Indlandi varðandi efni og framleiðslu. Svo erum við svo heppnar í okkar bransa að þekkja mikið af hönnuðum og stílistum þannig að byrjunarörðugleikar voru fáir. Við fengum Ásgrím Má, „Ása“, til þess að hanna fyrstu línuna okkar með þarfir hinnar íslensku nútímakonu í huga og ákváðum að selja fötin aðeins á netinu í takt við tíðarandann.“ Fatnaðurinn á það sameiginlegt að vera allur svartur, úr þægilegum og mjúkum efnum og sniðin eru nútímaleg, praktísk og frumleg. „Línurnar frá okkur henta alls kyns týpum og gerðum kvenna,“ útskýrir Ásta. „Efnin koma öll frá Indlandi og eru sumsé silki, baðmull og flís. Við erum með 25 snið núna en förum upp í 45 í haust. Þetta eru mjög sniðugar flíkur og flestar konur geta klæðst þeim. Þau fela þarf sem þarf að fela, sýna það sem konur vilja sýna og svo auðvitað eiga konur að geta blandað sínum eigin stíl við. Fötin eiga að vera þægileg í vinnu og svo á að vera hægt að skella háum hælum við og slá í gegn í kokkteilboðinu á eftir.“

Íslenskar konur eru ekki með væl

„Íslenska konan er ótrúleg,“ segir Ásta og útskýrir að E-label merkið gangi út á að markaðssetja hina íslensku ofurkonu. „Við höfum til dæmis oft fengið heimsóknir frá útlöndum og fólk á oft ekki til orð hvernig íslenskar konur lifa lífinu. Við erum kannski einstæðar mæður með tvö börn, í fullri vinnu, og sjáum um allt heima fyrir líka. Frankvæmdastjóri Eskimo á Indlandi kom til dæmis um daginn og hún skildi ekki hvernig við, konur með fyrirtæki, gátum eiginlega lifað án barnapíu, hreingerningakonu og bílstjóra.“ Ásta sýnir mér skemmtilega auglýsingaherferð sem sýnir fyrirsætu með barnaskara að ganga niður Laugaveginn, og að klára úr vodkastaupi þegar hrúga af karlmönnum liggja dauðir í kringum hana. Markaðssetning e-label hefur hingað til einungis verið miðuð á íslenskan markað en þær stefna inn á danskan, breskan og þýskan markað á næstu tveimur árum. „Íslenska konan er þekkt erlendis fyrir að vera falleg, dularfull og sterk. Hún er metnaðargjörn, með allt í skorðum, vinnur kannski fulla vinnu á daginn og vinnur aukavinnu á kvöldin og um helgar. Hún veður snjóinn ótrauð í háum hælum og þarf engan karlmann til þess að sjá fyrir sér. Flestar konur á Íslandi eru duglegar og bjarga sér sjálfar. Þær eru ekki með neitt væl.“ Aðspurð segist Ásta auðvitað samsama sig við þetta líka en bæði hún og Andrea eru mæður. „Ég á eina dóttur og er heppin að hún er ótrúlega góð og stillt. Hér heima er viðhorfið líka svo þægilegt gagnvart börnum. Maður getur kippt barni á fund eða í boð án þess að maður sé litinn hornauga. Erlendis finnst mann oft að börnin séu í felum.

Áframhaldandi útrás

Hugmyndin á bak við E-label mun fara ört víkkandi en Ásta segir að það sé margt í pípunum. „Við ætlum til dæmis að setja vítamín á markaðinn líka. Þetta verður sérstök blanda fyrir konur og samanstendur af omega-3 sýrum, kalki og grænu tei og það verður virkilega spennandi. En við erum líka að skoða ýmislegt fleira. Í dag er allt að 80 prósent af öllum innkaupum heimilanna gerð af konum og þar af leiðandi er markaðssetningu E-label beint að þeim. Við stefnum á að flokka fleiri vörur undir E-label merkið eins og töskur, skartgripi, snyrtivörur, vítamín, barna- og herraföt, möguleikarnir eru endalausir. Íslenska vatnið og íslensku jurtirnar eru til dæmis kjörið hráefni í frábærar vörur fyrir húðina. Við viljum að konur geti í raun nálgast allt sem þær þurfa fyrir sjálfa sig og fjölskylduna í gegnum E-label.“ Ásta segir fyrirtækið auðvitað vera lítið enn þá og því hörkuvinna að baki öllum verkefnum. „Við sem vinnum hjá Eskimo náum mjög vel saman og það er alltaf góður andi á vinnustaðnum sem er lykilatriði því við vinnum allt í sameiningu. Þetta gengur mjög vel. Ég er til dæmis meira í sköpuninni og markaðsmálum en Andrea sér um viðskiptahlutann. Þetta er orðið ellefu ára gamalt fyrirtæki og er brautryðjandi á sínu sviði. Undanfarin ár hafa stúlkur frá Brasilíu og öðrum löndum Suður-Ameríku gengið mjög vel en norrænar stúlkur eru sígildar. Íslenskum stúlkum hefur vegnað mjög vel erlendis allt frá byrjun, en svo eru margar af rússnesku fyrirsætunum okkar líka að slá í gegn á heimsmælikvarða. Í fjölbreyttri starfsemi Eskimo kom fyrirtækið einnig að uppsetningu nokkurra stórra tískuviðburða, til dæmis Future Ice og Made in Iceland, og við vonumst til að íslensk tískuvika verði að lokum að árlegum viðburði sem við styðjum heilshugar. En þetta er mikil vinna og markaðurinn er erfiður og allt mjög dýrt um þessar mundir. Við erum því frekar að einbeita okkur að því að gera fáa hluti og gera þá vel.“

ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR „Okkur langaði að nýta Eskimo-nafnið sem er orðið þekkt og gera eitthvað sniðugt við það.“
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Íslenska konan veður snjóinn ótrauð í háum hælum og þarf engan karlmann til þess að sjá fyrir sér.

Fyrirsætur: Linda P. , Lúlla, Rósa. Ásta / Hár: Karl Berndsen / Make-up : Sóley hjá EMM / Stilisti : Anna Clausen og Ási

Rýmum fyrir nýjum vörum

Húsgögnin fást aðeins í Hagkaupum Smáralind og Holtagörðum, takmarkað úrval í Hagkaupum Akureyri

OPIÐ til 20 alla daga

Bycast sófasett 3+1+1 8851

99.900.-

verð áður 189.900.-

módel	verð áður	verð nú	þú sparar
Sófi 3+1+1 8183	199.000.-	159.000.-	40.000.-
Hornsófi 8169	295.000.-	169.000.-	126.000.-
Sófi 3+1+1 8162	229.000.-	159.000.-	70.000.-
Rúm Ortopedico 120x200	72.900.-	57.900.-	15.000.-
Rúm Ortopedico 150x200	87.900.-	67.900.-	20.000.-
Rúm Ortopedico 180x200	105.900.-	80.900.-	25.000.-
Borðstofustólar	14.900.-	9.900.-	5.000.-

Gildir til 29. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Börnin hans Friðriks best

Þær íslensku kvikmyndir sem gerðar hafa verið út telja orðið á annað hundrað. Margar þeirra hafa slegið í gegn og lifa og munu lifa með þjóðinni. Aðrar voru grafnar nær lifandi og þykja enn í dag jafn slæmar og þegar þær komu út. Í tilefni af 30 afmæli kvikmyndasjóðs leitaði *Fréttablaðið* til málsmetandi aðila og bað þá að tilnefna bestu og verstu kvikmyndir Íslandssögunnar.

1. SÆTIÐ - Börn náttúrunnar

Börn náttúrunnar er vel að titlinum komin sem besta íslenska kvikmyndin. Hún er eina íslenska kvikmyndin í fullri lengd sem hefur náð svo langt að hljóta náð fyrir augum Óskarsakademíunnar. Og þótt Friðrik og félagar hafi ekki farið heim með styttuna vakti tilnefningin áhuga erlendra aðila á íslenskri kvikmyndagerð. Myndin var frumsýnd árið 1991, fjórum árum eftir að Friðrik hafði gert Skytturnar.

Börn Náttúrunnar segir frá Þorgeiri sem þarf að flytja á mölina til að dveljast þar á elliheimili. Honum hugnast ekki vistin meðal elliærra gamalmenna og þegar hann kemst í kynni við gamla æskuvinkonu sína, Stellu, ákveða þau að stela jeppa og keyra á æskuslóðir hennar á Hornströndum.

Þrátt fyrir að Friðrik Þór hefði hlotið mikið lof fyrir leikstjórn sína þá voru það ekki síður Sigríður Hagalín og Gísli Halldórsson sem voru stjörnur myndarinnar. Leikur þeirra er án nokkurs vafa einn sá magnaðasti í sögu íslenskra kvikmynda og hreinlega vafamál hvort samspil þeirra tveggja verði nokkurn tímann toppað. Enda var Sigríður tilnefnd til evrópsku kvikmyndaverðlaunanna fyrir frammistöðu sína í myndinni. Tónlist Hilmars Arnars Hilmarssonar setti svo punktinn yfir i-ið en hún hlaut Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sem besta tónlistin.

Leikstjóri: Friðrik Þór Friðriksson
Handrit: Friðrik Þór og Einar Már Guðmundsson
Aðalhlutverk: Gísli Halldórsson og Sigríður Hagalín
Tónlist: Hilmar Örn Hilmarsson
Kvikmyndataka: Ari Kristinsson

2. SÆTIÐ - Með allt á hreinu

Með allt á hreinu
Það er við hæfi að Með allt á hreinu vermi annað sætið. Enda má með góðum rökum telja hana til íslenska kvikmyndavorsins sem hófst þegar fyrstu myndirnar fengu styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands. Íslendingar gátu allt í einu búist við íslenskri kvikmynd á ári hverju og grínið var aldrei langt undan; Líf-myndir Þráins Bertelssonar, Magnús og Jón Oddur og Jón Bjarni kítluðu hláturtaugar landsmanna.

Myndin er samkvæmt óformlegum mælingum vinsælasta kvikmynd Íslandssögunnar og hermt er að tæplega hundrað þúsund Íslendingar hafi borgað sig til að sjá hinn kolklikkaða húmor hljómsveitar allra landsmanna.

Hefðbundnum aðferðum við kvikmyndagerð var ekki beitt við gerð Með allt á hreinu. Þannig er ekki til eiginlegt handrit að myndinni. Hljómsveitarmeðlimirnir spunnu allt á staðnum, svo var atriðið æft og það tekið upp.

En óhætt er að segja að þetta hafi þrælvirkað. Myndin er full af sígildum atriðum sem þjóðin hefur hlegið að í rúman aldarfjórðung og eins og kom fram í viðtali við Eggert Þorleifsson er enn hringt í hann um miðjar nætur og lausnin á lás bláa reiðhljólsins þulin upp í gegnum símann. Tónlistin skipaði ekki síður stórt hlutverk í myndinni en í henni má heyra mörg af vinsælustu lögum Stuðmanna og Grýlanna.

Leikstjóri: Ágúst Guðmundsson
Aðalhlutverk: Egill Ólafsson, Jakob Frímann Magnússon, Ragnhildur Gísladóttir og Anna Björns
Handrit: Ágúst Guðmundsson og Stuðmenn
Tónlist: Stuðmenn, Grýlurnar og Sigurður Bjóla
Kvikmyndataka: David Brigdes, Ari Kristinsson og Guðmundur Kristjánsson

3. sætið - Englar alheimsins

Fyrirfram var búist við því að kvikmyndin Englar alheimsins myndi fá góða aðsókn. Hún var byggð á frægri sögu Einars Más Guðmundssonar sem velflestir Íslendingar höfðu lesið í grunnskóla. En varla hefur nokkur búist við því að yfir áttatíu þúsund Íslendingar myndu borga sig inn til að sjá Pál glíma við sína andlegu erfiðleika. Met Englanna var ekki slegið í sjö ár eða þar til Mýrin, byggð á bók Arnaldar Indriðasonar, tröllreið bíósölunum.

Englar Alheimsins segir frá Páli, ungum manni á uppleið, sem verður andlega veikur og er í kjölfarið komið fyrir á Kleppi. Myndin þykir lýsa með mikilli næmni lífi geðsjúklinga á Íslandi og dvöl á Kleppi og er ljúfsár, fyndin, sorgleg og dramatísk, allt í senn. Tónlist Sigur Rósar og Hilmars Arnar Hilmarssonar gæddi myndina síðan aukinni dýpt og munaði þar mestu um útsetningu þeirra á stefi Jóns Múla Árnason; Dánarfregnir og jarðarfarir, sem hljómaði undir þegar Páll var borinn til grafar og skildi eftir ófáa tárvota hvarma í bíóhúsunum. Að lokum má geta þess að leikarahópur myndarinnar þótti eiga gullna frammistöðu.

Leikstjóri: Friðrik Þór Friðriksson
Byggt á bók Einars Más Guðmundssonar
Aðalhlutverk: Ingvar E. Sigurðsson, Hilmir Snær Guðnason, Björn Jörundur Friðbjörnsson og Baltasar Kormákur
Tónlist: Hilmar Örn Hilmarsson
Kvikmyndataka: Harald Gunnar Paalgard

Þessar skoruðu líka hátt:

Fyrir utan þessar þrjár efstu komust nokkrar aðrar einnig mjög hátt á lista. Rétt á eftir Englum alheims, sem tók annað sætið, kom kvikmynd Baltasars Kormáks, Brúðguminn og ekki langt undan henni var hin sígilda Sódóma Reykjavíkur sem virðist eldast jafnvel og gott vín. Eldri myndir Hrafns Gunnlaugssonar, Hrafninn flýgur og Í skugga hrafnsins, fengu einnig mun betra dóma en Opinberun Hannesar og voru báðar nefndar nokkrum sinnum. Jón Oddur og Jón Bjarni var eina barnamyndin sem komst á lista en halaði til sín nokkrum atkvæðum og að lokum má nefna í flokki þeirra mynda sem skoruðu hátt: Mýrina.

Vond opinberun

Þrátt fyrir að margar magnaðar íslenskar kvikmyndir hafi litið dagsins ljós höfðu álitsgjafarnir auðvitað álit á því hvað væri með því versta sem ratað hefði á Hvíta tjaldið. Þar bar kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, Opinberun Hannesar, höfuð og herðar yfir aðrar myndir og fékk flest atkvæði sem slæm mynd. Ekki fengu kvikmyndirnar Blossi og Nei er ekkert svar mikið færri atkvæði sem slæmar myndir og hún Stella okkar í framboði þótti mun betri þegar hún skellti sér í orlof og þótti þessi seinni mynd með þeim verri íslensku myndum sem gerðar hafa verið. Önnur slík endurkoma - Í takt við tímann - Stuðmannamyndin seinni fékk svipaða útreið og að lokum má geta þess að kvikmynd Mikaels Torfasonar, Gemsar, skoraði hátt á Vondumynda listanum.

ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS VORU:

Andri Snær Magnason rithöfundur
Auðunn Blöndal, dagskrárgerðarmaður
Ágúst Héðinsson, forstöðumaður útvarpssviðs 365
Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikkona
Árni Þórarinsson rithöfundur
Ásgrímur Sverrisson, dagskrár- og kvikmyndagerðarmaður
Bjarni Arason dagskrárstjóri
Bjarni Haukur Þórsson athafnamaður
Bogi Ágústsson sjónvarpsmaður
Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur
Guðmundur Breiðfjörð markaðsstjóri
Guðmundur Steingrímsson varaþingmaður
Hrönn Marínósdóttir, framkvæmdastjóri Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar
Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi
Ísleifur B. Þórhallsson framkvæmdastjóri
Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur
Kristjana Thors Brynjólfsdóttir dagskrárstjóri
Pálmi Guðmundsson sjónvarpsstjóri
Rúnar Róbertsson útvarpsmaður
Sigríður Pétursdóttir dagskrárgerðarkona
Silja Aðalsteinsdóttir ritstjóri
Stefán Karl Stefánsson leikari
Sæbjörn Valdimarsson gagnrýnandi
Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri
Unnur Jökulsdóttir rithöfundur
Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona
Viðar Eggertssson leikstjóri
Víkingur Kristjánsson leikari
Þorsteinn J. Vilhjálmsson dagskrárgerðarmaður
Þorsteinn Jónsson kvikmyndagerðarmaður
Þórarinn Eldjárn rithöfundur

Þess má geta að ekki mátti nefna kvikmyndir er tengdust viðkomandi.

NÝ SENDING AF FATNAÐI!

Vertu flott á hjólinu í sumar!

Ný sending af flottum mótorhjóla-fatnaði fyrir bæði dömur og herra. Richa frá Belgíu, **Segura** og **BLH** frá Frakklandi. Flottur og þægilegur hlífðarfatnaður, sérhannaður fyrir mótorhjólafólk sem vill líta vel út og njóta fyllsta öryggis í sumar.

Komdu og kíktu á úrvalið hjá okkur að Laugavegi 168 og láttu verðið koma þér þægilega á óvart.

Sumarið er tíminn – Motors er staðurinn!

Opnunartími: Alla virka daga 12–18 ::: Laugardaga 12–16

RICHA SEGURA BLH

MOTORS

Sérverslun vélhjólafólks
Laugavegi 168, gengið inn frá Nóatúni ::: Sími 511 2121

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir...

... Eurobandið

Þegar landið leikur á reiðiskjálfi þurfum við að fylkja okkur á bak við eitthvað - Eurobandið auðvitað! Áfram Ísland! Nú tökum við þetta í Serbíu! Mölum þetta! Og þetta er líka allt að koma. Frægasti bloggari í heimi, Perez Hilton, er hrifinn af myndbandinu og hinir sannspáu (eða þannig) veðbankar spá okkur ágætu gengi. Samtök Euro-aðdáanda setja okkur sjöunda sæti og í gærkvöldi átti Eurobandið sviðið í svaka partíi í London. Við vinnum. Ekki spurning!

... Fréttamenn

Loksins eitthvað að gerast sem fútt er í. Bálreitt fólk, löggan í röð með óeirðaskildi, krakkar að henda eggjum, æst lögga sem orgar GAS! GAS! GAS! og allt í beinni á báðum stöðvum. „Dáldið svona erlendis," eins og Þorfinnur Ómarsson komst að orði í Íslandi í dag.

... Litla Hitlera

Það getur verið gaman að dimmitera – flippa í bænum í alls konar flippuðum búningum. Þeir, sem höfðu fyrir gráglettni örlaganna ákveðið að vera Hitler á miðvikudaginn, komust í feitt þegar þeir gátu troðið uppí miðjum á tökunum í Norðlingaholti. Þar tóku þeir gæsagang og nokkur Sieg Heil út í loftið mörgum til ánægju og yndisauka. Þegar ástandið gat varla verið súrrealískara á litla saklausa Íslandi mættu Hitlerarnir og vörpuðu enn súrrealískara ljósi á ruglið.

Slæm vika fyrir...

... Sturlu Jónsson

Almenningsálitið sveiflast til og frá. Í byrjun fannst flestum mótmæli vörubílsstjóranna bara nokkuð krúttleg, bensínhækkunin leggst jú jafn harkalega á okkur öll og gott að einhver nennir að rífa kjaft. Það voru mistök hjá þeim að mæta flautandi eins og hálfvitar þegar Abbas var á Bessastöðum, stríðshrjáðri Palestínu getur ekki verið meira sama um hagsmuni íslenskra trukkara, og svo komu slagsmálahundarnir enn verra orði á aðgerðirnar. Fyrst þeir sem streittust á móti og köstuðu drasli í lögguna, svo Ágúst Fylkisson sem réðist á löggu fyrir framan myndavélarnar. Ekki virkaði Sturla heldur sannfærandi þegar hann reyndi að þvo hendur sínar af skapofsamanninum.

... Láru Ómarsdóttur

Stórmál á Íslandi hafa tilhneigingu til að þróast í mjög einkennilegar áttir. Skipulögð svik olíufyrirtækjanna við landsmenn urðu til þess eins að borgarstjóri sagði af sér. Valdarán í borginni varð til þess eins að fólk velti því fyrir sér hvort Spaugstofan væri fyndin eða rosalega ósmekkleg. Og mestu átök lögreglu og mótmælanda síðan sautján hundruð og súrkál virðast ætla að verða til þess eins að Lára Ómarsdóttir er hætt á Stöð 2.

... Grím Atlason

Í tvö ár hafði fráfarandi bæjarstjóri Bolungarvíkur barist fyrir bæjarfélagið með kjafti og klóm. Hann fór óhefðbundnar leiðir, hugsaði út fyrir rammann og kom hagsmunum Bolungarvíkur á kortið. Bolungarvík var nafli alheimsins, skildist manni, ástarvika og stuð. En ekki meir. Anna Guðrún Edvardsdóttir sá til þess og Sjálfsstæðisflokkurinn er kominn á gamalkunnugar slóðir í „endastöð sem kemur á óvart".

Bestu lög lýðveldisins á fimm diskum

Hinn 17. júní kemur út nýr fimm diska pakki í „100 bestu"-seríu Senu, „100 bestu lög lýðveldisins".

„Við leggjum áherslu á að þetta sé óformlegt val enda verður niðurstaðan náttúrulega aldrei endanleg. En þetta gefur sterka vísbendingu," segir Eiður Arnarson útgáfustjóri Senu. „Við leituðum til fimmtíu tónlistarspekinga og báðum þá um að gera lista með 30 bestu íslensku lögunum frá stofnun lýðveldisins. Margir kvörtuðu og vildu fá að nefna miklu fleiri lög."

Til að fá fjölbreytta niðurstöðu var passað upp á kynjahlutfall, aldursdreifingu og tónlistarsmekk. „Fyrir hvern rokkara fengum við einn poppara," segir Eiður. „Svo leituðum við ekki til tónlistarmanna því við vildum ekki setja neinn í þá aðstöðu að þurfa hugsanlega að velja sjálfan sig."

Þrjátíu spekingar sendu inn lista og um 400 lög voru nefnd. „Endanleg röð birtist tæplega og lögin í pakkanum verða mjög fjölbreytt. Svo finnst manni pínlegt að fara yfir lista laganna sem lentu í 101-200 sæti. Hann sýnir manni bara hvað við eigum flottan tónlistararf."

Eiður á von á að niðurstaðan vekji athygli og umtal. Af hverju er þetta eða hitt lagið ekki með, munu margir spyrja. En hvor á fleiri lög í pakkanum, Bjöggi eða Bubbi? „Þeir eiga nú á að giska jafn mörg lög, ég hef bara ekki tekið það saman," segir Eiður. „Báðir líða fyrir það að hafa sungið mörg góð lög í gegnum tíðina svo atkvæðin til þeirra dreifðust mjög mikið."

HVOR ER BETRI, BUBBI EÐA BJÖGGI?
Væntanlega fæst svar 17. júní.

HELGARKROSSGÁTAN



					114 MP & BH	MITT EIGIÐ	SÉR EFTIR		TÁL	SPJÓTA	KIND	AÐRAKSTUR				
					HREYFING			FREMJA / FJANDANS								
					HESTUR / DRÆSA			2			FUGL		PAR	ALÞJÓÐLEGUR SAMNINGUR	SAMANBURÐARTENGING	
	NÆRRI ALLAR	HOLSKRÚFA	LAUN	SNÖGGUR					MÆLIEINING / DÓMS							
SELLU / EGGJARAUÐA						ÁSAMT / HVERS EINASTA						GELDA / GLUFA				
↳				VÆNKAST						SKÍTUR / KNÖTT		3			ÁHRIFAVALD	
SÓT		ÞVOGL / LAMPI	1				STYKKI / Í RÖÐ				GAMALL HLUTUR / MAÐUR FRÁ LITLU-ASÍU					
↳				NÆRA / LÆRDÓMUR				GÖRFUN / LÍTIÐ BÝLI						Í RÖÐ / EFNALEYSI		
MÆLIEINING					RÖND / GJALDA	6			MEÐAL / SKÁK				SPOR / ÍÞRÓTTAFÉLAG			
BOR			ÁRKVÍSLIR				MARÐARDÝR / GARGA			5		KLASTUR / KK NAFN				TRÖLLA
STERKA						POTA / REIK				LANDABRÉF / FISKUR					MÁLMÞRÁÐUR	
				DÝRAHLJÓÐ				ÓMARGIR / GANGFLÖTUR					TILVERA / HVORT			
											BORGARÍS					
				EINKENNI		4			GLITRA							

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

Te & Kaffi opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga**

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI

Menntastefnan skilar árangri

Stella Samúelsdóttir hjá Þróunarsamvinnustofu Íslands um grunnskóla í Malaví sem byggðir hafa verið fyrir íslenskt fé

Umdeildur flugvöllur Hitlers

Reykjavík er ekki eina borgin þar sem deilt er um réttmæti flugvallar í miðborginni

ferðalög

Ferðalög fylgja Fréttablaðinu á sunnudag

Nútímalegur arkitektúr um alla veröld, draumahelgi í Barcelona að hætti Auðar Jónsdóttur.

Þrír dagar tileinkaðir arkitektúr og hönnun í Kaupmannahöfn í maí.

New York-borg Eddu Pétursdóttur fyrirsætu og sól og sumar á ströndum Miðjarðarhafs.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

STUÐ MILLI STRÍÐA Þjófóttir foreldrar í Hlíðunum

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR GRÆTUR HJÓLIÐ SITT

Það er búið að stela hjólinu mínu. Einhver hefur læðupokast í kringum húsið mitt að nóttu til og haft það á brott með sér. Ég er alveg miður mín. Það er ekki góð tilfinning að hugsa sér einhvern óprúttinn á vappi undir svefnherbergisglugganum meðan maður sefur. Ég sem taldi mig búa í frekar ráðsettri götu í Hlíðunum og það síðasta sem ég hafði áhyggjur af voru þjófóttir hjólandi vegfarendur. Hef talið þá friðsama fram að þessu. Það er heldur ekki eins og hjólið mitt hafi verið flottasta hjólið sem gæfi vel af sér í endursölu í undirheimunum. Þætti jafnvel frekar lummó.

Þetta var bleikt og silfurlitt fjallahjól sem ég fékk í þrítugsafmælisgjöf og á það hafði ég svo skrúfað barnastól.Þjófurinn hlýtur þá að eiga barn.

Ég sem tók hjólið með mér til Kaupmannahafnar þar sem heill iðnaður gengur út á að stela reiðhjólum en þar stóð það fyrir utan dyrnar hjá mér í heilt ár án þess að nokkur liti við því, né barnastólnum. Ég veit ekki hvað ég á að halda.

Meðan ég skæli yfir hjólinu mínu ofan í morgunkaffið sé ég í blaðinu að bensínlítrinn er kominn yfir 150 krónur. Menn kasta eggjum og grjóti, slást og stoppa umferð til að mótmæla álagningu. Ég get ekki annað en velt því fyrir mér hvort nú sé svo komið að hátt bensínverðið verði til þess að foreldrar í fínni hverfum sjái sér þann kost einan að ræna reiðhjóli til að koma krökkunum í leikskólann. Eigri um dimma húsagarða eftir miðnættið með vírklippur í vasanum í leit að sparneytnum fararskjóta.

Bleik dömuhjól með áföstum barnastólum eru sennilega það vinsælasta í undirheimunum í dag.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FYRSTA PLATA
SVERRIS BERGMANN
ER KOMIN Í SKÍFUNA

1. Wrong side of the sun
2. White dove
3. A World for us
4. Brother
5. Father
6. Snow
7. Kiss it better
8. Havelock bar
9. Other side
10. Do we know?
11. Fading away
12. Afterlife

Kringlunni Smáralind Laugavegi Leifsstöð

S·K·Í·F·A·N

Kl. 20
Halla Oddný Magnúsdóttir píanóleikari heldur burtfarar-prófstónleika sína úr Tónlistar-skólanum í Reykjavík í kvöld kl. 20 í Salnum í Kópavogi. Þar flytur hún verk eftir tónskáldin J.C. Bach, Beethoven, Schumann, Prokofiev og Ravel. Aðagangur að tónleikunum er ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm leyfir.

menning

menning@frettabladid.is

Sembalsnillingur í Salnum

Jory Vinikour er dáður semballeikari um allan heim og er væntanlegur í Salinn í annað sinn í tónleikaröðinni Tíbrá. Hann kom hér síðast í desembermánuði 2005 og vígði konsertsembalinn í Salnum, en það dásamlega hljóðfæri fann heimili í Tónlistarhúsi Kópavogs í tilefni af 40 ára afmæli tónlistarskólans þar í bæ. Hljóðfærið, sem er af fransk-flæmskri gerð, er mikill gæðagripur, enda var það smíðað á vinnustofu Marcs Ducornet í París og hefur tvö hljómborð og spannar því rúmar fimm áttundir, en slíkt hljóðfæri gefur möguleika á flutningi hvorki meira né minna en allra þeirra verka sem samin hafa verið fyrir sembal.

JORY VINIKOUR OG SEMBALL SALARINS Jory leikur á sembalinn á tónleikum á þriðjudagskvöld.

Jory Vinikour er tvímælalaust í hópi frábærustu semballeikara í heimi og á langan og afar glæstan feril að baki. Að undanförnu hefur orðspor Jorys sem meðleikara aukist mjög, til dæmis fyrir leik hans með söngstjörnunni Anne Sofie von Otter. Geisladiskur hans með Goldberg-tilbrigðunum eftir Bach sem Delos International gaf út árið 2001 hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og var valinn einn af 10 bestu diskum ársins af Chicago Tribune-dagblaðinu. Vinikour kemur einmitt til með að leika Goldberg-tilbrigðin á tónleikum sínum í Salnum, en þeir fara fram næstkomandi þriðjudagskvöld kl. 20. Miðaverð er 2.000 kr. en eldri borgarar, námsmenn og öryrkjar fá miðann á 1.600 kr. Það er ljóst að þetta eru tónleikar sem áhugafólk um sígilda tónlist má ekki láta fram hjá sér fara. - vþ

> Ekki missa af …

Samsýningu feðginanna Karls Austmann, Jóhanns Smára Karlssonar og Sigrúnar Lindu Karlsdóttur sem opnuð verður í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag kl. 14. Karl og Sigrún sýna þar málverk en Jóhann hefur farið eilítið aðra leið í listsköpun sinni og sýnir ljósmyndir. Sýningin stendur til 11. maí næstkomandi.

Salurinn

LAUGARDAGUR 26. APRÍL KL. 20
PÍANÓTÓNLEIKAR – TÓNÓ RVÍK
HALLA ODDNÝ MAGNÚSDÓTTIR
AÐGANGUR ÓKEYPIS!

SUNNUDAGUR 27. APRÍL KL. 16
FIÐLUTÓNLEIKAR - LHÍ
BJÖRK ÓSKARSDÓTTIR
AÐGANGUR ÓKEYPIS!

ÞRIÐJUDAGUR 29. APRÍL KL. 20
TÍBRÁ: SEMBALTÓNLEIKAR
JORY VINIKOUR LEIKUR
GOLDBERGTILBRIGÐI BACHS.
VERÐ 2000/1600 KR.

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

TRJÁGREINAR Ein af ljósmyndum Berglindar Björnsdóttur.

Kyrrð að klárast

Ljósmyndaýning Berglindar Björnsdóttur, Kyrrð, stendur nú yfir í húsgagnaversluninni Saltfélaginu. Þar má sjá ljósmyndir sem hafa verið stækkaðar og límdar á plexígler þannig að á stundum mynda tvær myndir eina heild.

Verkin eru sýnishorn af því sem Berglind hefur verið að vinna að síðastliðið ár. Sýningin stendur út apríl. - vþ

Fagna afmæli og útgáfu

Kammersveitin Ísafold heldur útgáfutónleika annað kvöld í tilefni nýrrar plötu sveitarinnar. Platan heitir „all sounds to silence come“, og er titillinn dreginn af nýju verki á plötunni eftir hljómsveitarstjóra og listrænan stjórnanda sveitarinnar, Daníel Bjarnason.

Ísafold fagnar jafnframt fimm ára afmæli um þessar mundir, auk þess sem útgáfufyrirtækið 12 Tónar, sem gefur plötuna út, er tíu ára, og því mætti segja að tónleikarnir séu líka eins konar afmælisfagnaður. „Hljómsveitin á rætur sínar að rekja til þess að þessi hópur var saman í tónlistarnámi fyrir nokkrum árum. Hópurinn tók sig til og fór í tónleikaferð um landið árið 2003 sem heppnaðist svo vel að ákveðið var að halda samstarfinu áfram. Það hefur allt legið upp á við síðan og margt gott gerst á þessum fimm árum,“ segir Alexandra Kjeld, framkvæmdastjóri Ísafoldar.

KAMMERSVEITIN ÍSAFOLD Kemur fram á afmælis- og útgáfutónleikum annað kvöld.
MYND/GUNNAR SVANBERG SKÚLASON

Hljómsveitin hefur á sínum fimm starfsárum náð að skipa sér sess sem ein af fremstu kammersveitum landsins. Hún hlaut nýverið Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar og var valin Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2008. Það segir sitt um metnað samstarfsins að hljómsveitarmeðlimir eru í yngri kantinum, eru flestir á þrítugsaldri, og því vekur það athygli að litlar mannabreytingar hafa átt sér stað innan sveitarinnar.

„Já, þessi hljómsveit er einfaldlega svo gott og skemmtilegt verkefni að það er vilji fyrir hendi til að halda henni gangandi, þrátt fyrir að flestir meðlimirnir hafi verið að bæta við sig námi erlendis og séu búsettir hér og þar um heiminn,“ útskýrir Alexandra.

Á tónleikunum annað kvöld verða meðal annars leikin verk af nýju plötunni eftir Alfred Schnittke og Daníel Bjarnason, ásamt verkum eftir Edgar Varèse, Benjamin Britten og Bent Sørensen. Tónleikarnir fara fram í Langholtskirkju og hefjast kl. 20. Miða má nálgast í verslunum Skífunnar á Laugavegi og í Kringlunni, í 12 Tónum á Skólavörðustíg og á www.midi.is.

Jafnframt verður hægt að kaupa miða við innganginn. Stjórnandi á tónleikunum er Daníel Bjarnason.

vigdis@frettabladid.is

Kringlu kráin
Vítamín í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Allar smásögur Tolstoys - njóta stöðugra vinsælda hjá þjóðinni
- fjórða prentun komin í allar helstu verslanir, þ.á.m í Leifsstöð!
Ódauðlegar sögur í snilldarþýðingu Gunnars Dal.


Ótrúlegt verð - Lafleur útgáfan

Málverkasýning
Kolbrún Sigurðardóttir opnar málverkasýninguna
Rauði þráðurinn
laugardaginn 26. apríl kl. 14:00
Gallerí List • Skipholti 50A
sími: 581 4020 • www.gallerilist.is
einstök sýning
Gallerí List

ÚTSALA ÁRSINS

TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI

OPIÐ ALLA HELGINA

50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

0% VEXTIR
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Á ÖLLUM TÖLVUM

FYRSTA GREIÐSLA 1 ÁGÚST
VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

FRÍTT HEIM AÐ DYRUM*
HVERT Á LAND SEM ER

* Þar sem Pósturinn býður upp á þá þjónustu annars á næsta pósthús

Tilboð gilda dagana 25-27 apríl eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur.

OPIÐ ALLA HELGINA
LAUGARDAG 10:00 - 18:00
SUNNUDAG 13:00 - 17:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Fjölskylda sýnir saman

Það er ekki á hverjum degi sem færi gefst á því að virða fyrir sér listsköpun þriggja náskyldra listamanna. Slík tækifæri bjóðast þó frá og með deginum í dag, bæði í Ráðhúsi Reykjavíkur, samanber Ekki missa af... , og í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, en kl. 15 verða þar opnaðar sýningar þriggja listamanna sem tilheyra einni og sömu fjölskyldunni.

Í aðalsal safnsins verður opnuð yfirlitssýning á verkum Einars Más Guðvarðarsonar myndhöggvara sem lést 2003; í Sverrissal sýnir systir Einars, leirlistakonan Jóna Guðvarðardóttir, en í Apóteki verður sýning dóttur hennar, Hildar Ýrar Jónsdóttur, sem hefur nýlega lokið listnámi í Hollandi og sýnir skúlptúr og skartgripi. Þetta er 16. sérsýningin á verkum Einars og 17. einkasýning Jónu en Hildur opnar nú sína fyrstu einkasýningu. Jafnframt verður gefin út bók um höggmyndalist Einars með textum eftir Jón Proppé og Halldór Ásgeirsson.

Hafnarborg er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til kl. 17. Aðgangur að safninu er ókeypis.

- vþ

HAFNARBORG Hýsir áhugaverðar sýningar skyldra listamanna.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

ÓPERA SKAGAFJARÐAR Kemur fram á tónleikum í íþróttahúsinu í Varmahlíð á morgun.

Óperuperlur á Sæluviku

Sæluvika Skagfirðinga stendur yfir nú dagana 27. apríl til 4. maí. Í tilefni hennar efnir hin framtakssama Ópera Skagafjarðar til tónleika í íþróttahúsinu í Varmahlíð kl. 16 á morgun. Þar verða flutt valin lög úr óperunum Rigoletto og La Traviata við undirleik 15 manna kammerhljómsveitar. Sérstakur gestasöngvari á tónleikunum verður engin önnur en Sigrún Hjálmtýsdóttir sem einnig er þekkt sem Diddú.

Að auki stendur Söngskóli Alexöndru, í samvinnu við Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu, fyrir menningardagskrá undir yfirskriftinni Ég lít í anda liðna tíð. Um er að ræða metnaðarfulla leik- og söngdagskrá um ævi og störf tónskáldsins Sigvalda Kaldalóns þar sem blandað er saman frásögn og flutningi á verkum hans. Tónlistarflutningurinn er í höndum söngnemenda úr Söngskóla Alexöndru.

Sigvaldi Stefánsson Kaldalóns, tónskáld og læknir, fæddist árið 1881 og lést 1946. Hann var héraðslæknir á ýmsum stöðum en lengst í Nauteyrarhéraði við Ísafjarðardjúp. Sigvaldi samdi hátt á annað hundrað sönglaga sem mörg hver hafa orðið gríðarlega vinsæl og eru enn á hvers manns vörum. Meðal laga hans eru Á Sprengisandi, Þú eina hjartans yndið mitt, Hamraborgin og Svanasöngur á heiði. Hann samdi einnig nokkur kórlög, meðal annarra Ísland ögrum skorið, og fáein lög fyrir hljóðfæri.

Sýningar helgaðar Sigvalda Kaldalóns verða þrjár til fjórar, en fjöldi þeirra fer eftir eftirspurn, og fara fram dagana 28. apríl til 1. maí í Villa Nova, einu elsta og virðulegasta húsi Sauðárkróks. Skagfirðingum og öðrum Norðlendingum gefst með þessari dagskrá tækifæri til að fræðast um ævi og störf Sigvalda Kaldalóns í flutningi einnar dáðustu leikkonu landsins og nemenda úr Söngskóla Alexöndru.

- vþ

Laugardaginn 26. apríl
frá kl. 11:00 til 17:00.
Umhverfisráðuneytið, Úrvinnslusjóður og SORPA bjóða til sýningar í Perlunni á vistvænum vörum og þjónustu.

Vistvænn lífsstíll

Reynsluaktu mengunarlausa borgarbílnum.
Góði hirðirinn efnir til uppboðs á Hundinum eftir Guðmund frá Miðdal, kl. 14:00. Lægsta boð er 20.000 kr.
Ókeypis ástandsskoðun á reiðhjólum.

Kolviður	gerir öllum kleift að jafna kolefnislosun sína vegna samgangna.
Natturan.is	vefur með umhverfisvitund.
Þumalína	umhverfisvænar vörur fyrir ungabörn og mæður.
Börn náttúrunnar	vistvæn leikföng og ullar- og silkifatnaður.
Perlukafarinn	Reva rafmagnsbíll. Gestum býðst að reynsluaka mengunarlausa borgarbílnum.
Yggdrasill	hreinlætisvörur og matvæli.
Vottunarstofan Tún	vottun lífrænna afurða og náttúruafurða.
Skógræktarfélag Íslands	trjárækt og aðrar umhverfisbætur.
ENJO	umhverfisvænar hreingerningarvörur.
Strætó	umhverfis- og fjárhagslegir kostir þess að nota strætisvagna.
Landvernd	vistvernd í verki.
Umhverfisstofnun	Svansmerktar vörur og þjónusta.
Fuglavernd	vernd fuglastofna og búsvæða og garðfuglaskoðun.
Gámaþjónustan	endurvinnslutunnan.
SGI á Íslandi	fræðslusýning um Sáttmála jarðar.
Landssamtök hjólreiðamanna	kostir hjólreiða fyrir umhverfi og heilsu. Gestir geta mætt með reiðhjól í ástandsskoðun.
Úrvinnslusjóður	endurnýting á rafhlöðum.
SORPA	grenndargámar og margnota flokkunarpokar.
Góði hirðirinn	úrval nytjahluta í anda sjöunda áratugarins.
Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur	lifandi og skemmtileg borg.
Gyllti kötturinn	notuð föt og nýjar flíkur úr endurnýttum efnum.
Klausturvörur	vistvænar vörur unnar í klaustrum, t.d. snyrtivörur, sælkeramatur og listmunir.
Íslenska gámafélagið	græna tunnan, metanbílar og ráðgjöf í flokkun.
Línuhönnun	á vistvænum vegum – aðstoðar þig við vistvænna líf.

Aðgangur ókeypis.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR
SORPA



MENNINGARNÓTT
23. ÁGÚST 2008 - TORG Í BORG

AUGLÝST EFTIR ÁHUGASÖMUM, FRUMLEGUM OG HUGRÖKKUM HUGMYNDASMIÐUM

Menningarnótt í miðborginni verður haldin í þrettánda sinn 23. ágúst næstkomandi. Menningarnótt er hátíð sem allir borgarbúar skapa og upplifa saman, hvort sem er úti á torgum og götum miðborgarinnar, í bakgörðum eða söfnum, fyrirtækjum og jafnvel heimahúsum.

Hlutverk Höfuðborgarstofu og stjórnar Menningarnætur er að halda utan um alla almenna skipulagningu og leyfisveitingar, standa að útgáfu dagskrárrits og annarrar kynningar á viðburðum hátíðarinnar.

Til þess að tryggja að sem flest atriði komist inn í dagskrá Menningarnætur 2008 er hér með auglýst eftir áhugasömum, frumlegum og hugrökkum hugmyndasmiðum til að fylla inn í viðburðalandslag Menningarnætur. Sérstök áhersla verður lögð á dagskrá á stórum, smáum, hringlaga, köntuðum, sýnilegum og földum torgum í miðborginni.

Umsóknir og tillögur um atriði á Menningarnótt skal senda fyrir 20. júní næstkomandi merkt „Menningarnótt 2008" til Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2, 101 Reykjavík. Einnig er hægt að senda umsóknir rafrænt á gudridur.inga.ingolfsdottir@reykjavik.is eða á skuli.gautason@reykjavik.is

www.menningarnott.is

> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Ítalska Vogue breytir útliti tískunnar Tískuheimurinn hvíslar því spenntur að næsta tölublað Ítalska Vogue muni skarta aðeins fyrirsætum af afrísku bergi brotnu. Það er ljósmyndarinn heimsþekkti **Stephen Meisel** sem tekur myndirnar og átakið er gert í þeim tilgangi að sporna við kynþáttafordómum í tískubransanum og hætta að einblína á hvítar fyrirsætur. Ofurfyrirsætan **Naomi Campbell** hefur verið dugleg að ræða um málefnið en meðal þeirra nýju andlita sem prýða heftið er hin sautján ára gamla **Jourdan** frá London. „Það eru ekki einungis hvítar stelpur í London og því óeðlilegt að það séu ekki fleiri svartar stelpur í auglýsingum."

still

utlit@frettabladid.is

... Grafískan svarthvítan kjól fyrir sumarið frá Donnu Karan. Fæst í Evu.

OKKUR LANGAR Í ...

... silfurlita strigaskó til að skokka inn í vorið. Fást í Evu, Laugavegi.

... fallega svarta tösku eftir Hildi Yeoman. Fæst í KronKron



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Heilbrigt samband

Okkar vestræni heimur er gersamlega heltekinn af mat. Á meðan þriðji heimurinn sveltur er matur orðinn vandamál fyrir okkur hin, offramboðið ótrúlegt, úrvalið að kæfa okkur og þar að auki er verið að framleiða skelfilega mikið af óhollum vörum, stútfullum af alls kyns drasli sem skemmir líkamann okkar. Auðvitað er ekkert skrýtið að vandamál vegna offitu eða átröskunar séu endalaust í umræðunni. En mér finnst hálf ógnvekjandi hversu margar konur virðast vera með megrunarkúra á heilanum. Bæði eigin megrunarkúra og megrunarkúra annarra kvenna. Þær vakta allt sem aðrar konur láta ofan í sig. Horfa smásjáraugum á hvort einhverjar séu of feitar eða of grannar. Skipta sér af þegar einhver fær sér kokkteilsósu eða majonessamloku en hvísla í hornum ef einhver hefur grennst „of" mikið. Ræða endalaust um að þær megi ekki borða hitt eða þetta af því þær hafi bætt á sig einu kílói en svekkjast þess á milli yfir því að detta ofan í KFC-föturnar um helgar. Ég get ekki annað sagt en að mér hundleiðist þetta umræðuefni. Hver hefur áhuga á því hvað annað fólk er að borða? Og hvað kemur okkur við hvað annað fólk er að borða? Megrunarkúratal finnst mér gersamlega óþolandi og er ekki viss um að það sé neinum hollt. Það eru endalausar öfgar í öllu hjá okkur, annaðhvort er tekinn mánaðar-„boot-camp" í ræktinni og ekkert borðað nema gulrætur og næsta mánuð er fólk í áskrift að ruslfæðu. Það er eins og nútímakonan, jú og eflaust -maðurinn, séu komin út úr öllu heilbrigðu sambandi við mat. Matur er ekki lengur eitthvað sem er gott og skemmtilegt eða bráð nauðsyn, heldur óvinurinn sem stjórnar lífi manns. Það er dálítið skondið að upplifa þessa megrunarumræðu hér á Íslandi eftir að hafa eytt töluverðum tíma í Frakklandi. Þar ríkja bara þær gullnu reglur að matmálstímar eru aðeins þrisvar á dag og góðs matar er notið í góðum félagsskap. Eina megrunarráðið sem ég heyrði fleygt í Frakklandi var einfaldlega að borða minna. Mikið vildi ég að við gætum fundið aftur ánægjuna af mat án þess að vera með hann á heilanum. Við konur hljótum að hafa svo margt annað og skemmtilegra að tala um, alveg sama hvernig holdafar okkar kann að vera.

HIPPALEGT Síð og víð skyrta við útvíðar gallabuxur og barðastóran hatt hjá Just Cavalli.

GULT OG GRÁTT Óvenjuleg en dempuð lita-paletta frá Pucci fyrir haust/vetur 2008.

STÆRSTI LEIKUR ALLRA TÍMA ER AÐ KOMA

VILTU FYRSTA EINTAKIÐ?

SKYNÖRVANDI Síður kjóll frá Pucci sem styðst einmitt við gömlu mynstur tískuhússins frá sjöunda áratugnum.

SKYNÖRVANDI MYNSTUR OG LOÐFELDIR HJÁ ÍTÖLSKUM HÖNNUÐUM

LÚXUSHIPPAR

Sumarið stefnir í að verða sumar ástarinnar þar sem fjöldi hönnuða sótti innblástur til hippatísku sjöunda og áttunda áratugarins. Ítalska merkið Pucci hefur aldeilis sótt í sig veður og hefur ekki verið jafnvinsælt síðan 1965. Hippalúkkið sem ítölsku hönnuðirnir sýndu fyrir næsta vetur voru hins vegar með ríkmannlegra móti, skemmtileg blanda af bóhemskum áhrifum og lúxus.

- amb

LOÐFELDUR Fallegur refakeip yfir fagurbláan silkikjól frá Pucci.

KVENLEGT Laufléttt og mynstrað dress úr siffoni frá Just Cavalli.

BÓHEM Fallegur mynstraður jakki með loðfóðri ásamt túrkisbláum leggings frá Pucci.

SHOW ROOM REYKJAVÍK

Fatahönnunarfélag Íslands stendur fyrir sýningu í Portinu í Hafnarhúsinu í dag frá kl. 10-17

Andersen & Lauth, ásta créative clothes, Cintamani, ELM, Farmers Market, GuSt, HANNA, Hidden Goods, ÍSTEX, Sonja Bent, EYGLO, Lykkjufall, Mundi Design, FORYNJA, Raxel, Starkiller, Steinunn, ..., ZO-ON, 66° Norður, María Icelandic Couture

Veitingar:**pikknikk**

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS · emm school of make up · BACARDI BREEZER · eskimo · epal

Design by : Frosti Gnarr / DOT design

> **AU NATUREL**

Það er þegar vitað að leikkonunni Juliu Roberts finnst ekki nauðsynlegt að raka sig reglulega undir höndunum, en í viðtali við Opruh Winfrey ljóstraði hún því nýlega upp að hún notaði ekki heldur svitalyktareyði. Roberts fer gömlu leiðina, sem felur í sér sápuþvott yfir daginn.

fólk

folk@frettabladid.is

Greinir frá heimilisofbeldi

Ofurfyrirsætan Jerry Hall, sem var lengi gift Mick Jagger, hefur sagt frá því að hún og fjórar systur hennar hafi verið fórnarlömb heimilisofbeldis í æsku. Hall er nú að skrifa ævisögu sína, og hefur í fyrsta skipti sagt frá því ofbeldi sem hún og systur hennar máttu þola af hendi föður þeirra, John.

„Ég er ekki að reyna að vera hefnigjörn, en hann var vissulega mjög erfiður. Hann var mjög ofbeldisfullur," sagði Hall nýlega í viðtali. „Hann varð að flytja sprengifim efni yfir landið þvert og endilangt, tók örvandi lyf og kom svo heim og barði okkur stelpurnar fimm. Hann braut bein," segir Hall.

Faðir hennar var fyrrverandi hermaður, og að sögn Jerry talaði hann við dætur sínar eins og liðþjálfi talar við hermenn sína. „Hann var mjög hugmyndaríkur í móðgunum sínum," segir fyrirsætan.

Jerry, sem keypti sér flugmiða aðra leiðina til Parísar aðeins sextán ára gömul til að komast að heiman, sagðist reyna að skilja hvers vegna faðir hennar hegðaði sér á þennan hátt. „Hann átti skelfilega æsku, faðir hans drakk og móðir hans dó þegar hann var smábarn – maður reynir að skilja af hverju einhver verður svona ofbeldishneigður. Hann gekk í gegnum skelfilega hluti. Hann þurfti að sleppa fólki úr fangabúðum og fann þar átján þúsund lík," segir fyrirsætan.

ERFIÐ ÆSKA Jerry Hall segist reyna að skilja af hverju faðir hennar var svo ofbeldishneigður, en hann beitti hana og fjórar systur hennar ofbeldi í æsku. NORDICPHOTOS/GETTY

EWAN MCGREGOR

Aðstoðar páfa

Leikarinn Ewan McGregor er í samningaviðræðum um að taka að sér hlutverk í kvikmyndinni Angels & Demons, sem er byggð á samnefndri bók Dans Brown og gerist á undan atburðunum í The Da Vinci Code.

Gangi viðræðurnar vel mun McGregor leika aðstoðarmann páfans í myndinni. Tom Hanks hefur þegar samþykkt að endurtaka hlutverk sitt sem táknfræðingurinn Robert Langdon, sem í þetta skiptið reynir að afhjúpa samsæri um að sprengja upp Vatíkanið. Tökur á myndinni hefjast í Evrópu í júní og er hún væntanleg í bíó í maí á næsta ári.

Velferðarsmiðja
í Suðurgötu 3, Reykjavík kl. 11
www.vg.is

Amy gæti lent í fangelsi

Vandræðin halda áfram að hrannast upp hjá Amy Winehouse. Svo gæti farið að hún feti í fótspor eiginmanns síns og gisti fangaklefa á næstunni.

Söngkonunni Amy Winehouse gengur lítið í haginn þessa dagana. Í síðustu viku hélt hún einu sinni sem oftar út á lífið, með afleiðingum sem gætu orðið til þess að hún þurfi að gista fangaklefa á næstunni. Fregnir herma að Amy hafi ráðist á tvær manneskjur á þriðjudagskvöldi.

Fyrra atvikið ku hafa átt sér stað þegar tónlistarmaðurinn Mustapha el Mounmi neitaði að gefa billjardborðið sem hann var að leika á upp á bátinn fyrir Winehouse. Amy réðst þá að honum með þeim afleiðingum að Mustapha skartar nú glóðarauga og bólginni vör. „Ég er svo reiður," segir Mustapha. „Hún lamdi mig fast í andlitið. Ég gat ekki slegið til baka – hún er kona," segir tónlistarmaðurinn.

Síðar ku söngkonan hafa skallað manneskju sem hjálpaði henni að ná í leigubíl í Camden. Lögregla hefur staðfest að hún hafi hafið rannsókn á málinu. „Lögregla rannsakar meinta líkamsárás á Chalk Farm Road," staðfestir talsmaður lögreglunnar. „38 ára gamall maður hefur haft samband við lögreglustöðina í Kentish Town og segir 24 ára gamla konu hafa ráðist á sig. Enginn hefur verið handtekinn sem stendur, en rannsókn stendur yfir," segir lögreglan. Amy fór í gær á fund lögreglunnar í yfirheyrslu, sem talsmaður söngkonunnar sagði hana gera af fúsum og frjálsum vilja. Breska blaðið The Sun taldi sig hins vegar hafa heimildir fyrir því að hún yrði handtekin. Ef svo fer að Amy verði sakfelld gæti hún átt von á allt að sex mánaða afplánun í fangelsi, og sekt sem hljóðar upp á andvirði um 300 þúsund króna.

EKKERT LÁT Á VANDRÆÐAGANGI Amy Winehouse gæti átt yfir höfði sér fangelsisvist, en hún er sökuð um að hafa ráðist að tveimur manneskjum í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Þessi hegðun söngkonunnar virðist vera í anda þess sem á undan er gengið, en fyrr í vikunni er hún sögð hafa ráðist að leigubílstjóra eftir að hafa neitað að greiða fyrir aksturinn. Sama kvöld og líkamsárásin átti sér stað segja heimildarmenn að hún hafi verið stjórnlaus inni á skemmtistaðnum Bar Tok. „Hún henti drykkjum í kringum sig og velti borðum," segir einn sjónarvottur, sem segir söngkonuna einnig hafa öskrað, „Ég er goðsögn, komið þessu fólki út. Ég vil taka eiturlyf." Aðrir sjónarvottar segja að hún hafi þar að auki kysst ónefndan mann, sem var augljóslega ekki eiginmaður hennar, Blake Fielder-Civil, sem situr í fangelsi.

ÚR IDOL Í DANSÞÁTT Paulu Abdul langar til að taka þátt í dansþættinum Dancing with the Stars. Hér er hún með samdómurum sínum í American Idol, þeim Simon Cowell og Randy Jackson. NORDICPHOTOS/GETTY

Vill komast í dansþátt

Paula Abdul, sem eins og flestir vita er einn dómara í American Idol, ku hafa hug á því að ganga í raðir þeirra stjarna sem spreyta sig á mismunandi dansstílum í þáttunum Dancing with the Stars. Dansþættirnir njóta mikilla vinsælda úti sem stendur.

Paula sagði í viðtali við tímaritið OK! að hún væri að velta þáttöku fyrir sér, eftir að kynnir þáttanna, Tom Bergeron, missti það út úr sér í síðasta mánuði að hún gæti orðið á meðal þátttakenda.

„Ég er mikill aðdáandi þáttanna. Það væri frábær reynsla fyrir mig að verða nemandi og læra dans-stíla sem ég hef aldrei kynnst," segir Paula, sem hefur á árum áður samið dansa og dansað í eigin tónlistarmyndböndum, sem gæti orðið til þess að ekki þyki við hæfi að bjóða henni þáttöku. „Ég var alltaf danshöfundur…," segir Paula hins vegar. „Ég hef aldrei fengið að vera nemandi og ég hef aldrei dansað með félaga. Ef ég reyndi það einhvern tímann varð ég að vera strákurinn og það er ekkert gaman. Ég vil vera í flottum kjólum eins og stelpurnar," segir söngkonan.

American Idol og Dancing with the Stars eru sýndir á sama tíma á þriðjudagskvöldum; Idol á sjónvarpsstöðinni FOX en hinn á stöðinni ABC.

PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana
Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.
ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND
Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.
penzim.is

Vill hanna búninga

Ofurfyrirsætan Heidi Klum vill spreyta sig á hönnun einkennisbúninga. Hún hefur áður hannað föt fyrir þýska pöntunarlistann Otto, skó fyrir Birkenstock, skartgripi fyrir Mouawad og sundföt, svo eitthvað sé nefnt. Einkennisbúninga er hins vegar ekki að finna á ferilskrá hennar til þessa, en Klum segir að fólk biðji hana daglega um að taka slíkt að sér.

„Ég fer á sama Starbucks-kaffihús í Beverly Hills á hverjum degi, og þau eru alltaf að spyrja, „Geturðu sagt þeim að við viljum fá nýja búninga?"," segir Heidi í viðtali við Contactmusic. „Ég flýg með American Airlines, og sami hlutur gerist. Það er alltaf að gerast. Stórar keðjur eða stór fyrirtæki, þau eru alltaf að koma til mín. Það væri skemmtilegt, því svo margir myndu sjá afraksturinn," segir fyrirsætan. Henni hafa þó ekki borist fyrirspurnir frá fyrirtækjunum sjálfum enn sem komið er.

HEIDI OG STARBUCKS Heidi Klum hefði ekkert á móti því að fá að hanna nýja einkennisbúninga á starfsfólk Starbucks-kaffihúsakeðjunnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Snipes í fangelsi

Bandaríski leikarinn Wesley Snipes hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir skattsvik. Dómurinn var jafnþungur og saksóknarar höfðu óskað eftir, eða eitt ár fyrir hvert skipti sem hann taldi ekki fram til skatts.

Lögfræðingar Snipes töldu brotið ekki alvarlegt og sögðu að Snipes væri góð manneskja. Saksóknararnir töldu aftur á móti að með því að veita Snipes þungan dóm myndu yfirvöld setja gott fordæmi fyrir annað fólk.

Snipes var í febrúar fundinn sekur um að hafa ekki talið fram til skatts árin 1999, 2000 og 2001. Hann var sýknaður af ákærum um alvarlegri svik.

Fyrir rétti sagðist hann iðrast gjörða sinna og bætti því við að hann hefði hagað sér barnalega auk þess sem hann hefði lítið kunnað fyrir sér í lögfræði og fjármálum. Á meðal þeirra sem sendu bréf til réttarins til stuðnings vini sínum voru leikararnir Woody Harrelson og Denzel Washington, en allt kom fyrir ekki.

Snipes er ekki í varðhaldi sem stendur og ekki er vitað hvenær hann þarf að setjast á bak við lás og slá. Hann er þekktastur fyrir leik sinn í myndunum White Men Can´t Jump, Demolition Man og Blade-þríleiknum.

WESLEY SNIPES Snipes hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir skattsvik.

ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI Hasselhoff og Bach á góðri stundu áður en skilnaðardeilan hófst.

Tvær millur á mánuði

Strandvarðastjarnan fyrrverandi, David Hasselhoff, hefur samþykkt að borga fyrrverandi eiginkonu sinni, Pamelu Bach, og börnum þeirra tæpar tvær milljónir króna á mánuði samkvæmt skilnaðarplöggum þeirra.

Hasselhoff og Bach, sem skildu árið 2006 eftir sextán ára hjónaband, hafa sameiginlegt forræði yfir börnum sínum. Hasselhoff, sem hefur átt við áfengisvanda að stríða, var á síðasta ári bannað að hitta börnin sín eftir að myndbandsupptaka var birt af honum ölvuðum á netinu. Hasselhoff og Bach hafa undanfarna mánuði unnið að samningum varðandi skilnaðinn og virðast nú hafa náð endanlegu samkomulagi.

ÓÁNÆGÐ MEÐ HANDRITSHÖFUNDA Rebecca Romjin er ósátt við þær breytingar sem hafa átt sér stað á karakternum sem hún leikur í Ugly Betty eftir að nýir handritshöfundar komu til starfa.

NORDICPHOTOS/GETTY

Yfirgefur Ugly Betty

Rebecca Romjin mun yfirgefa Ugly Betty eftir að annarri þáttaröð lýkur í næsta mánuði. Hún mun snúa aftur sem gestaleikari í næstu þáttaröð, en ekki vera hluti af daglegu starfi. Ástæðan fyrir brotthvarfi hennar er sú að henni þykja nýir handritshöfundar, sem ráðnir voru eftir verkfall handritshöfunda seint á síðasta ári, hafa breytt karakternum sem hún leikur, Alexis Meade, of mikið.

„Þó að ég viti að ég snúi aftur í næstu þáttaröð er ég ekki viss um að þeir geti séð jafn vel um karakterinn minn og þeir hafa gert eftir allar þessar breytingar. Svo ég er að fara, kem aftur sem gestaleikari, en það er kominn tími fyrir mig til að fara og finna mér eitthvað annað,“ segir hún í viðtali við NY Post.

Vakandi í eigin hjartaaðgerð

Clay Beresford er ungur milljónamæringur sem loksins kemst í langþráða hjartaígræðslu. En aðgerðin fer ekki betur en svo að svæfingin mistekst og hann finnur fyrir öllum hamaganginum, og án þess að neinn viti til þar sem hann er lamaður á meðan. Ekki nóg með það heldur heyrir hann ýmislegt annað frá fólkinu í kringum sig sem gæti ógnað lífi hans.

Awake byggir á áhugaverðri hugmynd sem er vel fær um að valda martröðum, en í myndinni er því haldið fram að einn af hverjum 700 sem gangast undir skurðaðgerð sé vakandi á meðan. Í skásta atriði myndarinnar er brjóstkassinn á persónu Haydens Christensen opnaður, með tilheyrandi kvölum hans.

En þessi hrollvekjuhluti myndarinnar víkur fljótt fyrir miklu svikaplotti og spennutrylli, sem kemur þessu ástandi lítið við. Við það fer allt út um þúfur og veikburða fléttur, sem oftar en ekki er hægt að sjá fyrir, taka völdin. Fyrr en varir fellur hún algjörlega um sjálfa sig og verður það ótrúleg og fáránleg að útkoman er hálf kómísk. Sérstaklega reynast leiðir handritshöfundarins skondnar til að viðhalda þátttöku aðalhetjunnar, sem liggur jú grafkyrr.

Sé það ekki nóg er myndin plöguð af dauflegum leik í aðalhlutverkunum. Star Wars-stjarnan Hayden Christensen er kannski bærilegri en hann hefur verið en sýnir hér litla útgeislun. En Jessica Alba hefur vissulega útlitið með sér, en sýnir ekki sterka frammistöðu. Terrence Howard er ágætur í einhliða læknahlutverki og Lena Olin kemur fram sem ráðrík móðir Christensens.

Það var kannski ekki við miklu að búast af mynd sem var tekin upp fyrir tveimur árum, og hefur síðan þá safnað ryki á hillum framleiðenda. Hún ber þess vel merki og verður að teljast mjög óspennandi og ótrúleg kvikmyndaupplifun.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.isw

KVIKMYNDIR

Awake

Leikstjóri:

★★

Er þetta hrollvekja eða spennutryllir með svikaplotti? Ómögulegt er að vita hver var pælingin með þessari slöppu mynd.



Bó og Krummi sungu fyrir Svölu

Björgvin Halldórsson og sonur hans, Krummi, sungu saman lagið You Belong to Me á tónleikum Björgvins í Sirkusbyggingunni í Kaupmannahöfn. Tileinkuðu þeir feðgar Svölu Björgvinsdóttur og unnusta hennar, Einari Egilssyni, lagið en þau lentu sem kunnugt er í hörðum árekstri á Reykjanesbraut fyrir hálfum mánuði. Að sögn Sigurðar K. Kolbeinssonar, athafnamanns og skipuleggjanda tónleikanna, risu áhorfendur úr sætum og veifuðu hvítum servíettum Krumma og Bó til stuðnings á þessum erfiðu tímum.

„Þetta gekk alveg ótrúlega vel, hljómsveitirnar voru alveg frábærar og heiðursgesturinn Ragnar Bjarnason fór alveg á kostum," segir Björgvin þegar Fréttablaðið náði tali af honum í Kaupmannahöfn. Ragnar rifjaði upp gamla takta frá árunum í Danaveldi en hann tók einmitt upp tvö af sínum vinsælustu lögum í hljóðveri í Kaupmannahöfn; Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig og Komdu í kvöld. „Hann flutti þau við mikla hrifningu og svo tókum við dúett," segir Björgvin, augljóslega kampakátur með útkomuna.

Sigurður var ekki síður glaður með kvöldið en þetta er í annað sinn sem fyrirtækið hans, Köben.is, stendur fyrir uppákomu á borð við þessa. Ákveðið var í ljósi reynslunnar að hafa færri gesti en ríflega átta hundruð manns fylltu Sirkusbygginguna, reffilega klæddir og í stuði. „Þetta gekk allt upp og Björgvin var í alveg æðislegu stuði," segir Sigurður.

- fgg

SÖNG FYRIR DÓTTUR SÍNA Björgvin söng lagið You Belong to Me ásamt syni sínum Krumma og tileinkaði lagið dóttur sinni Svölu og unnusta hennar, Einari.

Feðgin sungu Sólarsamba

Feðginin Magnús Kjartansson og bæjarfulltrúinn Margrét Gaua stigu á svið eftir tuttugu ára hlé og sungu Eurovision-lagið Sólarsamba á tónleikum á Organ aðfaranótt sumardagsins fyrsta.

Mikil stemning var í húsinu þegar þau stigu á svið, enda lagið fyrir löngu orðið sígilt í íslenskri dægurlagasögu. Stóðu feðginin sig með mikilli prýði og vonandi eiga ekki eftir að líða önnur tuttugu ár þar til þau endurtaka leikinn. Á tónleikunum á Organ spiluðu einnig hljómsveitirnar Seabear, Skátar, Kimono og Swords of Chaos við góðar undirtektir.

SÓLARSAMBA Magnús Kjartansson og Margrét Gaua flytja hið vinsæla lag Sólarsamba eftir tuttugu ára hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

GÓÐ STEMNING Allt ætlaði vitlaust að verða í salnum þegar Magnús og Margrét sungu Sólarsamba.

GAMAN Félagarnir Logi og Magnús voru í miklu stuði á tónleikunum.

VINKONUR Vinkonurnar Ástríður og Þorgerður létu sig ekki vanta á Organ.

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

STREET KINGS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
STREET KINGS LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
FORGETTING SARA MARSHALL	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 1 - 2.30 - 4	
21	kl. 5.20 - 8 - 10.35	12
SUPERHERO MOVIE	kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10	7
HORTON	kl. 1 - 3 ÍSLENSKT TAL	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 5%

THE RUINS	kl. 10	16
VANTAGE POINT	kl. 8 - 10.10	16
THE BAND'S VISIT	kl. 3 - 6 ENSKUR TEXTI	
THE KING OF KONG	kl. 3 - 6 - 8 ÍSLENSKUR TEXTI	
TROPA DE ELITE	kl. 3 - 5.30-8-10.20 ENSKUR T	16
CARAMEL	kl. 3 - 6 ENSKUR TEXTI	
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 10.15 FORSÝNING	
MADE OF HONOUR	kl. 8 FORSÝNING	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

STREET KINGS	kl. 3.30 - 6 - 8.30 - 11	16
AWAKE	kl. 8 - 10	16
21	kl. 3.20 - 6 - 9	12
SUPERHERO MOVIE	kl. 3.30 - 6	7
DOOMSDAY	kl. 10.20	16
BRÚÐGUMINN	kl. 6 - 8	7
HORTON	kl. 3.30 ÍSLENSKT TAL	

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — 650 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

STREET KINGS	kl. 8 - 10	16
FORGETTING SARA MARSHALL	kl. 8 - 10	12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 3.20 - 4.40	
SUPERHERO MOVIE	kl. 6	7
HORTON	kl. 4 ÍSLENSKT TAL	
THE SPIDERWICK CHRONOCLES	kl. 6	7

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

DRILLBT TAYLOR	kl. 4, 6, 8 og 10	L
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 8 og 10.15	12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 2, 4 og 6 - 550 kr.	L
DEFINITELY, MAYBE	kl. 8 og 10.15	L
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 2, 4 og 6	7
HORTON	kl. 2	L

ÁLFABAKKA

DRILLBIT TAYLOR	kl. 2 - 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20	10
DRILLBIT TAYLOR	kl. 8 - 10:20	VIP
IN THE VALLEY OF ELAH	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	16
FORGETTING SARAH...	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30	12
SHINE A LIGHT	kl. 8 - 10:30	L
SHINE A LIGHT	kl. 3:15 - 5:30	VIP
FOOL´S GOLD	kl. 5:40 - 8 - 10:20	7
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 1:30 - 4:20 - 6:10	L
STEP UP 2	kl. 1:30 - 3:30	7

KRINGLUNNI

OVER HER DEAD BODY	kl. 1:50 - 3:40 - 5:50-8 - 10:10	7
P2	kl. 8 - 10:10	16
STÓRA PLANIÐ DIGITAL	kl. 4D - 6D - 8D - 10D	10
JUNO	kl. 6	7
HANNA MONTANA 3D-DIGITAL	kl. 2 (3D)	L
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 2 - 4	L

SelfossBíó

OVER HER DEAD BODY	kl. 5:50 - 8 - 10:10	7
FOOL´S GOLD	kl. 8	7
DOOMSDAY	kl. 10:20	16
STÓRA PLANIÐ	kl. 6 (í síð. sinn)	10
BUBBI BYGGIR M/- ÍSL TAL	kl. 4	L
HORTON M/- ÍSL TAL	kl. 4	L

AKUREYRI

UNDERDOG ÍSL TAL	kl. 4	L
DRILLBIT TAYLOR	kl. 6 - 8	10
P2	kl. 10:10	16
DEFINETLY MAYBE	kl. 4 - 8	L
SHINE A LIGHT	kl. 6 - 10:10	L

KEFLAVÍK

FORGETTING SARAH...	kl. 8 - 10:20	L
21	kl.10	12
HEIÐIN	kl. 8	7
THE RUINS	kl. 10:10	16
BUBBI BYGGIR ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	L
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 4 - 6	7

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

Skortir ekki hugmyndir

MGMT er eitt af heitustu nöfnunum í tónlistarheiminum á árinu 2008. Þetta er dúó skipað þeim Ben Goldwasser, söngvara og hljómborðsleikara, og gítarleikaranum og söngvaranum Andrew Vanwyngarden. Þeir gera út frá Brooklyn þó að sveitin hafi verið stofnuð í Middletown, Connecticut fyrir sex árum. MGMT sem upphaflega hét The Management hitaði upp fyrir of Montreal á mikilli tónleikaferð í fyrra, en þeir Andrew og Kevin Barnes náðu svo vel saman á túrnum að þeir hafa planað samstarf undir nafninu Blikk Fang. Meðlimir MGMT nefna listamenn á borð við Syd Barrett, Suicide, Spacemen 3 og Flaming Lips sem áhrifavalda.

Oracular Spectacular er fyrsta plata MGMT í fullri lengd. Tónlistin er sambland af sýrukenndu indí-rokki og danstónlist með töluverðum 70's áhrifum. Lagið Weekend Wars minnir t.d. sterklega á David Bowie eins og hann hljómaði í upphafi áttunda áratugarins. Platan er nokkuð fjölbreytt. Lagið Kids er þegar búið að slá í gegn á klúbbunum í Evrópu og Electric Feel er falsettudiskó í ætt við Scissor Sisters. Önnur lög eru rólegri og stemningsfyllri. Platan virkar svolítið stefnulaus, en það er nóg af flottum lögum og góðum hugmyndum á henni til að maður kunni vel við sig í óreiðunni. Það verður gaman að sjá hvaða stefnu MGMT tekur í framtíðinni.

Trausti Júlíusson

TÓNLIST

Oracular Spectacular

MGMT

★★★★

MGMT er eitt af heitustu nöfnunum í tónlistarheiminum í dag. Þó að Oracular Spectacular sé svolítið óreiðukennd þá eru á henni mörg flott lög og góðar hugmyndir.

DANIEL CRAIG Craig endurtekur hlutverk sitt sem James Bond í Quantum Solace.

Slasaðist við tökur á Bond

Áhættuleikari í nýjustu James Bond-myndinni Quantum Solace var fluttur alvarlega slasaður á sjúkrahús eftir að hafa klesst Alfa Romeo-bíl á vegg í norðurhluta Ítalíu.

Annar áhættuleikari hlaut minniháttar meiðsli. Tökum á myndinni hefur verið frestað meðan rannsókn á slysinu stendur yfir. Þetta er annað slysið við tökur myndarinnar á skömmum tíma því nýlega keyrði áhættuleikari Aston Martin-bíl ofan í vatn. Enginn slasaðist í það skiptið.

Hvorki leikstjórinn Marc Forster né aðalleikarinn Daniel Craig voru á svæðinu þegar síðara slysið varð. Quantum Solace er væntanleg í bíó í haust.

NOISE Rokksveitin Noise á lag á safnplötunni Pureawk sem kemur út í sumar.

Lag á breskri safnplötu

Lag rokksveitarinnar Noise, Quiet, af plötunni Wicked hefur verið valið á safnplötuna Purerawk sem kemur út í Bretlandi í sumar. Einnig er verið að undirbúa dreifingu Wicked þar í landi. Platan kom út hérlendis fyrir einu og hálfu ári.

Noise er nýkomin heim úr vel heppnaðri tónleikaferð um Bretland þar sem sveitin spilaði í Manchester, Blackpool og víðar. Móttökurnar voru mjög góðar og er þegar farið að leggja drög að næstu Bretlandsferð. Til marks um vinsældirnar hafa tvær hollenskar stúlkur sem sáu sveitina í Bretlandi opnað aðdáendasíðu tileinkaða Noise. Slóðin á síðuna er www.myspace.com/noisefanpage1.

> Leikur FH og Fram ekki færður

Næstsíðasta umferð N1-deildar kvenna fer fram í dag með fjórum leikjum. Topplið Fram spilar sinn síðasta leik í dag en Framstúlkur sitja hjá í lokaumferðinni eftir viku. Umræða var um hvort færa ætti leik FH og Fram um eina helgi svo spenna væri í fleiri leikjum um næstu helgi. Að sögn Róberts Gíslasonar, mótastjóra HSÍ, var ákveðið að færa ekki leikinn þar sem sú ákvörðun hefði óeðlileg áhrif á leik Stjörnunnar og Vals sem fer fram eftir viku enda eru möguleikar Vals á titlinum úr sögunni vinni Fram lið FH í dag. Leikir dagsins hefjast klukkan 16.

sport
sport@frettabla-

VIGNIR SVAVARSSON HANDBOLTAKAPPI: VALINN BESTUR HJÁ SKJERN OG HELDUR NÚ TIL LEMGO Í ÞÝSKALANDI

Skilst að allir séu í brúnkuklútunum í Lemgo

Línutrölliið Vignir Svavarsson hefur leikið sinn síðasta leik fyrir danska félagið Skjern, en hann hefur verið í herbúðum félagsins síðustu þrjú ár. Vignir hefur bætt sig stöðugt þessi ár í Danmörku og lék einstaklega vel í vetur. Hann var síðan verðlaunaður fyrir frammistöðuna er hann var kosinn besti leikmaður félagsins með miklum yfirburðum.

„Ég er búinn að eiga fínt tímabil en ég átti kannski von á því að einhver af dönsku gulldrengjunum í landsliðinu fengi þessi verðlaun. Það var því verulega ánægjulegt að fá þessa viðurkenningu," sagði Vignir sem kom til Íslands í gær. Hann mun fara í sprautumeðferð hjá Brynjólfi Jónssyni lækni vegna meiðsla næstu daga.

„Ég er búinn að vera slappur í maganum síðan í desember og það hefur aukist með hverri vikunni og leiðir niður í nárann og annað. Ég hef ekki æft eins og maður síðan í febrúar og vonandi verður hægt að hjálpa mér. Ég þarf helst að hitta Ella sjúkraþjálfara líka. Ef hann er að lesa má hann hringja í mig," sagði Vignir.

Eins og áður segir hefur Vignir sífellt verið að bæta sig hjá Skjern og hann telur sig vera að taka næsta skref á réttum tíma.

„Ég er á því að þetta sé rétti tíminn að fara í sterkari deild og fá nýja áskorun. Ég hef bætt mig mikið í Danmörku og vonandi næ ég að bæta mig enn meira í Þýskalandi," sagði Vignir, en kemur hann til með að sakna Skjern? „Ég mun sakna félagsins en ekki bæjarins. Þetta er frábært félag þar sem er gríðarlega vel staðið að öllum hlutum. Það er ekki hægt að kvarta yfir neinu hjá þessu félagi."

Í Lemgo hittir Vignir fyrir félaga sinn í landsliðinu, Loga Geirsson. Vignir hefur mikið gert grín að því að í Skjern sé ekkert annað en sólbaðsstofur, en er Logi búinn að athuga með sólbaðsstofurnar í Skjern?

„Mér skilst að ljósabekkjamenningin sé ekki sterk í Lemgo en ég frétti að það væru allir í brúnkuklútum þar. Klútarnir eru víst það heitasta þarna þessa dagana, segir Logi," sagði Vignir léttur, en ætlar hann að prófa klútana? „Hver veit nema maður hendi í sig strípum og prófi síðan. Er samt ekki viss um að klútar dugi fyrir mig. Ég þarf frekar handklæði."

SIGURLAUNIN Hrefna Jóhannesdóttir lyftir Lengjubikarnum hátt á loft fyrir KR í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úrslitaleikur Lengjub. kvenna:

KR sigraði Val

FÓTBOLTI KR vann Val í úrslitaleik Lengjubikars kvenna í gærkvöld.

Hólmfríður Magnúsdóttir kom KR yfir eftir hálftíma leik og staðan var 1-0 í hálfleik.

Um miðjan seinni hálfleik var Vanja Stefanovich leikmaður Vals rekin af leikvelli. Edda Garðarsdóttir tók aukaspyrnuna og hitti beint á kollinn á Katrínu Ómarsdóttir sem skallaði og kom KR í 2-0. KR bætti við tveimur mörkum áður en yfir lauk. Fyrst skoraði Hólmfríður með skoti úr teignum og loks skoraði Katrín eftir sendingu frá Hrefnu Jóhannesdóttur og lokatölur 4-0.

Helena Ólafsdóttir þjálfari KR var ánægð í leikslok. „Mér fannst sigurinn sanngjarn," sagði Helena sem kvað markmiðin fyrir tímabilið klár. „Markmiðið hjá KR er alltaf að vinna bikara og ég tel okkur vera með nógu gott lið til að landa bikar í sumar," sagði Helena að lokum. - sjj

BARÁTTA Það var hraustlega tekist á í Víkinni í gærkvöld enda mikið í húfi fyrir bæði lið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1. deildin í handbolta karla:

Víkingar upp í úrvalsdeild

HANDBOLTI Víkingur sigraði ÍR 35-30 í toppbaráttuslag 1. deildar karla í Víkinni í gærkvöld og tryggði sér sæti í efstu deild.

Leikurinn einkenndist af mikilli baráttu og lítilli markvörslu. Í fyrri hálfleik skoruðu liðin nánast mark í hverri einustu sókn og staðan í hálfleik 18-17.

Heimamenn komu gríðarlega öflugir til seinni hálfleiks og skoruðu fjögur fyrstu mörk hans þar og lögðu með því grunninn að sannfærandi sigri sínum og lokatölur urðu 35-30. Víkingur er því kominn aftur upp í úrvaldsdeild á hundrað ára afmælisári félagsins, glæsilegur árangur.

„Árangurinn vill ég þakka mikilli samheldni í hópnum. Við erum komnir með góðan grunn til að byggja á og nú hefst vinnan fyrir næsta vetur," sagði Reynir Víkings þjálfari í leikslok. -rv

Átti að vera lokatímabilið

Gunnar Einarsson varð Íslandsmeistari í sjötta sinn með Keflavík í fyrrakvöld og hefur nú unnið jafnmarga titla sem leikmaður og Guðjón Skúlason.

KÖRFUBOLTI Gunnar Einarsson vann sinn sjötta Íslandsmeistaratitil sem leikmaður með Keflavík og jafnaði þar með félagsmet Guðjóns Skúlasonar. Gunnar var sinn fyrsta titil 1997 en var einnig Íslandsmeistari 1999, 2003, 2004, 2005 og svo á fimmtudagskvöldið.

„Ég veit ekki hvort sá sjöundi kemur, hvort sem það verður sem leikmaður, þjálfari, vatnsberi eða eitthvað. Það verða engar yfirlýsingar í kvöld. Maður er í sigurvímu og þú gætir fengið mig til þess að skrifa undir hvað sem er," sagði Gunnar þegar titilinn var í höfn.

Gunnar var frábær í úrslitakeppninni með Keflavík og átti stóran hlut í krafti og grimmd liðsins á lokasprettinum. Hann var frábær varnarlega en þess að auki átti hann hvern stórleikinn á fætur öðrum í sókninni og skoraði sem dæmi 13,8 stig á 23,8 mínútum í sex síðustu leikjum Keflavíkur í úrslitakeppninni, en þeir unnust allir.

Gunnar segir sjálfur lykilinn að velgengni liðsins vera fórnfýsi og samheldni leikmanna. „Það eru leikmenn í okkar liði sem eru á bekknum en gætu byrjað inn á hjá hvaða liði sem er og verið þar aðaldriffjaðrirnar. Þeir fá það mikið út úr því að vera í þessu Keflavíkurliði. Það er gífurleg samkeppni innan liðsins, bæði að komast í byrjunarliðið og að fá einhvern spilatíma," segir Gunnar, sem sjálfur var í byrjunarliðinu í fyrsta sinn í vetur í leik þrjú á móti ÍR, en byrjaði síðan síðustu sex leikina.

FLESTIR ÍSLANDSMEISTARATITLAR MEÐ KEFLAVÍK

Guðjón Skúlason	6
Gunnar Einarsson	6
Jón Norðdal Hafsteinsson	5
Albert Óskarsson	4
Falur Harðarson	4
Hjörtur Harðarson	4
Magnús Þór Gunnarsson	4
Arnar Freyr Jónsson	4

GUNNI ER MAÐURINN Gunnar Einarsson fagnar sjötta Íslandsmeistaratitli sínum á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það dylst engum að lykillinn að sigri Keflavíkur á ÍR var hvernig Gunnar tók Hreggvið Magnússon út úr sínum leik og drap um leið niður allt sjálfstraust í ÍR-liðinu. „Frá fyrstu vörn sem við spiluðum í þriðja leiknum á móti ÍR settum við tóninn. Ég byrjaði á því að setja hann," sagði Gunnar Einarsson um þennan þriðja leik, sem var upphafið að einum flottasta endaspretti í sögu úrslitakeppninnar.

„Það var ætlun mín fyrir þetta tímabil að klára þetta með stæl," sagði Gunnar sem æfði mikið aukalega á þessu tímabili, og naut þar dyggrar aðstoðar eiginkonu sinnar Ásdísar Þorgilsdóttur sem er íþróttakennari. Gunnar ætlaði að klára frábæran feril með glæsibrag en miðað við frammistöðu hans nú gæti orðið afar erfitt fyrir hann að hætta.

Magnús Þór Gunnarsson tók við fyrirliðabandinu af Gunnari fyrir tveimur tímabilum síðan, en hann er ánægður með elsta manninn í liðinu sem er þó ekki nema 31 árs.

„Gamli karlinn er geggjaður. Hann er í þvílíku formi og sýndi að það á ekki að vanmeta Gunnar því hann er maðurinn. Hann er maðurinn í bæði vörn og sókn," sagði Magnús eftir að Íslandsmeistaratitillinn var í höfn.

ooj@frettabladid.is

MEISTARATITLARNIR SEX

1997	3 leikir (3 sigrar)
Stig/Framlag í leik	5,0/9,0
1999	5 leikir (3 sigrar)
Stig/Framlag í leik	10,6/9,2
2003	3 leikir (3 sigrar)
Stig/Framlag í leik	10,7/11,0
2004	4 leikir (3 sigrar)
Stig/Framlag í leik	10,8/12,0
2005	4 leikir (3 sigrar)
Stig/Framlag í leik	5,5/5,0
2008	3 leikir (3 sigrar)
Stig/Framlag í leik	15,0/15,0

ÚRSLIT

Lengjubikar kvenna í fótb.

KR-Valur 4-0
1-0 Hólmfríður Magnúsdóttir, 2-0 Katrín Ómarsdóttir, 3-0 Hólmfríður Magnúsdóttir, 4-0 Katrín Ómarsdóttir. Rautt spjald: Vanja Stefanovich(Val).

1. deild karla í handbolta

Víkingur-ÍR 35-30
Markahæstir hjá Víkingi: Ásbjörn Stefánsson 8, Hreiðar Haraldsson 7, Sverrir Hermannsson 6.
Markahæstir hjá ÍR: Brynjar Valgeir Steinsson 6, Kristinn Björgúlfsson 6, Davið Georgsson 5.

Sænska úrvalsdeildin í fótb.

Ljungskile-Gautaborg 2-1
Hjálmar Jónsson og Ragnar Sigurðsson léku allan leikinn í vörn Gautaborgar.

MEIDDUR Baldur missir af fyrstu leikjum Vals í Landsbankadeildinni vegna meiðsla í hné. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Baldur Ingimar Aðalsteinsson:

Missir af fyrstu leikjum Vals

FÓTBOLTI Baldur Ingimar Aðalsteinsson, miðvallarleikmaður Vals, missir af fyrstu leikjum liðs síns í Landsbankadeildinni eftir að í ljós kom að hann er með rifinn liðþófa í hægra hné.

„Þetta gerðist ekkert skyndilega heldur var ég búinn að vera frekar slæmur í hægra hnénu í nokkurn tíma og eftir skoðun kom svo í ljós að liðþófinn var rifinn," sagði Baldur, sem fer í aðgerð á þriðjudag og mun í kjölfarið missa af nokkrum leikjum.

„Það er auðvitað alltaf leiðinlegt að vera frá vegna meiðsla en ég ætti að vera klár í slaginn á ný eftir rúman mánuð," sagði Baldur, sem er lykilmaður í Íslandsmeistaraliði Vals; lék sautján leiki með liðinu síðasta sumar og skoraði í þeim fjögur mörk. - óþ

Chelsea og Manchester United mætast í toppslag deildarinnar á Stamford Bridge leikvanginum rosalega:

Taplaust í deildarleik á Brúnni í fjögur ár

FÓTBOLTI Chelsea og Manchester United mætast í toppslag ensku úrvalsdeildarinnar á Brúnni kl. 11.45 í dag.

United hefur sem stendur þriggja stiga forskot á Chelsea þegar þrjár umferðir eru eftir af deildinni og Englandsmeistararnir hafa jafnframt átján mörkum hagstæðari markatölu þannig að Chelsea þarf nauðsynlega á sigri að halda í leiknum til þess að eiga raunhæfa möguleika á titlinum.

ALLT UNDIR Chelsea verður að vinna til þess að eiga raunhæfa möguleika á titilinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Chelsea verður án Frank Lampard, sem syrgir móður sína sem lést nýlega eftir erfið veikindi, og ekki er vitað hvenær hann snýr aftur í lið Chelsea. Michael Essien verður aftur á móti með að nýju eftir að hafa tekið út leikbann í Meistaradeildarleiknum gegn Liverpool á þriðjudag. Chelsea hefur verið á miklu skriði í deildinni og er þar enn taplaust á nýju ári eftir átján leiki þar sem liðið hefur unnið þrettán og gert fimm jafntefli. Chelsea hefur jafnframt ekki tapað í áttatíu leikjum í röð á heimavelli sínum í deildinni, eða rúm fjögur ár, sem er vitanlega met á Englandi.

United vonast til þess að endurheimta Nemanja Vidic sem gat ekki leikið í Meistaradeildarleiknum gegn Barcelona á miðvikudag vegna magaverkja en Wes Brown leysti reyndar hlutverk miðvarðar óaðfinnanlega af hendi í hans fjarveru. United hefur ekki tapað á útivelli í deildinni á þessu ári en leitar að fyrsta marki sínu í fimm deildarleikjum á Brúnni og fyrsta sigri sínum þar í sex tilraunum. - óþ

LOKASPRETTURINN Rio Ferdinand og félagar í United eru komnir með aðra höndina á titilinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Nintendo® Wii™

FYRSTA ÍSLANDSMEISTARAMÓT í **Wii**-KEILU *2008*

Keilufélagið Keila - KFK í samstarfi við ORMSSON og Keiluhöllina halda fyrsta **Íslandsmeistaramótið í Wii-keilu í dag**, 26. apríl, í Keiluhöllinni, Öskjuhlíð.

Nintendo Wii er án efa ein allra vinsælasta leikjatölva heims í dag. Keiluleikurinn í henni er sá raunverulegasti sem völ er á.

Leikurinn fer þannig fram að leikmaður stendur með fjarstýringu í hönd fyrir framan sjónvarpsskjá og notar sömu hreyfingar og í venjulegri keilu til að kasta kúlunni. Þetta er nokkuð sem allir geta auðveldlega gert og aldur skiptir ekki máli í þessum leik.

Mótið er haldið í Keiluhöllinni, Öskjuhlíð, í dag frá kl. 10:00–15:00. Allir eru velkomnir. Hægt er að koma og spila hvenær sem er á þessum tíma. Þátttakendur skrá sig til keppni og er leyfilegt að spila eins oft og menn vilja en hver leikur kostar kr. 300,-

Þeir átta efstu komast í úrslitin sem hefjast kl. 15 og er þar leikið með útsláttarfyrirkomulagi þar til aðeins einn er eftir og hlýtur sá titilinn Íslandsmeistari í Wii keilu.

GLÆSILEG VERÐLAUN Í BOÐI:

1. VERÐLAUN:

Nintendo Wii tölvan frá ORMSSON og Íslandsmeistarabikarinn

2. VERÐLAUN:

NIKON S200 stafræn myndavél frá ORMSSON

3. VERÐLAUN:

SAMSUNG YPK3 MP3-spilari frá ORMSSON

*Við hvetjum allt keiluáhugafólk til að mæta og taka þátt í þeim fjölbreyttu atburðum sem eru í Keiluhöllinni **í dag** – nóg er að gera fyrir alla, unga sem aldna.*

ORMSSON

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

KFK
KEILUFÉLAGIÐ KEILA

dagskrá

> Ashley Judd

Judd hefur lengi þótt með kynþokkafyllstu konum heimsins. Hún hefur verið kennd við ekki ómerkari menn en Michael Bolton, Robert DeNiro og Matthew McConaughey. Judd er hins vegar mikill femínisti og hefur beitt sér hart í jafnfréttisbaráttunni. Judd leikur í myndinni Divine Secrets of the Ya-Ya Sisterhood sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ: KAREN D. KJARTANSDÓTTIR FYLGIST MEÐ SKINHELGU FÓLKI

Þeir vammlausu og Lára

„Þú veist ekki hvað mér þykir erfitt að verja þennan mann, hann er algjört ógeð í allri viðkynningu." Þessa setningu sagði góður en ónefndur lögfræðingur eitt sinn við mig um skjólstæðing sinn. Lögfræðingurinn varði þó réttindi hans af stakri fagmennsku rétt eins og fagmanni sæmir.

Setningin þótti mér fyndin en vitanlega virti ég skilning minn á því sem heitir tveggja manna tal og hafði allt önnur og fágaðri ummæli sem hann lét síðan falla eftir honum í blaðinu.

Reyndar er það alltaf svo að fólk er að segja eitthvað gráglettnislegt sem á ekki erindi við stærri hóp. Þannig var samtl Láru Ómarsdóttur, fréttakonu Stöðvar 2, við kollega sinn líka. Setningin var látin falla í miklum látum þar sem hrifnæmir unglingar og tilfinningalega áttavilltir karlmenn, sem virðast hafa ratað í vitsmunalegan botnlanga á Litlu Kaffistofunni, reittu löggur til reiði með eggjakasti og enskuskotnum formælingum.

Þótt krúttlegt sé að sjá lítilmagna öðlast sjálfsálit með egg í hendi fannst mér fólkið afar ósanngjarnt í garð lögreglumanna sem virtust búa yfir töluverðu langlundargeði. Hefði ég verið á leið í beina útsendingu hefði ég talið eggjakastinu lýsa fávitaskapnum vel og því gjarnan vilja ná því á mynd almenningi við skjáinn til upplýsingar. Sé ég ekki að það skipti miklu máli hvort fólk sem ætlaði sér að kasta eggi gerði það einni eða tveimur mínútum fyrr eða síðar eftir því hvort það kysi að henda því í beinni útsendingu eða ekki.

Einnig má benda á fjölmiðlafólk sýnir því yfirleitt skilning að óvönduð orð séu höfð í tveggja manna tali í hálfkæringi eða kaldhæðni en önnur og betur ígrunduð séu sett fram þegar talað er opinberlega. Hefði mér þótt eðlilegt að fólk hefði getað sýnt Láru svipaðan skilning og fjölmiðlafólk sýnir venjulega í starfi sínu. Þeir allra skynhelgustu mættu líka spara samsæriskenningarnar um tilbúning og ófyrirgefanleg mistök Láru. Reyndar langar mig að segja því að halda kjafti og ýmislegt þaðan af verra en við skulum nú bara hafa það okkar á milli.

EKKI MISSA AF

▶ **13.45 Birmingham-Liverpool** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **19.10 Jumanji** STÖÐ 2

▶ **20.10 Devine Secrets of the Ya-Ya Sisterhood** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.00 Boston Legal (e)** SKJÁREINN

▶ **22.00 Kiss Kiss Bang Bang** STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn og Leyniþátturinn.
10.00 Einu sinni var... - Maðurinn
10.30 Kastljós
11.00 Kiljan
11.45 Olíukreppan
13.10 Óskabörn
14.40 Gáshaukur
15.00 Ofvitinn (20:23)
15.45 Íslandsmótið í handbolta Bein útsending frá leik í næstsíðustu umferð Íslandsmóts kvenna.
17.40 Táknmálsfréttir
17.50 Útsvar
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.45 Spaugstofan
▶**20.10 Leyndarmál systrafélagsins** (Divine Secrets of the Ya-Ya Sisterhood) Bandarísk bíómynd frá 2002. Leikskáldið Siddalee Walker í New York segir frá vansæld sinni í æsku í tímaritsviðtali og mamma hennar verður æf. Vinkonur mömmu hennar ræna henni og fara með hana heim til Louisiana til að útskýra fyrir henni hvað mömmu hennar gekk til.
22.05 Geðveikrahælið (Madhouse) Bandarísk hryllingsmynd frá 2004.
23.35 Star Trek - Óvinurinn Bandarísk bíómynd frá 2002.
01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Fíaskó
08.00 Friday Night Lights
10.00 Big Momma´s House 2
12.00 Ella Enchanted
14.00 Fíaskó
16.00 Friday Night Lights
18.00 Big Momma´s House 2
20.00 Ella Enchanted
▶**22.00 Kiss Kiss Bang Bang** Drepfyndin spennumynd í orðsins fyllstu merkingu, með Robert Downey Jr. og Val Kilmer.
00.00 Something the Lord Made
02.00 The Badge
04.00 Kiss Kiss Bang Bang

STÖÐ 2

07.00 Krakkarnir í næsta húsi
07.25 Ofurhundurinn Krypto
07.50 Gordon Garðálfur
08.05 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar um könnuðinn Dóru, Gordon garðálf, Refinn Pablo, Fífí, Louie og Tomma og Jenna
10.35 Clifford´s Really Big Movie
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.10 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.50 American Idol (31:42)
14.35 American Idol (32:42)
15.25 Friends (6:24) (Vinir)
15.50 Friends (7:24) (Vinir)
16.15 The New Adventures of Old Christine (4:22)
16.35 Tim Gunn´s Guide to Style (3:8)
17.25 Sjáðu
17.55 Sjálfstætt fólk (Bragi Ásgeirsson)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
▶**19.10 Fjölskyldubíó. Jumanji** Bráðskemmtileg ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna með Robin Williams. Hér segir af Alan Parris sem hefur verið lokaður inni í veröld Jumanji-spilsins í rúm 25 ár. Loks kemur að því að hann er frelsaður af tveimur börnum sem spila spilið en heill hópur óargadýra losnar þá líka úr læðingi.
20.55 The Ringer (Svindlarinn)
22.30 Exorcist. The Beginning Langþráð og margumtöluð mynd þar sem loksins er ljóstrað upp forsögu einnar bestu hrollvekju sögunnar The Exorcist. Í myndinni, sem gerð var af Renny Harlin (Die Hard 2) segir frá prestinum og særingamanninum föður Lancaster Merrin og glímu hans við óvætti mörgum árum áður en hann bjargaði sálu hinnar ungu Regan MacNeil frá glötun. Aðalhlutverk. Izabella Scorupco, Stellan Skarsgård, James D´Arcy, Remy Sweeney. Leikstjóri. Renny Harlin. 2004. Stranglega bönnuð börnum.
00.20 American Cousins
01.50 Napoleon Dynamite
03.15 Elektra
04.50 The New Adventures of Old Christine (4:22)
05.15 Friends (6:24) (Vinir)
05.35 Fréttir
06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

08.05 PGA Tour 2008 - Hápunktar
09.00 Formúla 1 - Barcelona Bein útsending frá æfingum.
10.00 Meistaradeildin (Meistaramörk)
10.25 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu
11.00 F1. Við rásmarkið
11.45 Formúla 1 - Barcelona Bein útsending frá tímatökunni í Formúla 1 kappakstrinum í Barcelona.
13.20 Utan vallar Brot af því besta úr þáttum vetrarins. Skoðuð verða eftirminnileg atvik sem enginn verður svikinn af.
14.15 World Supercross GP
15.15 Spænski boltinn - Upphitun
15.50 Iceland Expressdeildin 2008 Endursýning frá þriðja Keflavíkur og Snæfells í úrslitum Iceland Express deildarinnar.
17.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Deportivo og Barcelona í spænska boltanum.
19.50 Formúla 1 - Barcelona Útsending frá tímatökunni í Formúla 1 kappakstrinum í Barcelona.
21.25 NBA-körfuboltinn Bein útsending frá leik Denver og LA Lakers.
00.25 Bernard Hopkins - Joe Calzaghe

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

08.30 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar)
09.00 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar)
09.30 PL Classic Matches
10.00 Goals of the season
10.55 Enska úrvalsdeildin - Upphitun
11.25 Chelsea - Man. Utd. (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Chelsea og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
▶**13.45 Birmingham - Liverpool** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Birmingham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Tottenham - Bolton Sport 4. West Ham - Newcastle Sport 5. Wigan - Reading Sport 6. Man. City - Fulham
15.55 PL Classic Matches
16.25 Tottenham - Bolton
18.10 4 4 2
19.30 4 4 2
20.50 4 4 2
22.10 4 4 2
23.30 4 4 2

SKJÁREINN

10.15 Vörutorg
11.15 World Cup of Pool 2007 (25:31) Heimsbikarkeppnin í pool fór fram Rotterdam í Hollandi fyrir skömmu en þar mætti 31 þjóð til leiks með tveggja manna lið. Þetta er í annað sinn sem þessi keppni er haldin og sigurvegarnir frá því 2006, þeir Efren Reyes og Francisco Bustamante frá Filipseyjum freista þess að verja titilinn.
12.05 Rachael Ray (e)
14.20 Ungfrú Reykjavík (e)
15.50 Kid Nation (e)
16.40 Top Gear (e)
17.30 Psych (e)
18.20 Survivor. Micronesia (e)
19.10 Game tíví (e)
19.40 Everybody Hates Chris (e)
20.10 Jericho (e) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem einangraðist frá umheiminum eftir kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.
▶**21.00 Boston Legal** (e) Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. Shirley Schmidt tekur upp varnir fyrir konu sem stal sæði og barnaði sig en Alan Shore er lögfræðingur fórnarlambsins. Jerry Espenson berst fyrir réttlæti fyrir fyrrum kærustu sína sem einnig er með Asperger-heilkenni eftir að hún var rekin úr kennarastöðu fyrir að faðma nemanda.
22.00 Life (e) Crews og Reese rannsaka morð á andlegum trúarleiðtoga sem var grafinn lifandi fyrir tíu árum. Eftir að hafa rætt við fyrrum lærisveina hans komast þau að því að líf hans var alls ekki friðsælt. Crews telur að Jack Reese tengist morðinu sem hann var dæmdur fyrir 12 árum áður.
22.50 Minding the Store (2:15)
23.15 Svalbarði (e)
00.05 C.S.I. (e)
00.55 Ungfrú Reykjavík (e)
02.25 Professional Poker Tour (e)
03.50 C.S.I. (e)
04.40 C.S.I. (e)
05.30 Vörutorg
06.30 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Sumarstemning í Vatnsmýrinni

Tranströmer, Liszt og Evrópusaxófónn í Norræna húsinu

Lau. 26. apríl kl. 16:00
TRANSTRÖMER OG LISZT
Ljóðadagskrá um **Thomas Tranströmer**, eitt þekktasta núlifandi ljóðskáld Svía. **Leif Olsson** kynnir og flytur við tónlist eftir **Franz Liszt**, við undirleik **Lars Hägglund og Björn J:son Lindh**.
Aðgangseyrir 1500 / 750

Sun. 27. apríl kl. 15:15
15:15 TÓNLEIKAR
Mið-evrópsk saxófóntónlist. **Guido Bäumer** saxófónn og **Aldadár Rácz** píanó. Á efnisskránni eru verk eftir **Hans Gal, Erwin Schulhoff, Paul Hindemith og Werner Heider.**
Aðgangseyrir 1500 / 750

Bókasafnið er opið alla daga vikunnar 12-17.
Bistro Alvar A er opið virka daga 10-17, helgar 12-17 og þegar viðburðir eru í húsinu.

NORRÆNA HÚSIÐ - NORDENS HUS - POHJOLAN TALO - NORDIC HOUSE www.nordice.is sími: 551 7030

NORRÆNA HÚSIÐ

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55
The Ringer

Dásamlega léttgeggjuð grínmynd með Johnny Knoxville úr Jackass og Katherine Heigl úr Grey's Anatomy. Í myndinni, sem svipar mjög til mynda Farrelly-bræðra (Dumb and Dumber, There's Something About Mary) leikur Knoxville óforskammaðan ónytjung sem ákveður að þykjast vera þroskaheftur og fara á Ólympíuleika fatlaðra til þess að losna undan skuldum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Chelsea - Man. Utd
Stöð 2 Sport 2 kl. 11.25

Úrslitaleikur ensku Úrvalsdeildarinnar. Ef Chelsea nær ekki að innbyrða sigur í dag eru United-menn svo gott sem búnir að tryggja veru bikarsins á Old Trafford. Það er að duga eða drepast fyrir Chelsea, sem hefur reyndar ekki tapað leik á sínum heimavelli í mjög langan tíma. Hér ræðst heilt tímabil í enska boltanum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Óskastundin
08.00 Morgunfréttir
08.05 Útúr nóttinni... og inní daginn
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Þjóðbrók
15.20 Vorhret í sólskinskistunni
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.00 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Hundur í útvarpssal
19.00 Heimur óperunnar
20.00 Sagnaslóð
20.40 Hvað er að heyra?
21.30 Úr gullkistunni
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Á hljóðbergi: Den sjungande revisorn / Syngjandi endurskoðandinn
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

15.00 Hollyoaks Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
15.25 Hollyoaks
15.50 Hollyoaks
16.15 Hollyoaks
16.40 Hollyoaks
18.00 Skífulistinn
19.00 Talk Show with Spike Feresten
19.30 Comedy Inc. (12:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur.
20.00 Hæðin (6:9)
20.45 Entourage (3.20) Mannskapurinn veit ekki hvaðan á hann stendur veðrið þegar Vince ákveður að hanga með gömlum félaga sem reynist vera gamall svikahrappur og vill að þau verði öll vinir.
21.15 Chappelle´s Show Dave Chappelle er einn allra vinsælasti OG umdeildasti grínistinn í Bandaríkjunum í dag. Hér er hann mættur í þriðju þáttaröðinni og hefur aldrei verið meira krassandi.
21.45 The Class (3:19)
22.15 Talk Show with Spike Feresten
22.40 Comedy Inc. (12:22)
23.05 Hæðin (6:9)
23.55 Entourage (3:20)
00.25 Chappelle´s Show
00.55 The Class (3:19)
01.25 Skífulistinn
02.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

9.30 EastEnders **10.00** The Weakest Link **11.00** Big Cat Diary **11.30** Big Cat Diary **12.00** Big Cat Diary **12.30** Big Cat Diary **13.00** Search for Tigers **13.30** Search for Polar Bears **14.00** Wild New World **15.00** Animal Park: Wild in Africa **15.30** Animal Park: Wild in Africa **16.00** Ray Mears' Extreme Survival **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** The Weakest Link **19.00** Low Winter Sun **20.30** Next of Kin **21.00** Only Fools and Horses **21.30** Coupling **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** Low Winter Sun **0.30** Next of Kin **1.00** Only Fools and Horses **1.30** Coupling **2.00** Low Winter Sun

DR 1

9.15 Tidens tegn **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Pigerne mod drengene **11.35** Family Guy **11.55** Her kommer eliten **12.25** Venner på eventyr **12.55** Truslen fra dybet **13.35** Miss Marple: Invitation til mord **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Hvaffor en hånd med Casper Christensen **16.00** Løgnhalsen som nyhedsoplæser **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Affæren i Mølleby **19.30** Kriminalkommissær Barnaby **21.05** Conviction **21.45** Speedway: Grand Prix, Krsko

NRK 1

8.00 Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Den deprimerte reporteren **9.15** Gjensynet **10.15** Bare et liv - historien om Fridtjof Nansen **11.40** Kunnskapskanalen 2008: Hannah Arendt: Fornuft og dømmekraft **12.15** Maze kommer tilbake **13.15** Ballen i øyet **14.35** Drømmerollen **15.35** Perspektiv: Og nå: Reklame! **16.00** Barnas supershow **16.30** Malena **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Hvilket liv! **18.25** Edel vare: Uten mat og drikke **19.25** Med hjertet på rette staden **20.10** Thor Heyerdahl - På jakt etter paradiset **21.00** Kveldsnytt **21.15** Änglagård - sommaren etter **23.30** Dansefot jukeboks med chat

SVT 1

9.45 Naturnollorna **10.15** Barnmorskorna **10.45** Morgonsoffan **11.15** Kobra **11.45** Andra Avenyn **12.15** Andra Avenyn **12.45** Andra Avenyn **13.15** Uppdrag Granskning **14.15** Häxdansen **15.00** Så ska det låta **16.00** Bolibompa **16.05** Disneydags **17.00** Eva och Adam **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Glasklart **19.00** Sixties **19.30** Svindlarna **20.25** Lost in Translation **22.05** Rapport **22.10** Karl för sin kilt

Í DAG

KL. 13:45	Birmingham – Liverpool	SPORT 2
KL. 13:55	Tottenham – Bolton	SPORT 3
KL. 13:55	West Ham – Newcastle	SPORT 4
KL. 13:55	Wigan – Reading	SPORT 5
KL. 13:55	Man. City – Fulham	SPORT 6
KL. 18:10	4 4 2 með Guðna Bergs	SPORT 2

Á MORGUN

KL. 12:20	Portsmouth – Blackburn	SPORT 2
KL. 14:50	Everton – Aston Villa	SPORT 2

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

PERSÓNAN

Gunnar Einarsson

Aldur: 31 árs.
Starf: Auglýsingastjóri hjá Víkurfréttum.
Fjölskylda: Giftur Ásdísi Þorgilsdóttur, einkaþjálfara. Á soninn Einar Gunnarsson og stjúpdótturina Indíönu Dís Ástþórsdóttur.
Foreldrar: Einar Gunnarsson, starfar í fríhöfninni í Leifsstöð, og Þorbjörg Ráðhildur Óskarsdóttir, ritari.
Búseta: Heiðarbraut í Reykjanesbæ.
Stjörnumerki: Hrútur.

Gunnar Einarsson varð Íslandsmeistari í körfubolta með Keflavík í vikunni, og var valinn leikmaður úrslitanna.

Veiðimenn átu úr lófa Guðna

„Þetta var stórkostleg árshátíð og mikill gleðifundur. Allir voru góðir við mig og Margréti og við vorum umvafin góðu fólki. Ég fann engan óvin í húsinu," segir Guðni Ágústsson formaður Framsóknarflokksins.

Fréttablaðið greindi frá því nýverið að mikill urgur hafi verið meðal stangveiðimanna vegna þess að sérlegur heiðursgestur á árshátíð Stangaveiðifélags Reykjavíkur var Guðni Ágústsson. Fóru menn mikinn á spjallsvæði félagsins og fundu margir Guðna allt til foráttu og töldu hann hafa verið hinn versta mann í landbúnaðarráðuneytinu. Voru jafnvel uppi áform um að rísa á fætur og ganga úr salnum þegar Guðni hæfi ræðu sína. Fremstur í flokki gagnrýnenda var Jón Þór Júlíusson, einhver umfangsmesti leigutaki landsins, og bjuggust menn frekar en ekki við því að slægi jafnvel í brýnu milli þeirra Guðna.

Troðfullur salur var á árshátíðinni sem haldin var í vikunni. Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður fór á kostum sem veislustjóri. Var spenna í lofti þegar heiðursgesturinn flutti sína ræðu en Guðni var fljótur að sýna hversu góður ræðumaður hann er. Hann hóf mál sitt á að segja að aldrei hafi heiðursgestur mátt búa við aðrar eins svívirðingar. Og hér gæti dregið til tíðinda, jafnvel átaka en Guðni beið líkt og veiðimaður við vatn, hugrór og stilltur, spenntur að sjá þann stóra. Guðni sagði svo frá að hann hefði hitt Jón Þór sem hafi heilsað. Ungur, glæsilegur maður vel klæddur líkt og hann væri nýfermdur. Þegar hann heilsaði horfði Guðni í augu hans kalt og rólega og sagði: Þú ætlaðir að drepa mig. Nei, svaraði Jón Þór. Við erum vanir því veiðimenn að koma flugu í kjaft þess stóra, þreyta hann og sleppa síðan. Guðni horfði þá á Jón og sagði: Syndir þínar eru fyrirgefnar barnið mitt. Risu menn við svo búið á fætur og klöppuðu. Óhætt er að segja að ræðan hafi frá þeim punkti verið ein sigurganga. Og seinna um kvöldið kvaddi Jón Þór sér hljóðs, talaði til Guðna af nokkurri hlýju og færði honum þá flugu sem hann hafði hnýtt sjálfur, flugu með framsóknarívafi, græna, og kallaði Guðna sterka.

- jbg

GUÐNI ÁGÚSTSSON Vann hug og hjörtu veiðimanna með snjallri ræðu.



LÁRÉTT
2. himinn **6.** pfn. **8.** blása **9.** gogg **11.** tónlistarmaður **12.** sljóvga **14.** einkennis **16.** ólæti **17.** kusk **18.** ágæt **20.** frú **21.** framkvæma.

LÓÐRÉTT
1. umdæmis **3.** hola **4.** flokkur sýklalyfja **5.** verkur **7.** matarlím **10.** óvild **13.** skjól **15.** listi **16.** ái **19.** ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** loft, **6.** ég, **8.** þua, **9.** nef, **11.** kk, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** at, **17.** ryk, **18.** fin, **20.** fr, **21.** inna.

LÓÐRÉTT: **1.** iens, **3.** op, **4.** fúkalyf, **5.** tak, **7.** gelatín, **10.** fæð, **13.** var, **15.** skrá, **16.** afi, **19.** nn.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ágúst Fylkisson.
2. Garðar Thór Cortes.
3. Færri.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

STURLA JÓNSSON: LÉK Í AUGLÝSINGU FYRIR N1

Byltingartrukkur Sturlu í auglýsingu olíufélags

„Júju, þetta er náttúrulega sérkennilegt í ljósi þess sem síðar varð. En það var bara hringt niður á Þrótt og beðið um einhvern flottan bíl," segir Sturla Jónsson vörubílstjóri og byltingarforingi.

Sturla og frægur Volvo VN 670 byltingartrukkur hans voru í lykilhlutverki þegar Fíton í samvinnu við Saga Film gerðu mikla og flotta auglýsingu fyrir olíufyrirtækið N1. Það skýtur skökku við í ljósi þeirra atburða sem síðar urðu – þar sem Sturla leiðir vörubílstjóra í baráttu fyrir lækkun olíuverðs. „Ég er náttúrulega ekkert í stríði við olíufurstana. Ég er í stríði við ríkisstjórnina. Baráttan beinist eingöngu gegn þeim. Þetta snýst um að lækka gjald á olíu og kílómetragjald. Þeir lofuðu á sínum tíma að díselolían yrði 10 krónum ódýrari en bensínið en það er vel öfugt," segir Sturla.

Auglýsingin var gerð síðasta sumar. Hún byrjar þannig að Sturla gengur að trukki sínum í dagrenningu, ræsir vélarnar, kveikir ljósin og allt hefst. Og undir dúndra tónar frá hljómsveitinni Queen: Don't Stop Me Now. Leikstjórar eru þeir Sammi og Gunni. Sturla er ánægður með auglýsinguna sem slíka þó verðið á olíu sé honum ekki að skapi.

„Við vorum einhverja tvo klukkutíma að taka upp þetta atriði sem varir svo í örfáar sekúndur. Þeim datt í hug að fá bílinn minn því hann er um það bil sá eini sinnar tegundar á landinu. Það er einn gamall til líka en ekki eins flottur og þessi," segir Sturla. Hann var reyndar, þegar Fréttablaðið náði tali af honum, á leið með trukkinn á Vöku. Hann er stórtjónaður eftir að hafa lent í miðju átakanna. Sturla segir lögreglu ætlast til að hann greiði viðgerðina, sem sé galið – þegar bíllinn var skemmdur var honum löglega lagt.

„Ég held að menn ætli að halda áfram," segir Sturla aðspurður hvað sé næst á döfinni hjá vörubílstjórum. Hann lýsir yfir sárum vonbrigðum með aðgerðir lögreglu þegar allt fór í loft upp á miðvikudag. „Lögreglan fékk náttúrulega bara skipun frá Birni Bjarnasyni. Hann á náttúrulega að segja af sér. Forkastanleg vinnubrögð dómsmálaráðherra."

jakob@frettabladid.is

ÚR AUGLÝSINGUNNI Trukkurinn og Sturla leika lykilhlutverk í auglýsingu sem gerð var fyrir olíufélagið N1.

STURLA JÓNSSON Skoðar skemmdir sem urðu á bíl sínum í átökunum en lögregla vill að hann greiði sjálfur viðgerðina.

FRÆGUR TRUKKUR Ekki aðeins sem helsti byltingartrukkur landsins heldur frægur úr auglýsingum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri Kópavogs er nú staddur úti í Kína. Hann lætur ekki slá sig út af laginu fremur en flokkssystir hans **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** og telur ekki að hann sé að styðja stjórnvöld þar þó hann sæki landið heim. Ekki eru það erindi í tengslum við Ólympíuleikana heldur mun Gunnar vera að ganga frá því að Kópavogur eignist kínverskan vinabæ.

Búið er að ganga frá samningi við **Þorstein J. Vilhjálmsson** á RÚV um að hann verði með sérstaka spjallþætti í tengslum við EM sem verður haldið í sumar. Þátturinn verður með mannlegum vinkli eins og Þorsteini er lagið að kalla til fólk sem fáum hafði fyrirfram dottið í hug að tengdust fótbolta á nokkurn máta.

Félag kráareigenda hélt fund á sumardaginn fyrsta á Glaumbar. Ýmislegt er það sem þeir höfðu að ræða en eins og Fréttablaðið greindi nýverið frá í viðtali við **Kormák Geirharðsson** hafa þeir áhyggjur af því að borgaryfirvöld ætli sér að stytta opnunartíma. Hugsanlegt er að **Stefán Eiríksson** lögreglustjóri hafi fengið hiksta því hann er ekki efstur á vinsældalista verta en Stefán hefur sótt fast að borgaryfirvöldum þess efnis að þrengt verði að veitingarekstri í miðborginni.

- jbg

NÝ SENDING AF RÚMTEPPUM
VERÐ FRÁ 6.900 KR.
TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | WWW.TEKK.IS

Nýr skattur ógnar tónleikahaldi

Erlendir tónlistarmenn sem hingað koma fá borgað í erlendum myntum og því hefur fall krónunar haft mjög slæm áhrif á afkomumöguleika tónleikahaldara. Skatturinn leggur annan stein í götu þessarar viðkvæmu atvinnugreinar því nú þarf að borga fimmtán prósenta skatt af tekjum erlendra listamanna.

„Með þessu er verið að kippa fótunum undan mjög brothættum iðnaði því þessi skattur verður beinn aukakostnaður fyrir okkur," segir Guðbjartur Finnbjörnsson, sem flytur inn Paul Simon í sumar. „Það verður erfitt að halda þessu áfram. Menn þurfa að hugsa sig mjög vel um áður en tekin er ákvörðun og kannski verður ástandið aftur eins og það var. Kannski einir almennilegir tónleikar á svona tveggja ára fresti."

„Miðað við fallandi gengi krónunnar getur þessi skattur algjörlega drepið þetta," segir Björgvin Rúnarsson hjá 2BC, sem flytur inn Whitesnake í sumar. „Það er nú ekki eins og menn hafi verið að labba frá tónleikum með fulla ruslapoka af peningum svo það má hvergi út af bregða."

„Þetta kippir sæmilega í því nú bætist einfaldlega nýr og nokkuð stór kostnaðarliður við," segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Concert. James Blunt og Bob Dylan koma hingað á hans vegum í sumar. „Við settum lögfræðinga í að skoða það að fá undanþágu því okkur fannst að þetta hlyti að teljast tvísköttun. Listafólkið og umboðsfyrirtækin borga náttúrlega skatt af þeim greiðslum sem þau fá fyrir tónleika hér í sínu heimalandi. Lögfræðingarnir voru vongóðir í byrjun, enda vísað í það í upprunalega bréfinu frá skattinum að hægt væri að sækja um undanþágu vegna tvísköttunar, en nú skilst okkur að niðurstaðan sé sú að engar undanþágur sé hægt að fá og þetta er sem sagt að enda sem hreinn aukakostnaður fyrir okkur."

- glh

SKATTURINN SEILIST Í VASA DYLAN Eða öllu heldur tónleikahaldarans sem þarf að borga skattinum 15 prósent af upphæðinni sem Dylan fær fyrir að spila.

HONDA
The Power of Dreams

ELDHEIT

MÓTORHJÓLASÝNING

LAUGARDAG MILLI KL. 12:00 OG 16:00

Við fögnum eldheitu hjólasumri með stórglæsilegri sýningu á Honda mótorhjólum, þar sem sýnd verður öll mótorhjólalínan, götuhjól, torfæruhjól og fjórhjól.

Komdu og tryggðu þér hjól fyrir sumarið á verði sem þú finnur ekki annarsstaðar!

Hafðu samband við sölumann og fáðu sendan nýjan mótorhjólabækling eða náðu í hann á netinu á **www.honda.is**

HONDA Racing

Team Honda Racing verður á staðnum

15% afsláttur
af öllum auka- og varahlutum fyrir mótorhjól meðan á sýningu stendur.

PEPSI MAX

Kældu þig niður með ísköldu Pepsi Max.

HONDA

www.honda.is

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

UMBOÐSAÐILAR: Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

GULL BYLGJAN 909

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Bækur eru kækur

Skýrt var frá því í Morgunblaðinu á sjálfum Degi bókarinnar að bandarískur lýtalæknir hefði skrifað barnabók þar sem fjallað væri um breytingarnar sem verða á móður nokkurri eftir að hún bregður sér í lýtaaðgerð. Hún lætur dytta að nefinu á sér og strekkja á vömb. Svo sýna myndirnar að brjóst konunnar belgjast líka út en höfundur fer ekkert sérstaklega út í það. Illu heilli grunar mig að meiri þörf sé nú á bók lýtalæknisins en þá sem Norðurlandaráð taldi þarft að gefa út árið 1989 og heitir Mamma fer á þing og Steinunn Jóhannesdóttir skrifaði. Báðar bækurnar voru líkast til gefnar út til að undirbúa börnin fyrir þær þrautir sem lífið getur lagt fyrir þau.

EFLAUST á bókin um lýtaaðgerðirnar eftir að verða einhverjum krakkanum að liði og hann þá alltaf eftir að þakka henni hvað hann komst vel frá umbreytingunum á móður hans. Góðar barnabækur eru dýrmætar. Þær hafa mun sterkari áhrif á okkur en þær sem við lesum sem fullorðið fólk því þá dofnar venjulega hæfileikinn til að lifa sig inn í sögur og ævintýri. Sjálf man ég eftir því að hafa krossbrugðið sem krakka í hvert sinn sem ég sá sjálfa mig speglast í búðarglugga og áttaði mig á því að það var ekki örvamælirinn sem dinglaði á bakinu á mér heldur skólataskan. Eins og Ronja ræningjadóttir hafi þurft að ganga í skóla.

HÖFUNDUR þeirrar dásamlegu bókar, Astrid Lindgren, var eitt sinn spurð að því hver væri nú boðskapurinn í bókunum hennar. Það kom eflaust mörgum á óvart að hún kannaðist ekki við að hafa potað svoleiðis löguðu inn í bækurnar sínar. Aftur á móti vonaðist hún til þess að bækurnar hennar breiddu út umburðarlyndi gagnvart almennum aulahætti. Hún vonaðist sem sagt til að þegar við heyrðum af einhverjum/einhverri sem hefði algjörlega spilað út í vitleysisgangi þá myndum við bara segja: „Hann/Hún er nú ekki alslæm/ur.“

ÞESS vegna er einmitt ástæða til að ota sem mestu af vönduðum og góðum bókum að börnum. Þær allra bestu kenna þeim nefnilega ýmislegt alveg óvart þótt ekki hafi þær verið samdar með það að markmiði að lesa yfir hausamótunum á þeim, svo sem eins og að setja sig í spor annarra. Og þegar krakkarnir fullorðnast verða allar góðu bækurnar sem þeir lásu að flugbeittum örvum sem þeir geta reitt fram hvenær sem þeir þurfa. Gleðilegt sumar!

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 26. apríl, 117. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.16	13.25	21.37
Akureyri	4.50	13.10	21.33

Heimild: Almanak Háskólans

úti á túni

7.970,-

SANDIG sandkassadót íssett, 10 hlutir **395,-**

195,-/stk.
SOMMAR ískinnabakkar, ýmsir litir, H10 cm

SOMMAR karafla og glös, 5 hlutir, brúnt **1.890,-**

SOMMAR gervipottablóm, sólblóm, ýmsir litir H32 cm **995,-**

BOLLÖ línan, olíuborinn gegnheill akasíuviður, Fellistólar, sætishæð 46 cm **2.490,-/stk.** Felliborð L60xB60, H72 cm **2.990,-**

RÅSSÖN stólsessa, gult L99xB49 cm **995,-**

SOMMAR svuntur, ýmis mynstur **695,-/stk.**

SOMMAR kubbakerti, ýmsir litir **695,-/5 í pk.**

SOMMAR teppi, ýmsir litir, 100% pólýester B130xL170 cm **995,-/stk.**

SOMMAR lugt f/kubbakerti ýmsir litir B15xD15, H28 cm **695,-**

BOSÖ sólhlíf, grátt Ø300, H250 cm **3.490,-**



SKINA seríur, hangandi, 48 perur **2.990,-/stk.**

295,-/stk.
SÄRÖ sessa, ýmsir litir L34xB34 cm

SOMMAR strandpokar, ýmsir litir, B45xH45 cm **150,-/stk.**

SOMMAR bakkaborð ýmsir litir L58xB36 cm **895,-/stk.**

16.990,-/settið
TULLERÖ garðhúsgögn olíuborinn gegnheill akasíuviður
Borð L120xB71, H68 cm
Bekkur B111xD65, H86, sætishæð 41 cm
Stólar 2 stk. B62xD65, H86 cm, sætishæð 41 cm

SOMMAR sogrör, ýmsir litir L21 cm **195,-/200 í pk.**

FISKÖ standur f/sólhlíf, hvítt L39xB39 cm **1.190,-**

SOMMAR garðpokar, ýmsir litir Ø40, H40 cm **295,-/stk.**

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

195,-
IKEA FOOD

Kjúklingalæri
með kúskús, grilluðu grænmeti og BBQ jógúrtsósu

640,-
IKEA FOOD

IKEA®

Opið virka daga	10.00 - 20.00
Opið laugardaga	10.00 - 18.00
Opið sunnudaga	12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2008